



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

**Landamerkjabók Barðastrandarsýslu (frumrit)  
[1883-1960]**



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

[Registur ekki skrifað upp]

Séð 18. júlí 1951  
Þorlákur Jónsson

Séð 12/12 1938.  
Ingólfur Jónss[on]

Bók þessi, sem er 184 – eitt hundrað áttatíu og fjórar – blaðsíður að stærð, löggildist  
hjermeð til að vera  
Landamerkjabók fyrir Barðastrandarsýslu.

Amtmaðurinn í Suðr- og Vestur- amtinu  
Reykjavík

p.t. Patriksfirði 2. september 1888  
ETh.Jónassen



Nr 1.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hlaðseyrar í Rauðasandshrepp innan Barðastrandarsýslu

1, að utanverðu millum Hlaðseyrar og Raknadals eru landamerki í svonefndann Ljósastapa við sjóin og fra honum i beinnri stefnu upp núpinn, svo eptir kjölnum sem vötnum hallar að Hlaðseyri frameptir í svokallað Krossgil.

2, að innanverðu millum Vesturbotns og Hlaðseyrar eru landamerki í svo nefnda Seljadalsá, sem rennur til sjáfar fyrir innan Hlaðseyri og eptir henni upp svonefndan Seljadal og í svokallað ytri Krossgil og þaðan á brún sem vötnum hallar til Hlaðseyrar.

Jörðin á engin ítök í öðrum jörðum og aðrir engin ítök í henni.

Hlaðseyri í aprílmánuði 1883.

B. Pjetursson eigandi að jörðinni Hlaðseyri

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir.

Magnus Magnusson eigandi að jörðinni Raknadal.

Árni Jónsson vegna mín og annarra sameignarmanna að jörðinni Vestur Botni.

Lesið á manntalsþingi að Tungu í Ørlygshöfn 4 ágúst 1883.

(sjá afsals og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 87 bls 144.)



Nr 2.

Landamerkjaskrá jarðarinnar „Skápadals“ í Rauðasandshrepp innan Barðastrandarsýslu.

1, að innanverðu millum Skápadals og Vesturbotns landamerki: við sjóin í svonefnda ósá og eptir henni framm í svonefna Bárðargil og eptir því upp svonefndan Kleifadal í Kleifaá á brún og svo úteptir fjallinu í kringum Skápadal bak við Skápadalsgljúfur, sem vötnum hallar til Patreksfjarðar úteptir kjöl allt að landamerkjum jarðarinnar Hvalskers.

2, að utanverðu millum Skápadals og Hvalskers eru landamerki við sjóin í svonefnda Mikladalsá og eptir henni til fjalls á brún.

Jörðin Skapadalur á í öðrum jörðum engin ítök.

Skápadal í aprílmanaði 1883.

Sem eigandi að 4 hndr. að f.m í jörðinni Skápadal B. Jónsson.

Sem fjárhalds- og umráðamaður hinna ómynduga barna Pálls Kristjánssonar, Kristjáns Kristjánssonar og Guðrunar Kristjánsdóttur að 8 hndr. að f.m í ofanefndri jörð B. Pétursson.

Hinsvegar skrifuðum landamerkjum erum við undirritaðir samþykktir vegna mín og sem fullmektugur annara sameignarmanna minna á jörðinni Vesturbotni Á Jónsson.

Sem umráðamaður yfir jörðinni Hvalsker Jónas Bjarnason.

Lesið á manntalsþingi að Tungu í Ørlygshöfn 4 ágúst 1883  
(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 88 bls 145).



Nr 3

Landamerkjaskrá jarðarinnar Raknadals innan Rauðasandshrepp í Barðastrandarsýslu.

1, Að útanverðu eru landamerki millum Raknadals og Geírseyrar í svonefnt altirberg eður klettabeltið, sem liggur lengst niður í hlíðina fyrirútan svonefnda Grashryggi úr því beint niður á við til sjáfar og upp frá nefndu Altarisbergi á brún og svo eptir kjölnum fram hálsinn og fyrir Raknadalinn sem vötnum hallar að Raknadalslandi.

[2], Að innanverðu millum Raknadals og Hlaðseyrar eru landamerki niður við sjóin í svonefndan „Ljósatapa“ og ur honum í beina stefnu upp núpin á brún og svo fram eptir brúninni fyrir dalbotnin að landamerkjum Geírseyrar allt sem vötnum hallar að Raknadalslandi.

Aðrar jarðir eiga eingin ítök í Raknadalslandi og Raknadalur engin ítök í öðrum jörðum.

Raknadal í apríl mánuði 1883.

Magnus Magnússon.

Hinsvegar skrifuðum landamerkjum erum við samþykktir.

Eigandi að jörðinni Hlaðseyri B. Pjetursson.

Eigandi að jörðinni Geírseyri M Snæbjörnsson.

Lesið á manntalsþingi að Tungu í Ørlygshöfn 4 ágúst 1883

[(sj)á afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub. Nr 89 bls 145-46)



Nr 4.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Tinda í Geiradalshreppi innan Barðastrandarsýslu.

1, Að framan og ofanverðu á hálsinum eru landamerki við HrafnGil og framanvert við Selflóa á jörðin Gautsdalur land að framanverðu ofaní brúnina vestanvert við Øngulgil.

2, að innanverðu eru landamerki milli Tinda og Ingunnarstaða bein sjónhending af brúninni heimanvert við Øngulgil í miðja Nikurborg og úr Nikurborg aptur í svonefnda Kerlingu, úr Kerlingu sjónhending í svonefnt Stráksleiði neðst á bökkunum.

3, að framanverðu eru landamerki milli Tinda og jarðarinnar Kletts, úr ofangreindu Hrafnagili eptir neðri brún á Rjúpnahjalla, á brúnina framanvert við Merkjalág, þaraf brúninni sjónhending í merkjahnausa á börðunum fyrir neðan myrarnar, þaðan beint í ofanvert Klettabelti innanvert við Klettsgil, síðan sjónhending, sem klettabeltið segir innanvert í Hestholma.

4. Til sjóar eru merki eins og lög ákveða.

Engin ítök eiga Tindar í öðrum jörðum nje heldur aðrar jarðir í Tindum.

Tindum 14 maí 1884.

Einar Jochumsson, eigandi og ábúandi.

Þessum landamerkjum samþykkir:

Jóhannes Jónsson, eigandi Gautsdals.

Olafur Olafsson, umráðamaður Ingunnarstaða.

Einar Jónsson, ábúandi á Klett.

Lesið á manntalsþingi að Garpsdal í Geirdalshreppi 19 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 95 bls 148-49).



Nr 5.

Landamerki fyrir jörðunni Ingunnarstöðum í Geiradalshreppi.

Að utanverðu eru landamerki úr Stráksleiði beina sjónhending í Kerling[u] en úr Kerlingu beina sjónhending í Klaufina á Nikurborg, þaðan á botninn á Øngulgili. Að framanverðu eru landamerki úr miðri Djúpagröf beina sjónhending í Hnúkana og þaðan í Klaufina á Nikurborg. Að neðanverðu ræður Geiradalsá og Gautsdalsá fram í Djúpagröf. Landamerki til sjóar eru eins og lög ákveða.

Garpsdal 19 maí 1884

Samþikkur Einar Jokhumsson, eigandi Tinda.

Samþykkur Johannes Jonsson, eigandi Gautsdals.

Lesið á manntalsþingi að Garpsdal í Geiradalshreppi 19 maí 1884

(Sjá afsals- og veðbrjefabok Ltr F sub Nr 46 bls 149-50).



Nr 6.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Gautsdal í Geiradalshreppi.

Gautsdalsá ræður merkjum frá neðra horni Djúpagrófar norður á svonefnda norður á svonefnda Þroskulda eptir því sem vötnum hallar að vestanverðu í svonefnt Hrafngil og þaðan sjónhending í svonefnt Øngulgil, svo ofan eptir Øngulgili til þess kemur ofan á börðin fyrir ofan jarðarinnar í Ingunnarstaðalandi, svo eptir borðinu fram í neðra horn Djúpagrafar og svo í Gautsdalsá. Engin ítök á Gautsdalur í aðrar jarðir nje heldur aðrar jarðir í Gautsdal.

Gautsdal 14 maí 18884.

Jóhannes Jónsson (eigandi jarðarinnar Gautsdals)

Samþykkir þessum merkjum eru

Olafur Olafsson, umráðamaður Ingunnarstaða.

Olafur Eggertsson, eigari Valshamars.

Lesið á manntalsþingi að Garpsdal í Geiradalshreppi 19 maí 1884.

(síá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 97 bls 150).





Nr 7.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Valshamri í Geiradal innan Barðastrandarsýslu.

1. Að norðanverðu eru landamerki að læk þeim norður á heiði, er rennur úr vestara Miðheiðarvatni og yfir í Miðheiðarvatn austara og úr Miðju Miðheiðarvatni beina línu austur í mitt Þaravatn.

2. Að innanverðu ræður Bakkaá sem myndast úr áðurnefndu Þaravatni, úr því ræður hún niður Bakkadal, þartil hún rennur í Geiradalsá.

3. Að útanverðu frá fyrnefndu vestara Miðheiðarvatni miðju, beina línu vestur á Miðja Prepskjölda milli dalanna Arnköttludals og Gautsdals og svo niður sem vötnum hallar, þartil Gautsdalsá myndast, svo ræður hún ofan Gautsdal þar til hún rennur í Geiradalsá. Aðrar jarðir eiga engin ítök í Valshamarslandi og Valshamar engin ítök í öðrum jörðum.

Valshamri 14 maí 1884.

Eigari og ábúandi Olafur Eggertsson.

Samþikkur landamerkjum milli Valshamars og ~~Bakka~~ Gautsdals  
~~Olafur Olafsson~~ Jóhannes Jónsson, eygari að 5/6 pörtum Gautsdals.

Samþykkur landamerkjum milli Valshamars og Bakka  
Olafur Olafsson, umráðamaður Bakka.

Samþikkur landamerkjum Valshamars að norðanverðu  
Halldór Jónsson, umráðamaður Tröllatungu.

Lesið á manntalsþingi að Garpsdal í Geiradalshreppi 19 maí 1884.

(sjá afsals og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 98 bls 151).



Nr 8.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Króksfjarðarnesi í Geiradalshreppi.

1. Að innanverðu ræður landamerkjum Marklækur í Fannskarð úr Fannskarði þvert í gjá vestanvert í Neshyrnu, þaðan sjónhending framanvert við Röngugotu og í sjó fram.

2. til sjóar í Króksfjarðarnes öll þar kringumliggjandi skér og eyjar og svo langt í sjó fram, sem lög ákveða.

3. Engin ítök á Króksfjarðarnes í aðrar jarðir, ekki heldur aðrar jarðir í Króksfjarðarnes.

Króksfjarðarnesi 14 maí 1884,

Einar Jókhúmsson, ábúandi.

Þessum landamerkjum samþykkir

Bjarni Bjarnason, eigandi og ábúand á Gróustöðum.

Eyjólfur Bjarnason, eigandi og ábúandi á Svarfhóli.

Lesið á manntalsþingi að Garpsdal í Geiradalshreppi 19 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 99 bls 151-52).



Landamerki fyrir jörðinni Gróustöðum í Geiradalshreppi.

Að utanverðu ræður landamerkjum frá sjó Marklækur í gegnum Fannskarð beint upp á Neshyrnu. Á fjallinu eru landamerki úr Fannskarðslágum beint í norðurenda á Húsmæni norður á Bakkasnjófjöll og þaðan austur undir Garpsdalsnjófjöll að upptökum Gróustaðaár. Að innanverðu ræður Gróustaðaá landamerkjum til sjóar.

Gróustöðum 8 maí 1884.

Bjarni Bjarnason.

Samþykkur landamerkjum milli Garpsdals og Gróustaða Olafur Olafsson.

Einar Johumsson ábúandi á Króksfjarðarnesi samþykkur.

Lesið á manntalsþingi að Garpsdal í Geiradalshreppi 19 maí 1884  
(sjá afsals- og veðbrjefabok Ltr F sub Nr 100 bls. 152).



Nr 10

Landamerki fyrir jörðina Garpsdal í Geiradalshreppi.

Að utanverðu ræður landamerkjum Gróustaðaá frá sjó norður undir Garpsdalssnjófjöll norður með Garpsdalssnjófjöllum á Bakkasnjófjöll.

Að norðanverðu eru landamerki frá Bakkasnjófjöllum norður í Heiðabæarhraun og þaðan austur á hrygginn milli Hraundals og Múlaranghala.

Að innanverðu eru landamerki eins og vötnum hallar ofan lágina ofan undir Múlaranghala og þaðan Múlaá eptir Múlaranghala niður í Garpsdalsvatn eptir gömlum farveg, sem liggur um Seleyrar, neðan til með gömlum hraunhól, sem er Garpsdalsmegin; þá ræður Múlaá úr Garpsdalsvatni til sjóar. Undir jörðina liggur Garpsdalsey með tilheyrandi hólum: Eyjarbarni, Klakki og Nónflögu. Itök kirkjunnar eru: Hrísrif í Borgarskógi, mósukurður á Röngugröfum í Svarfshólslandi og 12 manna íför í Saurbæarfjöru, en aðrar jarðir eiga engin ítök í Garpsdal.

Garpsdal 15 maí 1884.

Olafur Olafsson, sóknarprestur

Samþykkir þessum landamerkjum:

Eyjólfur Bjarnason eigandi og ábúandi Gilsfjarðarmúla.

Bjarni Bjarnason eigandi og ábúandi Gróustaða.

Lesið á manntalsþingi að Garpsdal í Geiradalshreppi 19 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 101 bls 152-53).



Nr 11.

Landamerkjaskrá fyrir Kinnastöðum.

1. Milli Kinnastaða og Skóga í læk, sem rennur norðanvert við svokallaða Mjóueyri og eptir honum uppyfir Flataskógina, síðan þar sem þessi lækur beigist norðan frá þá beina sjónhending uppi brendatjörn, þaðan aptur beina sjónhending upp yfir landamerkja Myri norðanvert við holtenda í lítinn lækjarskurð er liggur úr myrarsundi því sem síðsta tjörninn er í og þaðan enn þá beina sjónhending í stóran stein sem kallaður er Grettirstak, svo frá Grettirstaki norður eptir hálsbrúninni í svokallaða dagmálahamra og það á utanverðan harðnip, svo þaðan í gjárlág svokallaða undan Vaðalfjallaskarði.

2. Milli Kinnastaða og Berufjarðar frá áðurnefndu skarði vestanvert Vaðalfjalla beina sjónhending í fremmra Vörðuholt og þaðan beina sjónhending í deildargilsgljúfur, svo frá deildargili neðanvert við áður nefnt gljúfur beina sjónhending úti Kinnastaðaá.

3. Milli Kinnastaða og Hofstaða eptir áður nefndri Kinnastaðaá til sjóar og það yfir miðjan Þorskafjörð inn eptir honum miðjum eptir áður nefndann læk innannvert mjóueyrar.

4. Kinnarstaðir eiga ekkert ítak í annara lönd og önnur lönd ekki í Kinnastaðaland.

Kinnastöðum 5<sup>ta</sup> Maí 1884,

í umboði eiganda Jón Hákonarson.

Ofanskrifað landamerki samþikur fyrir Berufjörð Stefán Jónsson.

I umboði kaupmanns Magnúsar Jochumssonar eiganda jarðarinnar Skóga undirskrifar Pjetur Gestsson.

í umboði eigand firir Hofstöðum Magnus Björnsson.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 113 bls 165-16).



Nr 12

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hofstöðum.

1. Millum Hofstaða og Hlíðar úr svonefndu tjaldskjeri, sem er fremsta skjer um flóð bein sjónhending í svonefnt Markholt, þaðan sjónhending í svonefnt Hlaðgeirarbrúnarhorn, þaðan í svonefnda Skjelborg úr þessu merki bein sjónhending í svonefndan Sveinaklett.

2. Millum Hofstaða og Berufjarðar eru landamerki Ur Sveinaklett bein sjónhending og í hæðstan Hofstaðabruna, þaðan sjónhending í hæðsta svokallaða Búngu, þaðan beint til Kinnastaðar eptir sömu sjónhending.

3. Milli Hofstaða og Kinnastaða eru landamerki eptir því, sem síðasta sjónhending um getur og það eptir því sem áinn ræður ofan til sjóar innan til við svokallaðan Hesthólma.

4. Aðrar jarðir eiga ekkert ítak í Hofstaðaland og Hofstaðir ekki í annara lönd.

Hofstöðum 5<sup>ta</sup> Maí 1884.

í umboði eiganda Magnus Björnsson.

ofanskrifuð landamerki er eg samþikkur fyrir Berufjörð Stefán Jónsson.

fyrir hönd Jarðareigandi í Hlíð Daníel Daníelsson.

fyrir hönd Jarðareiganda á Kinnastöðum Jón Hákonarson.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 114 bls 166).



Nr 13.

Landamerkjaskrá fyrir kirkjujörðinni Hamarlandi í Reykhólahreppi innan Barðastrandarsýslu.

1. Að innanverðu eru landamerki milli Hamarlands og Miðjanes frá svokallaðri miðgötulág uppí fjalli milli Staðardals og Miðjanesdals heim hæðsta eggjar eptir því sem vötnum hallar milli Hamarlandsdals og Miðjanesdals heim á fjallsbrún og þaðan ofan hlíð beint á Markholt sem kallað er og er rjett fyrir neðan ferðamannagötu og þaðan ofan klettarana sem liggur ofan undir sjóarsyki, sem þaðan liggja sunnanvert undan Markholtarananum og fram þau siki fram fjörur fyrir vestan svokallaða Leyrey og beint fram fjörur fram í vík sem liggur vestanvert við svokallaðan Kópaflögur og það til sjóar sem lög ákveða.

2. Að utanverðu frá áðurgreindum takmörkum á fjalli uppi eru landamerki frá nefndri Miðgötulág milli Staðardalls og Miðjanesdals heim eggjar milli Hamarlandsdals og Staðardals heim á fjallsbrún í svonefnda Miðgjá milli Staðar og Hamarlands, og það beint ofan hlíð að stórum steini, sem stend rjett fyrir neðan ferðamannagötu og þaðan beina sjónhending ofan í vörðubrot, sem stendur neðanvert við flóann, á littlu holti og þaðan aptur beina sjónhending frá því vörðubroti til sjóar í suðurenda á svokallaðri Þorsteinsey og þaðan fram í sund, sem liggur fyrir framan nefnda Þorsteinsey og þaðan suður fyrir framan skérin sem liggja fyrir austan svokallaðan Búnkaklettsflögur suður á vík sem lög ákveða.

Aðrar jarðir eiga engin ítök í Hamarlandslandi og Hamarland engin ítök í öðrum jörðum. Framanskriðuðum landamerkjum erum við samþykkir.

Stað dag 17<sup>d</sup> Maí 1884.

Olafur E Johnsen, prest.

Jón Runólfsson, ábúandi á Hamarlandi.

Guðmundur Pétursson ábúandi á Miðjanesi sem fullmektugi umráðamanns sra Sigurðar Jenssonar á Flatey.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 115 bls 166-67).



Nr 14

Landamerkjaskrá kirkjujarðarinnar Miðjaness í Reykhólahreppi innan Barðastrandarsýslu.

Að utanverðu milli Miðjaness og Hamarlands eru landamerki beint af fjallsbrún ofan hlíð að Markholti, sem er fyrir neðan ferðamannagötu, og þaðan ofan Markholtið frá ferðamannagötu ofan klettarana, sem liggur fyrir ofan sýki, sem ganga upp undir Markholtið sunnanvert. Þaðan úr þeim sýkjum fram fjörur fyrir vestan svokallaða Leyrey og beint fram fjörur fram í vík, sem liggur vestanvert við svokallaðar Kópaflogur fram á sjó, sem lög ákveða. Að ofanverðu til fjalls eru landamerki milli Hamarlandsdals og Miðjanessdals ofanefndra jarða frá fjallsbrún fram eggjar, sem liggja fyrst milli Hamarlandsdals og Miðjanessdals og síðan framhald þeirra milli Staðardals og Miðjanessdals fram að svokallaðri Nónborg, sem er fyrir Miðjanessdalsbotni.

Þaðan liggja landamerki milli Skerðingstaða og Miðjaness til suðurs heim hæðstu eggjar milli Heyárdals og Miðjanessdals heim á brún ofan í Einirberjaklett. Úr miðjum Einirberjaklett ræður sjónhending ofan hlíð í stein neðan til við ferðamannagötu og þaðan bein sjónhending í vörðubrot á hæðsta holti sunnanvert á svonefndum Lambatanga; þaðan sjónhending í sund á milli svokallaðra Landamerkjaboða, svo þaðan út vík fyrir sunnan sker það sem nefnt er Svunta og á sjó fram. Aðrar jarðir eiga engin ítök í Miðjanesslandi og Miðjaness engin ítök í öðrum jörðum.

Flatey 9 maí 1884.

Sigurður Jensson, umráðamaður jarðarinnar Miðjaness.

Framanskriðuðum landamerkjum erum við samþykkir.

Stað dag 19 Maí 1884.

Olafur Johnsen, prestur sem umráðamaður Hamarlands.

Miðjaness 19 Maí 1884.

Guðmundur Pétursson abúandi

Jón Jónsson, bóndi á Skerðingstöðum

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 116 bls 167-68).





Nr 15.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skjerðingstaði á Reykjanesi.

Fyrst bein sjónhending úr svokölluðum Einirberjaklett efst í fjallshlíðini millum Skjerðingstaða og Miðjanes niður Mýrarnar að vörðu á siðri enda á svokölluðum Lambatánga niður við sjóin þaðan beina sjónhending í sunnið mitt á millum svokallaðra landamerkjaboða og það á sjó út óskekta sjónhending að þeirri merkjalínu, sem um er talað í landamerkjaskrá fyrir jörðini Höllustöðum af 18 Febr. sama ár og uppeptir henni mitt á millum æðarflögu og Svarbakaskerja og þaðan upp miðjan heyárvog uppi heyár gamla farveg og uppeptir honum á millum Höllustaða og uppnefndra Skjerðingstaða og það uppá fjall sem áin ræður austnorður að þeirri landamerkjalinu, sem um er talað í hjer að framan áminstri landamerkjaskrá fyrir Reykhólum á fjallinu uppi og eptir heni norður á fjall sem vötnum hallar og þaðan vestur eptir hæðsta hreggjum norðari brúnar heyárdals og það suðvestur fjallsbrúnina ofaná kletta millum Miðjanes og Skjerðingstaða og þaðan ofan fjallið ofan á fyrst áminstan Einirberjaklett. Alt það sem er innan þessara hjer að framan áminstra ummerkja telja eigendur og umboðsmenn Skjerðingstaða skýlausa eign strax nefndrar jarðar með öllum þeim gjæðum til lands og sjáfar hverju nafni sem nefnist og óska því hjermeð að allir þeir sem lönd eiga eða umboð hafa yfir jörðum þeim er liggja á mots við nynefnda jörðu Skjerðingstaði mættu þóknast að rita hjeruppá nöfn sín. Enn ef einhver mót von telji sjer meir eður minna til lands eður sjáfar sem er innan nefndra ummerkja og þessvegna ekki vilji rita hjer undir nöfn sín þá verða þeir að sína oss órræk skilríki fyrir sínum meinta rjetti eður hitt anað að þeir verða að vina það undan Skjerðingstöðum með fimtardómsmáli.

Skjerðingstöðum þan 21 Marz 1884.

Fyrir hönd eigandanna Guðrún Jónsdóttir og hennar umboðsmaður Jón Jónsson, ábúandi Skerðingstaða.

Hinsvegar skrifuðum landamerkjum er eg samþykkur.

Sigurður Jensson, umráðamaður kirkjujarðarinnar Miðjaness.

Sem eigandi og umboðsmaður Reykhóla og Höllustaða er jeg samþikkur framanskrifaðri landamerkjaskrá Skerðingstaða Bjarni Þórðarson.

Lesið á manntals-þingi að Berufirði 20 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 117 bls 168-69).



Nr 16

Landamerkjaskrá fyrir landeign Miðhúsa á Reykjanesi.

Úr svonefndu skálarhöfði sem er í fjallsbrúninni fyrir innan Miðhúsaáhyrnu eptir fjallshriggnum hæstum í vestur á móts við Sljettaberg, þaðan beint í Sljettabergsgjá, úr henni bein sjónhending ofan í Grænklett, sem kallaður er og sem er vestanverdt við miðhúsavogsbotn, þaðan bein sjónhending í vog þann, sem er millum litlu geldingseyar að austan og stóru Geldingseyar að vestan úr þessum vog beint suður á midt sundið, sem er á millum Háeyaskerja og Borðeyaskerja og so inn á midt breiðasund sem er á milli Reykhólaeyra og Miðhúsaeyra og eptir miðju Breiðasandi suður á fjörð miðja vegu milli Kolleya og Hnífskers, þaðan beina stefnu í austur midt á milli Svörtuskerja og króksfjarðarnesseyra og síðan frá þeirri stefnu í norður midt á millum kópaskers sem er fyrir austan Hríthólma og Borgarskerja, ennfremur í norður midt á millum Hríseyar og Bjartmarssténs sem er ytstur af Borgarlandi, þaðan eptir miðju so nefndu Hríseyardjúpi, miðja vega milli Hafrafellsskerja og Miðhúsaeyaskerja og miðja vega milli Hrafnaness og Barmalanda, þaðan í vestur eptir miðjum Barmaál midt á millum pundskers og blikhólma hleina og þaðan eptir miðjum álnum útá móts við vökugröf og upp eptir vökugrafarlæk og þaðan ræður bein sjónhending í Skál í fjallsbrúninni, sem upphaflega er nefd og skálarhöfuð innan hértaldra landamerkja lýsi eg hermeð Miðhúsaland að vera.

Myrartungu þann 10<sup>da</sup> Mai 1884.

Eigari og ábúandi að nokkru af Miðhúsum Páll Ingimundarson.

Eigari að nokkru af Miðhúsum Jón Pálsson.

Sem eigandi og umboðsmaður jarðanna Reykhóla og Borgar er eg samþikkur framanskriafaðri landamerkjaskrá Miðhúsa Bjarni Þórðarson.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 118 bls 169-70).



Nr 17.

Landamerkjaskrá fyrir landeign Mýratúngu í Reykhólahreppi.

Mýratúnga á land eptir óátalinni lögfestu og brúkun ábúendi solengi sem menn muna sem hjer greinir: I miðja geitará þar sem hún fellur í Laxá uppeptir miðjum geitarárfarveg upp hjá Geitarfelli og fram á fjall í so nefnd Geitarárvötn þaðan eptir hæðstum fjallhriggnum í so nefnt Hólmavatn, þaðan bein sjónhending í sokölluð Rimarvötn, úr kvörjum að bæará rennur og eptir miðri þeirri á ofan bæardal og heim þann dal eptir ánni til sjáfar líka tilheirir Mýratúngu fjaran framm undan Mýratúngulandi, sem til sjáfar liggur, það er geiri milli Bæar og Borgarlandeigna so langt sem fjarar og er stefnan úr miðjum Bæarárósi fyrir vestan Bæareyar framm midt á milli þeirra og kötluskers so kallaðs (sem er arðlaust flæðisker) sem er í Myratungulandi og fyrir vestan það skér miðjá vega og millum Borgarskerja sem eru austur af Hádeigisskeri sokölluðu, þaðan beint í miðjan Laxárós og eptir miðri Laxá upp þángað sem geitará rennur í hana so eptir miðri Geitará eins og upphaflega greinir.

Myratungu þann 10<sup>da</sup> Maí 1884.

ábúandi og eigari að nokkru Páll Ingimundarson.

eigari að nokkru af Mýratungu Jón Pálsson.

ábúandi á Gillastöðum undirskrifar sem samþikkur framanrituðu Bjarni Sakkariásson, umboðsmaður eigandans.

Sem eigandi og umboðsmaður Borgar er eg samþikkur framanskriafaðri landamerkjaskra Myrartungu. Bjarni Þórðarson.

I umboði eiganda jarðarinnar Bæjar, Kaupmanns Magnúsar Jóchumssonar samþikki eg framanskriфуð landamerki landamerki. Pjetur Gestsson.

Samþykkir sem eigandi að Hafrafelli Gísli Gestsson.

Lesið að manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 119 bls 170-71).



Nr 18

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hirningstaða í Reykhólahrepp innan Barðastrandarsýslu.

1. Að utanverðu eru landamerki millum Hirningstaða og Reykhóla niður við sjó í svonefndan innri Þúfnalæk og upp eptir læknum svo langt sem hann nær upp í fjallið, þar sem aðallækurinn (innri Þúfnalækur) endar, sjest að eins lítil Lækjarspræna, sem hefur upptök sín töluvert hærra í fjallinu, hún rennur að öðru hvorju undir jarðhuldum niður í innri Þúfnalæk og er hún frá upptökum sínum og niður í aðallækinn landamerki millum tjeðra jarða. Þaðan frá eru landamerki millum Hirningstaða og Reykhóla bein sjónhending í svonefnt Rjúpnafell svo langt uppá fjallið sem vötnum hallar.

2. Fra síðast nefndum takmörkum eru landamerki millum Hirningstaða og Hlíðar, eptir því sem vötnum hallar til beggja handa, norðar eptir fjallinu í svonefnda Sátu, úr Sátu bein sjónhending yfir Steindórslæg í svonefnda Skjelborg.

3. Að innanverðu eru landamerki millum Hirningstaða og Berufjarðar í svonefndann Sveinaklett (sem er uppá Hofstaðahálsi) úr Sveinakletti beina sjónhending niður í austari þúfuna, sem er í svonefndri Loptsbrekku, þaðan í beina stefnu í klöpp sem er niður við sjóinn innantil við svonefnda Hákonarvík.

Aðrar jarðir eiga eingin ítök í Hirningsstaðalandi og Hirningsstaðir eingin ítök í öðrum jörðum.

Samkvæmt þartil gefinni fullmakt frá eiganda jarðarinnar Hirningasstaða herra Olafi Teitssyni á Sviðnum hefur undirskrifaður samið framanskriafaða Landamerkjaskrá.

Hríshóli 6 Maí 1884.

Pjetur Gestsson.

Framanskriфуðum landamerkjum erum við samþykkir.

Stefán Jónsson eigandi og umráðamaður jarðarinnar Berufjarðar

Sem eigandi og umrboðsmaður Reykhóla er eg samþykkur framanskriafaðri landamerkjaskrá. Bjarni Þórðarson.

Jósias Fr. Bjarnason. Framanskriфуðum landamerkjum er j[e]g fyrir hönd eygandans Kristjáns Jónssonar í Hergilsey samþykkur.

I umboði eiganda jarðarinnar Hlíðar Snæbjörn Kristjánsson.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 120 bls 171-72).



Nr 19

Landamerkjaskrá fyrir Berufirði í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu:

1. Milli Berufjarðar og Hirningsstaða eru merki þessi: úr klöpp við sjóinn austanvert við Hákonarvík beint í þúfu er stendur á neðanverðri svokallaðri Loptsbrekku þaðan bein sjónhending í svonefndan Sveinaklett.

2 Landamerki milli Berufjarðar og Hofstaða, úr Sveinaklett bein sjónhending og í hæðstan Hofstaðabrúna, þaðan sjónhending og í hæðsta svokallaða búngu þaðan beint til Kinnastaðaár eptir sömu sjónhending.

3. Landamerki milli Berufjarðar og Kinnastaða bein sjónhending úr hæðstu búngu í Deildargilsgljúfur, þaðan sjónhending í svokölluð Vörðuholt vestanvert við Seljasund og eptir þeim holtum sjónhending í vestanvert Vaðalfjöll.

4. Landamerki milli Berufjarðar og ~~Kinnastaða~~ Skóga Úr Vaðalfjöllum norðanverðann sem vötnum hallar og suður í hæðst Skaldstaða sandfell.

5. Landamerki milli Berufjarðar og Skáldstaða eru þessi, Eptir því sem Skáldstaðalækur ræður frá sjó og það fram undir svokallaða Þrætumýri eptir því holti, er liggur sunnanvert við Þrætumýri fram að Vörðu er þar stendur, þaðan sem vörður ráða í svokallaðan Selbreiðahrigg í Vörðu er þar stendur, þaðan sjónhending sem vörður ráða í Stórabúrfell, þaðan í Skáldstaða Sandfell hæðst.

Aðrar jarðir eiga ekkert ítak í Berufjarðarland og Berufjörður ekkert í annara lönd.

Berufirði 25 apríl 1884.

Stefán Jónsson, eigandi og umráðamaður.

ofanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir

í umboði eiganda Hirningsstaða undirskrifar Pjetur Gestsson.

í umboði Eiganda Kinnastaða Jón Hákonarson.

í umboði Eiganda Hofstaða Magnús Björnsson.

í umboði eiganda jarðarinnar Skóga undirskrifar Pjetur Gestsson.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 121 bls 172-173).



Nr 20

Landamerkjaskrá fyrir Skáldstöðum í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu.

1. Milli Skáldstaða og Hríshóls eru þessi merki: Úr svokölluðum Drifklett við sjó bein sjónhending í Merkishamra, þaðan sjónhending í svokallaðan Steinbogaklett, er stendur í vestanverðum laungu brekkum, þaðan eptir hæðstum Hríshólshálsi í Stóruhæð þaðan sjónhending í vörðu sunnanvert við Skáldstaðaflóa, úr þessari vörðu bein sjónhending í hæðstan svokallaðan hesthól, þaðan sjónhending í kletthamar sunnanvert við Sandadals þröskuld, þaðan í vestanverðar Skiptitjarnir þaðan til Músará.

2. Milli Skáldstaða og Berufjarðar eru landamerki þessi Eptir því sem Skáldstaðalækur ræður frá sjó og það fram undir svokallaða Þrætumýri og eptir því holti er liggur sunnanvert við Þrætumýri að vörðu er þar stendur, þaðan sem vörður ráða í svokallaðan Selbreiðahrigg í vörðu er þar stendur, þaðan sem vörður ráða í Stórabúrfell, þaðan í Skáldstaða sandfell hæðst.

3. Landamerki milli Skáldstaða og Skóga eru af hæðstu Skáldstaðas andfelli, eptir hrigg sem frá því liggur austur að Músará. Aðrar jarðir eiga ekkert ítak í Skáldstaðaland og Skáldstaðir ekkert ítak í öðrum jörðum.

Berufyrði 25<sup>ta</sup> Apríl 1884

Stefán Jónsson eigandi og umráðamaður.

Hinsvegar skrifuðum landamerkjum er eg samþikkur.

Þjetur Gestsson eigandi að jörðinni Hríshól og umráðamaður yfir jörðinni Skógum.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 122 bls 173-174).



Nr 21.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hríshóls í Reykhólahreppi innan Barðastrandarsýslu.

1. Að vestanverðu eru landamerki millum Hríshóls og Skáldstaða í svonefndann drifklett niður við sjó, þaðan beint uppí svonefnda Merkishamra, þaðan beint í klettahrigg sem liggur upp á hálsinn á svokallaða Stórahæð, þaðan beint í gamla Landamerkjavörðu, sem er sunnanvert við svokallaðann Skáldstaðaflóa, þaðan beina sjónhending í svonefnda Hesthóla, þaðan beina sjónhending í svonefndann landamerkjaklett, sem er sunnanverdt við Sauðadalsþröskulda, þaðan beint í norðaustur að Músará enn norðvestanvert við svonefndar Skiptitjarnir.

2. Að norðanverðu millum Hríshóls og Skóga er Músará landamerki, þaðan norður eptir fjallinu millum Hríshóls og Kollabúða er Músará einnig landamerki svo langt norður sem vötnum að hallar.

3 Að sunnanverðu millum Hríshóls og Hafrafells eru landamerki niður við sjóinn í svonefnt Votaberg, þaðan beina sjónhending ifir Vatnshrigg í svonefnda Kjetilbjarnarrúst, frá Kjetilbjarnarrúst beint eptir sömu sjónhending að svonefndum Grafalæk þaðan frá er Grafalækur landamerki millum Hríshóls og Hafrafells niður í Laxá.

4, Millum Hríshóls og Klukkufells eru landamerki í Laxá.

5, Landamerki millum Hríshóls og Munaðstúngu eru í Naðardalsá þaðan frá sem hún fellur í Laxá og norður á fjall að svonefndum Þvertúngum, þaðan beina sjónhending í svonefndann Klifbera (enn Klifberi er lítill einstakur kletthriggur norðanvert við svonefnt Hnausagil) og úr honum í beina stefnu á sunnanverða svonefnda Skaflakinn og úr henni í beina stefnu svolángt norður á fjallið sem vötnum að hallar.

Aðrar jarðir eiga eingin ítök í Hríshólslandi og Hríshóll eingin ítök í öðrum jörðum.

Hríshóli 25 Apríl 1884

Pjetur Gestsson, eigandi að jörðinni Hríshól.

Hinsvegar skrifuðum landamerkjum erum við samþykkir

Stefán Jónsson, eigandi og umráðamaður Skáldstaða

Að framanskriðuðum landamerkjum er jeg samþikkur Munaðstúngu eiganda vegna Jón Finnsson

Jón Gestsson eigandi að jörðinni Klukkufelli.

Gísli Gestsson eigandi að Hafrafelli.

Vegna eiganda jarðarinnar Kollabúðum undirskrifar Jóhann Guðmundsson, bóndi á Kollabúðum.

Lesið á manntasþingi að Berufirði 20 maí 1884.

(sjá afsals og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 123 bls 174-75).



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS





Nr 22

Landamerkjaskrá jarðarinnar Munaðstúngu í Reykholasveit innann Barðastrandarsýslu.

1, Að sunnanverðu Laxá, það er frá því sem Naðalsá rennur í Laxa og skilur hún alt af landamerki milli Munaðstungu og Klukkufells norður í Laxárdal að svonefndum Kambstungum, þaðan eru landamerki beint í svonefndan Laxárkamb vestanverðan, þaðan beint norður eptir Kambinum og þaðan sem Kambur endar beint í sömu stefnu norðan á fjall svo langt sem vötnum að hallar.

2. Milli Munaðstúngu og Hríshóls er Naðalsá, þaðan frá er hún fellur í Laxá og skilur hún lönd alt norður á fjall að svonefndum Þvertúngum þaðan sjónhending í svonefndan Klifbera (enn klifberi er lítill einstakur kletthriggur norðanvert við svonefnt hnausagil) og úr honum í beina stefnu á sunnanverða svonefnda Skaflakinn og úr henni í beina stefnu svo langt norður á fjall sem vötnum hallar. Aðrar jarðir eiga eingin ítök í Munaðstungulandi og Munaðstunga ekki heldur í öðrum jörðum.

I umboði jarðareigandans ekkjunnar Ragnheiðar Gísladóttur á Bæ á Rauðasandi Jón Finnsson.

Hjöllum við Þorskafjörð hinn 3 Maí 1884.

Framanskriðuðum landamerkjum erum við samþykkir

Þjetur Gestsson eigandi að jörðinni Hríshól.

Jón Gestsson eigandi að jörðinni Klukkufelli

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884.

(sjá afsals- og verðbrjefabok Ltr F sub Nr 124 bls 175-76).



Nr 23.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Klukkufells í Reykhólahreppi innan Barðastrandarsýslu.

1. Að vestanverðu eru landamerki millum Klukkufells og Hríshóls í Laxa, sömuleiðis eru landamerki millum Klukkufells og Hafrafells í Laxá.

2. Að norðvestanverðu eru landamerki millum Klukkufells og Munaðstúnga í Laxa þaðan fra sem Laxá kemur saman við Naðardalsá og skilur hún altaf tjeð land norður í fjall að svonefndum Kambstungum þaðan eru landamerki beint í svonefndan Laxárkamb vestanverðan þaðan beint norður eptir kambinum og þaðan sem kamburinn endar beint í sömu stefnu norðan á fjall svo langt sem vötnum að hallar þaðan eru landamerki þvert yfir fjallið suður á Laxárdalsheiðarveg á svonefndri miðheiðarborg.

3. Að sunnanverðu eru landamerki millum Klukkufells og Gillastaða frá miðheiðarborg eptir Laxárdals heiðarveigi niður að svonefndri heiðarbúngu, þaðan beint niður í svonefndan Hjarðardal ifir efri þunareitinn sem er neðanvert í dalnum, þaðan beint eptir sömu stefnu ifir svonefndar Þuragisflatir sunnanverðar síðan eptir hrignum firir sunnan Grásteinsfell og nokkru neðar sunnanvert við svonefndann Berjadal, þetta alt eptir beinni stefnu og niður í svonefnt melskarð, þaðan frá eptir miðri svonefndri landamerkjakjeldu niður til Laxár. Aðrar jarðir eiga eingin ítök í Klukkufellsslandi og Klukkufell eingin ítök í öðrum jörðum.

Hríshóli 26 Apríl 1884.

Jón Gestsson, eigandi að jörðinni Klukkufelli.

Hinsvegar skrifuðum landamerkjum erum við samþykkir.

Þjetur Gestsson, eigandi að jörðinni Hríshól. Helga Illugadóttir samþykkir þessi landamerki fyrir jörðina Gillastaði sem eigandi og umráðamaður.

Að framanskriðuðum landamerkjum er jeg samþikkur Munaðstungu eiganda vegna Jón Finnsson. Gísli Gestsson eigandi að Hafrafelli.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 125 bls 176).



Nr 24

Landamerkjaskrá jarðarinnar Gillastaða í Reykhólahrepp innan Barðastrandarsýslu.

1. Milli Gillastaða og Klukkufells eru landamerki frá miðheiðarborg eptir Lagsardalsheiðarveigi niður að svonefndri heiðarbúngu þaðan beint niður í svonefndann hjarðardal yfir efri Þúfnareit sem er neðanvert í dalnum, þaðan beint eptir sömu stefnu yfir svonefndar þuragilsflatir sunnanverðan síðan eptir hriggnum fyrir sunnan Grásteinsfell og nokkru neðar sunnanvert við svonefndan Berjadal, þettað alt eptir beinni stefnu og niður á svonefnt Snjóskarð á hálsbrúninni, þaðan beina sjónhending í svonefnt Melskarð, þaðan frá eptir miðri svonefndri landamerkjakjeldu niður til Lagsár.

2. Að vestanverðu eru landamerki milli Gillastaða og Hafrafells í Lagsá.

3. Að sunnanverðu eru landamerki milli Gillastaða og Myrartungu þaðan frá sem Geitará fellur í Lagsá og það alt af norður á fjall sem tjeð á rennur úr svonefndum Geitarárvötnum og svo þvert yfir háfjallið úr síðastnefndum vötnum í fyrnefnda Miðheiðarborg. Aðrar jarðir eiga eingin ítök í Gillastaðaland og Gillastaðir ekki í annarra lönd.

Berufyrði 14 Maí 1884.

Helga Illugadóttir eigandi og umráðamaður.

framanskriðuðum landamerkjum erum við samþykkir

Jón Gestsson eigandi að jörðinni Klukkufelli. sem eigari að nokkru af jörðinni Myratúngu og ábúandi undirskrifar sem samþikkur Páll Ingimundarson.

Sem eigandi að jörðinni Hafrafelli er eg þessu samþikkur Gísli Gestsson.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 126 bls 176-77).



Nr 25

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hafrafelli Reykhólahrepp.

1. Millum Hafrafells og Hríshóls eru landamerki úr Votabergi við Berufjörð og þaðann beina sjónhending ífir Vatnshrigg og í Kjetilbjarnarrúst úr henni í Graflæk og það sem hann ræður þar til hann kjemur í Laxá.

2. Millum Hafrafells og Klukkufells ræður Laxá landamerkjum ofann á móts við svokallað Rauðamúlaeingi að Gillastaðalandi.

3. Millum Hafrafells og Gillastaða ræður Laxa landamerkjum þartil Geitará kjemur í hana.

4. Millum Hafrafells og Mírantungu eru landamerki Laxá frá því Geitará rennur í hana og ofan í Arós og því framm í fjörð á bí við Fíldar Hamar.

5. Millum Hafrafells og Borgar eru landamerki af Króksfirði sem áður seigir og í miðjann svokallaðan Fíldarhamar og þaðann beina sjónhending í Brandseirarbjarg og það útá miðjann Berufjörð og inn eptir honum miðjann á bí við first áminst Votuberg og telur eigandi og ábúandi Hafrafells skílausa eign nínemdrar jarðar allt það land sem er innann tjeðra ummerkja með öllum þess gjæðum bæði til lands og sjáfar og óska því að þeir sem lönd eiga móts við tjeða jörð vildu rita nöfn sín hjerundir.

Hafrafelli þan 14 Maí 1884.

Gísli Gestsson eigandi og ábúandi Hafrafells.

Sem eigand og umboðsmaður Borgar er eg samþikkur framanskriafaðri landamerkjaskrá Hafrafells Bjarni Þórðarson.

kvað viðvíkur Mýratúngulandeign er eg sem ábúandi og eigandi nefndrar jarðar samþikkur ofanritaðri Landamerkjaskrá fyrir Hafrafellslandi. Páll Ingimundarson.

Sem eigandi að jörðinni Hríshól samþikki jeg framanskriafaða Landamerkjaskrá Pjetur Gestsson.

Sem eigandi að jörðinni Klukkufelli samþikki jeg framanskriafaða Landamerkjaskrá Jón Gestsson.

Í umboði eiganda Gillastaða undirskrifar Stefán Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 127 bls 177-78).



Nr 26.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Bæjar í Reykhólasveit ynnan Barðastrandarsýslu.

1. Að innanverðu eru landamerki millum Bæjar og Kambs frá fjöru uppeptir svonefndri Deild þaðan fra sem deildin endar uppeptir svonefndum Deildarlæk að upptökum hanns, þaðan norður eptir hæstu fjallsegginni norður á kjöl og háfjall þar sem vötnum hallar first til Bæjardals allt vestur að Bæjardalsár aðalupptökum.

2. Að norðan og vestanverðu eru landamerki millum Bæjar og Mírtartungu frá Bæjardalsár aðalupptökum síðan eptir ánni og hennar forna farveg Bæjarmeigin allt til sjáfar.

Aðrar jarðir eiga eingin ítök í Bæjarlandi og Bær eingin ítök í öðrum jörðum.

I umboði eiganda jarðarinnar Bæjar kaupmanns Magnúsar Jochumssonar hefur undirskrifaður samið framanskriafaða landamerkjaskrá.

Hríshóli 13 maí 1884

Pjetur Gestsson.

Framanskriifuðum landamerkjum erum við samþikkir.

Sem eigendur Mýratúngu undirskrifum við sem samþikkir ofanritaðri Landamerkjaskrá.

Páll Ingimundarson.

Jón Pálsson.

Olafur Sigvaldason, eigandi að ½ Kambi

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 20 maí 1884

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F súb Nr 128 bls 178).



Nr 27.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Grafar í Gufudalssveit innan Barðastrandarsýslu eign mín undirskrifaðs að þremur fjórðahlutum og ekkjunnar Guðrunar Einarsdóttur [á] Gröf að einum fjórða hlut.

Að utanverðu eru landamerki milli Grafar og Hallsteinsness Grímkelstaðaá frá sjó og upp í svokallað Kjósarvatn, þaðan eptir læk þeim, er aðskilur Grafar og Hallsteinsnes Engi, allt til þess er lækur þessi byrjar upptök sín, þaðan beina sjónhending upp í kaldaverslismosa Dý einstakt uppundir svokallaðri Barmsöxl, þaðan fram svokallað Langholt, allt norður að Þórisstaðahálsvegi, þarnaest eru merki milli Grafar og Þórisstaða, eptir fyrnefndum vegi ofan að læk sem kemur úr norðri neðan til við svokallað Blesuholt, og rennur lækur þessi í Búlká, er skylur úr því til sjóar lönd framanskrifaðra jarða.

Aðrar jarðir eiga engin ítök í Grafarlandi og ekki heldur Gröf ítök í öðrum jörðum.

Hríshóli 3 Maí 1884.

Jón Gestsson og Gröf 5 sama mánaðar Guðrún Einarsdóttir

Samþikkur sem eignarmaður Þórisstaða, Þ. Thorsteinsson.

Ofanskrifuðum er samþikkur í umboði eiganda að jörðinni Hallsteinsnesi G. Einarsson.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 23 maí 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 131 bls 180.)



Nr. 28

Landamerkjaskrá verzlunarlóðarinnar Bíldudals í Suðurfjarðarhreppi innan  
Barðastrandarsýslu.

1. Að untanverðu eru landamerki í svokallaðan Bana, (Klett sem stendur ofan til í fjörunni) og þaðan beina leið til fjallsbrúnar og svo eptir fjalli eptir vatnshalla.

2. Að innanverðu á milli Bíldudals og Litlueyrar í svokallaðan Bröttubakkatanga framan til og þaðan beina sjónhending til fjallsbrúnar.

Aðrar jarðir eiga ekki ítök í landi þessara lóða og jörð þessi á heldur engin ítök annarstaðar.  
Bíldudal 29 maí 1884.

Fyrir hönd eiganda að verzlunarstaðnum „Bíldudals verzlunarfjelags“ P. J. Thorsteinsson.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkt.

Fyrir hönd eiganda að jörðunum Litlueyri og Auðahrísdal Fyrir hönd ekkjunnar Joh. Kr Bjarnason Reykjavík H. Pétursson.

Fyrir hönd dánar- og fjelagsbú Pjeturs Stefánssonar eigendur að ½ Auðahrísdal og ½ Litlueyri og Guðrunar Þorleifsdóttur P. J Thorsteinsson.

Lesið á manntalsþingi að Otrardal 3 júní 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F súb Nr 143 bls 189)



Nr 29

Landamerkjaskrá fyrir jarðirnar Hól og Hólshús í Suðurfjarðarhreppi innan Barðastrandarsýslu, sem hafa að mestu leyti óskipt land sín á milli.

1. Að innanverðu á milli Litlueyrará og þessara jarða eptir Litlueyrará utanhalt í svokallað Kystufljót og eptir ánni til fjallsbrúnar og það eptir vatnshalla út eptir fjallinu.

2. Að utanverðu í grænt dý uppí hlíðinn framan halt við svokallaða tvígiljaskriðu og þaðan beina sjónhendingu í Litlueyrará utanhalt við svokallað Kistufljót. Jarðir þessa eiga engin ítök í öðru landi og aðrar jarðir engin ítök í landi þessara jarða.

Bíldudal 29 maí 1884.

Fyrir hönd fjelags og dánarbús Pjeturs Stefánssonar og Guðrúnar Einarsdóttur P. J. Thorsteinsson.

Fyrir hönd eyganda að ½ jörðinni Litlueyri samþikkt H. Pétursson.

Lesið á manntalsþingi að Otrardal 3 juní 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabok Ltr F sub Nr 144 bls 189-90).





Nr 30

Skrá um landamerki jarðarinnar Sellátra [í Tálknafja]rðarhrepp innann Barðastrandarsýslu.

Krisján Oddsson eigandi og ábúandi ofanefndrar jarðar Gjörir kunnugt: Að landamerki milli nefndrar jarðar Sellátra og næstu hjaliggjandi jarða sem er: Arnarstapi að utann og Bakki að innann eru þessi:

a, að utanverðu eiga Sellátur í svonefnda Arnarstapaá sem rennur innann til við Arnarstapabæinn þjett ofann með Arnarstapa túninu, eins og hún nú rennur í sjó út og eptir vatni hennar „miðju“ uppúr og frá upptökum hennar bein sjónhending upp á fjallið fyrir botninum á svonefndum „Stapadal“, sem áinn rennur eptir.

b. að innanverðu ræður svonefnd Sellátraá, sem rennur innann til við Sellátratúnið – þjett ofan – með því, eins og hún nú rennur í sjó út – og eptir vatni hennar „miðju“ svo sem hún nú liggur í svonefndum Sellátradal og frá upptökum hennar bein sjónhending uppá fjallið, sem er fyrir nefndumm dalsbotni.

Umrædd jörð sem að fornu mati var 20 hndr., enn samkvæmt jarðabókinni sem löggildt var 1 dag Aprílm 1861 er: 19,4 hundrun að dyrleika, er nú að hálfu eign mín, enn að hálfu eign erfingja Guðmundar sál Brinjólfssonar dnbgrsm. frá Mýrum í Dýrafirði, og eiga öngvar aðrar jarðir eða menn nein ítök í Sellátralandi nema óðalsbændurnir Árni Bjarnason að Kvíendisfelli og Jóhannes Þorgrímsson að Sveinseyri eina verbúð samann báðir – og búðarstæðið undir henni uppá grasi í Kvalvík, þar sem hún er, ásamt tilheyrandi fiskifangi verkunarplássí eða „vergögnum“ undir bökkunum, sem eru 58 faðmar í leingd, út og inn frá kletti eða stórum steini í bökkunum, hjer um miðja vegna milli búðanna og Kvalvíkurnessins, frá stórstraums flæðamáli upp að grasi, og inní midtskipahræfið í lendingunni ásamt fylgjandi frjálssi lending fyrir eina skipsútgerð, og óðalsbóndi Jón Þorleifsson „Johnsen“ að Suðureyri 1 (eina) verbúð og búðarstæðið þar sem hún (búðinn) er nú innst á svonefndum „Skansi“ í Arnarstapavík og þar með fylgjandi fiskiverkunarpláss eða „Vergögn“ 18 faðmar á leingd, út og inn undir bökkunum eða frá kletti þeim í miðri Arnarstapavík inn á garð mót, lítið gamall, utan til við svonefnda (Hleinarlendingu) frá Stórstraumsflæðarmáli og uppað grasi og fylgjandi fry lending fyrir 1 (eina) skipsútgerð undir áðurnefndann klett í miðri víkinni. Í „miðvíkinni“ sem dagl. er nefndt NB einasta hafa eigendur áminstra verbúða og vergagna heimild fyrir fyrir vanalegri sjóróðra brúkun þeirra og ekkert framur, sömuleiðis eiga Sellátur als eingin ítök í neinri annari jörð.

Skrásetning þessi og lýsing á landamerkjum og fleira Sellátrum viðkomandi er saminn að fyrirmælumm laganna um landamerki 17 dag marz mánaðar 1882 1 gr. sbr 3 gr í þeirri von, að þeir sem einhvern hlut eiga að máli, riti asamt mjer góðfúslega nöfn sín undir skrá þessa; þareð einginn vafi hefur áleikið um nefnd merki umræddrar jarðar að neinu leiti svo nokkur kunnugur hafi heirt fyrir næstliðna 3-4 mannsaldra ávikið; svo að skrá þessi verði afhendt viðkomandi sýslumanni til meðferðar, sem segir, 4 gr sbr 5-6 gr nefndra laga og endurskilist mjer.



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Sellátrum 22 dag novemberm 1883.

K. Oddsson (eigandi og ábúandi)

Fyrir kirkjújörðina Stapa samþykkir L Benediktsson (prestur í Selárdal)

Fyrir jörðina Bakka samþykkja Valgerður Þorleifsdóttir (meðeigandi í Bakka) K. Oddsson,  
meðeigandi í Bakka Guðm Gíslason meðeigandi í Bakka.

Lesið á manntalsþingi að Kvígyndisfelli 7 júní 1884.

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sú[b Nr 14]6 bls 190-92).



Nr 31.

Skýrsla um landamerki Kvígyndisdals.

Kvígyndisdalur á land – eptir gömlum máldögum – inn að grjótgarði þeim, sem er inn á sandmúlanum milli Kvígyndisdals og Sauðlauksdals; beint ofanundan nefndum grjótgarði stendur gamalt vörðubrot – mjög mosavaxið, fundið í gær dag – á kletti niður í fjörunni hjerumbil 30-40 faðma fyrir innan „Hákarl“ svokallaðan, sem er stór klettur framan í bökkunum og er ekki alllítill grasþúfa uppi á kletti þessum. Svo á Kvígyndisdalur land úti „Deildarklett“ svonefndan, sem er í fjörunni ofanundan „Deildargili“ svokölluðu. Innan ofangreindra takmarka er land jarðarinnar Kvígyndisdals eptir því sem vötnum hallar frá fjalli til fjöru.

Staddur að Kvígyndisdal 2 ág. 1884.

Árni Jónsson Eigandi.

Sem umráðamaður Sauðlauksdals Jónas Bjarnason.

Einar Jónsson Thoroddsson, eigandi og umráðamaður Vatnsdals.

Lesið á manntalsþingi að Tungu í Ørlygshöfn 2 ágúst 1884

(sjá afsals- og verðbrjefabók Ltr F sub Nr 148 bls 192-93).



Nr 32.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Vesturbotns liggjandi í Rauðasandshrepp ynnan  
Barðastrandarsýslu.

1, Að utanverðu millum Vesturbotns og Hlaðseyrar landamerki í svonefnda Seljadalsá, sem rennur til sjáfar ofan dalin innann og framm af Hlaðseyri, eptir ánni frá sjó fram eptir dalnum og í svokallað ytrakrossgyl og eptir því og á brún fram kjölin á fjall upp sem vötnum hallar að Vesturbotnslandi.

2, Að ynnanverðu millum Vesturbotns og Skápadals eru landamerki, við sjóinn í svonefnda ósá og eptir því upp svonefndan Kleifadal í Kleifaá, á brún og fram eptir fjallin[u] fyrir botnin sem vötnum hallar að Vesturbotnslandi allt umkring að landamerkjum jarðarinnar Hlaðseyri. Sem ítak á Sauðlauksdalskirkja hrísrif eður skógartak í svonefndum dalparti og kirkjujörðin Hvalsker hrísrif í Skerskógi, sem er nú upprættur, en aðrir ekki, jörðin á eingin ítök í öðrum jörðum.

Vesturbotni í aprílmanuði 1883

Sem eigandi og umráðamaður að 13 hndr. f.m í Vesturbotni Árni Jónsson.

Sem eigandi að 4 hndr. í sömu jörð Björn Pjetursson

Sem eigandi að 1 hndr. (að fornu mati) í hinsvegar nefndri jörð Vesturbotn M. Snabjörnsson.

Sem eignarmaður að 6 hndr. í hinsvegar nefndri jörð Vesturbotn Fr. Jónsson.

Hinsvegar skrifuðum landamerkjum erum við undirritaðir semþykkir.

Sem eigandi að jörðinni Hlaðseyri B. Pétursson.

Sem eigandi að 4 hndr. að f m í jörðinni Skápadal B. Jónsson.

Sem fjárhaldsmaður hinna ómyndugu barna Pálls Kristjánssonar, Kristjáns Kristjánssonar og Guðrúnar Kristjánsdóttur, sem eiga til eignar og umráða 8 hndr. að fornu mati í jörðinni Skápadal B. Pétursson.

Vegna Sauðlauksdalskirkju Jónas Bjarnason.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Ørlygshöfn 2 ágúst 1884

(sjá afsals og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 149 bls 193-94)



Nr 33.

Landamerkjaskrá prestseturins Sauðlauksdals í Patreksfirði.

Landamerki eru þannig: Að innanverðu: Úr innanverðu Lóni beint upp í þann stóra stein, sem stendur neðan undir miðjum Skersmúla fyrir ofan götur þær, er liggja undir múlanum; þaðan eptir miðjum Skershálsi svo sem vötnum hallar og upp að Víðirvatni; þá eptir Þverá allt þar til hún rennur í Mikladalsá, þannig að Sauðlauksdalur á land allt fyrir sunnan ána á fjallsbrún upp; þá eptir Mikladalsá á fjall upp.

Að sunnanverðu: Frá upptökum Mikladalsár vestur eptir miðja Dalsfjalli eptir vatnahalla allt vestur á móts við Arnarvörður í Dalverpi.

Að utanverðu: Frá Arnarvörðum í Dalverpi beina sjónhending í hásuður upp á háfjall og frá Arnarvörðum í hánorður beina sjónhending þartil er vötnum hallar norður af; þaðan eptir vatnahalla inneptir háfjallinu fyrir ofan dalbotna og svo ofan eptir Kvígyndisdalshálsi einnig eptir vatnahalla og frá hálmúlanum beint að sjó eptir garði þeim, sem hlaðinn hefur verið til forna og enn má sjá ofanundan utanverðum múlanum.

Sauðlauksdal 4 ágúst 1883.

Jónas Bjarnason p.t. umráðamaður Sauðlauksdalsstaðar.

Jónas Bjarnason umráðamaður Hvalskers.

Samþykkir Árni Jónsson Eígandi jarðarinar Kvíindisdals.

Lesið á manntalsþingi að Tungu í Ørlygshöfn 2 ágúst 1884.  
(sjá afsals og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 150 bls 194-95).



Nr 34.

Skýrsla um landamerki Vatnsdals.

Vatnsdalur á land inni svonefndann „Deildarklett“ og upp Deildargil á fjall sem vötnum hallar, og að utanverðu í svonefndann Þorsteinshvamm sem er utanvert framan í hafnarmúla og til sjóar innantil við Múlahlunina sem lengst gengur fram í fjörðinn og til fjalls eptir vatnshalla.

Vatnsdal 1 ágúst 1884.

Einar Jónsson eigandi og umráðamaður.

Árni Jónson eigandi Kvígyndisdals.

Guðbjartur Jónsson, Brandur Árnason, umráðamaður eigandi og umráðamaður að Hnjóti.

Lesið á manntalspingi að Tungu í Ørlygshöfn 2 ágúst 1884.

(sjá afsals og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 151 bls 195).



Nr 35.

Landamerkjaskrá fyrir Sellátranes.

Landamerki millum Sellátranes og Hænuvíkur eru sem hjer segir Kringlóttur höll með þúfu á ofan undan miðjum svokölluðum Stekkanúp millum Hænuvíkur og Sellátranes, en millum Sellátranes og Túngu eru landamer[k]i í klett, sem kallaður er Mígand, sem er instur á fjörunum sem kallaðar eru Nesfjörur fyrir utan urðavöllin. Ofanrituðum landamerkjum til sönnunar setjum við hjer undirritaðir nöfn okkar.

Sellátranesi þann 31/7 – 84.

Gísli Olafsson, eigandi Sellátranes.

Ari Finnsson. Eiríkur Eiríksson Pálína Einarsdóttir. Sveinn Magnússon, eigendur að Túngu.

Jóhannes Þorgrímsson, Sveinseyri. Guðlaug Gísladóttir, Kvígyndisfelli. Ívar Jónsson, Hænu[v]ík. Eigendur Hænuvíkur.

[Lesið] á manntalsþingi að Tungu í Ørlygshöfn 2 ágúst 1884

(sjá afsals- og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 152 bls 195-96).



Nr 36

Landamerkjaskrá fyrir Keflavík

Keflavík á land að forvaða þeim í Brekkuhlíð sem gengur í sjó fram og gat er í gegnum, þaðan beint til fjalls og eptir fjallgarðinum að svonefndum Arnarvörðum í dalverpinn, en að utanverðu á Keflavík land í svokallaðann raufahrigg innst í lambahlíð og það til fjalls eptir því sem vötnum hallar allt í kring að Keflavík.

Keflavík 1 ágúst 1884.

Jón Gíslason eigandi og umráðamaður.

Jón Magnusson eigandi Brekku.

Ingimundur Guðmundsson eigandi og umráðamaður að 7/14 Breiðuvík.

Fyrir 1/2 Breiðuvík Jón Þórðarson.

Sauðlauksdalskirkja á í nefndri jörðu 1/6 í öllum reka og Keflavíkurbjarg allt.

Jónas Bjarnason p.t. umráðamaður Sauðlauksdalskirkju

Lesið á manntalsþingi að Tungu á Ørlygshöfn 2 ágúst 1884.

(sjá afsals og veðbrjefabók Ltr F sub Nr 153 bls 196)





Nr 37 (sja veðmálabók bls. 199).

Landamerki fyrir jörðinni Bakka í Geirdalshreppi.

Að neðanverðu ræður Geiradalsá landamerkjum fram í Þaravatn, þaðan úr miðju Þaravatni upp í Heiðarbæjarhraunbrún, þaðan eptir því, sem hraunbrúnin ræður út í Bakkasnjó fjöll, svo utantil úr Snjófjallabúngu eptir læk þeim, sem úr henni rennur niður fyrir framan svo nefndan Brekkumel og svo þaðan sem lækurinn grefur sig niður í mitt Hellnafljót.

Garpsdal 18 maí 1885.

Olafur Olafsson umráðamaður Bakka.

Samþykkir þessum landamerkjum.

Gísli Jónsson, lögskipaður umráðamaður Litlu Brekku.

Olafur Eggertsson, eigandi að Valshamri.

Lesið á manntalsþingi að Garpsdal 18 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 37 bls 23 vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr	75 aur
bókun	<u>25 [aur]</u>
	1 kr

er ein króna borguð Fischer



Nr 38. (sjá veðmálabók bls. 199).

Landamerki fyrir jörðinni Litlubrekku í Geiradalshreppi.

Að neðan ræður landmerkjum Geiradalsá og Bakkaá þeim í svonefnt Hellnafljót, þaðan sjónhending í Gil það, sem rennur úr fjallinu austnorðan til við svokallaðann Bakkamel, svo austur eptir Gilinu upp undir Bakka Snjófjallabungu vestan til, svo eptir hrigg þeim er liggur norðan til við svonefndan Húsmænir svo liggja landamerki eptir fyrnefndum hrigg suður á svokallaðan Brekkuháls og ofan í svonefnda skál, og úr henni miðri ofan í svokallaðan Stóramó, sjónhending úr Skál, í þúfu þá sem á sjást mannaverk í endanum á Stóramó í flóanum milli Brekku og Svarfhóls, þaðan sjónhending í svonefndan Olafshvamm og úr honum í Geiradalsá.

Litlubrekku 16 maí 1884.

Gísli Jónsson.

Samþykkur

Olafur Olafsson umráðamaður Bakka.

Bjarni Bjarnason, meðeigandi að Svarfhóli (handsalað við ALE Fischer)

Eyjólfur Bjarnason, meðeigandi að Svarfhóli.

Lesið á manntalsþingi að Garpsdal 18 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 38 bls 23-24  
vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 aur  
bókun 25 [aur]  
1 kr

er ein króna borguð Fischer.



Nr 39. (sjá veðmálabók bls 199).

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Gilsfjarðarbrekku.

Landamerkjum milli Gilsfjarðarbrekku og Kleifa ræður sýkið við Gilsfjarðarbotn norðann til við Grjóthólma og lægð sú er úr því liggur uppundir brekkuna og að ánni þar sem hún kjemur fram úr þreingslunum síðann skilur Brekkuá löndinn alla leið austur í vatn á Steinadalsheiði. Að norðann verðu ræður landamerkjum svokallað Heiðargil úr áðurgreindu vatni uppá fjallsbrún þaðan beina sjónhendingu yfir fjallshrigginn í Melrakkagil svo það til Vatnadalsár. Að vestanverðu ræður landamerkjum frá Melrakkagili Vatnadalsá og Mafadalsá alt til sjóar beint þar sem áreyrarnar liggja leingst fram.

Aungar aðrar jarðir eyga ítök í Gilsfjarðarbrekkulandi og Gilsfjarðarberkka á ekki ítök í öðrum jörðum.

Gilsfjarðarbrekku 13 Maí 1885.

umboðsmaður Pjetur Gestsson á Hríshóli.

ofanskrifuðum landamerkjum samþykkur

Eyjólfur Bjarnason. eigandi og umboðsmaður Gilsfjarðarmúla.

Grímur Benediktsson á Kirkjubóli; umboðsmaður að Steinadal hálfum

Daði Bjarnason, eigandi og ábúandi á Gestsstöðum og eigandi að hálfum Steinadal.

Eggert Jónsson, eigandi Kleifa.

Lesið á manntalsþingi að Garpsdal 18 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 39 bls 24

vottar ALEFischer Sýslumaður

Borgun: Þinglestr 75 aur

bókun 25 [aur]

1kr er ein krona borgað Fischer



Að utanverðu ræður landamerkjum Múlaá frá sjó upp í Garpsdalsvatn og þaðan eptir gömlum farveg, sem liggur upp með gömlum hraunhól Garpsdalsmegin um Seleyrar norður Múlaránghala og þaðan norður lágina uppá hrygginn milli Hraundals og Múlaránghala. Að norðanverðu eru merki af tjeðum hrygg austur í Merkjagil. Að innanverðu: úr Merkjagili eptir því sem Vatnadals og Mafadalsá ræður til sjóar, þar áreyrarnar liggja lengst fram.

Gilsfjarðarmúla 8 maí 1884.

eigari að  $\frac{3}{4}$  jarðarinnar Halldór Jónsson.

eigari að  $\frac{1}{4}$  jarðarinnar og ábúandi Eyjólfur Bjarnason.

Samþykkur landamerkjum milli Gilsfjarðarmúla og Garpsdals. Olafur Olafsson.

Samþykkur landamerkjum milli Gilsfjarðarmúla og Brekku Símon Pétursson.

Samþykkur hinsvegar skrifuðum landamerkium á milli Tinda og Gilsfjarðarmúla Jón Jónsson Eygari og ábúandi Tinda.

Lesið á manntalsþingi að Garpsdal 18 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 40 bls 25 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 aur

bókun 25 [aur]

1 kr er ein krona borgað Fischer



Nr 41 (sjá veðmálabók bls 200) –

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Svarfhól í Geirdalshreppi.

1. Að framanverðu eru landamerki úr Svarfhólsskál beina síónhending ofan eptir Svarfhólsveitu í Geiradalsá eins og upphlaðin merki tilvísar, svo ræður Geiradalsá í sjó fram fyrir norðan Svarfhólshólma.

2. Að utanverðu eru merki úr Gjá vestan til í Gróustaðahyrnu beina sjónhending framan til við Röngugötu og í sjó fram. Itök eiga engar jarðir í Svarfhól en Garpsdalskirkja á eptir Wilkins máldaga 1397 fríann mósukurð í Röngugröfum.

Svarfhóli 14 maí 1884.

eigendur Eyjólfur Bjarnason. Bjarni Bjarnason.

Samþikkur landamerkium Svarfhóls og Króksfjarðarnes Einar Jókkúmsson.

Gísli Jónsson lögskipaður umboðsmaður Litlu Brekku löglegur umboðsmaður Króksfjarðarnes.

Lesið á manntalsþingi að Garpsdal 18 Maí 1885 og innfært í landamerjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 41 bls 25 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      75 aur  
                  bókun        25 [aur]  
                                  1 kr

er ein króna borguð Fischer



Nr 42. (sjá veðmálabók bls 200).

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Klett í Geiradalshreppi innan Barðastrandarsýslu.

1. Að framanverðu úr Sanddalsbotni eptir sandhrygg ofan í ferðamannaveg svo sem þjóðvegur ræður inn að svonefndum Völlum, þá í götu þá, er liggur úr þjóðvegi inní Klettsgil.

2. Að innanverðu úr Sanddalsbotni framanvert við Rjúpnahalla, eptir neðri brún hans ofan á brún framanvert við Merkjalág þaðan sjónhending í merkjahnausa á börðunum fyrir neðan mýrarnar, þaðan sjónhending í í ofanvert klettabelti innanvert við Klettsgil og svo sem klettabeltið ræður sjónhending innanvert við Hesthólma.

3. Jörðin Klettr á engin ítök í öðrum jörðum, nje aðrar jarðir í Klett.

Klett 14 maí 1884.

Einar Jónsson (ábúandi) og umboðsmaður.

Þessum landamerkjum samþykkir

Einar Jókkumsson (eigari Tinda)

Kristján E. Kristjánsson, ábúandi á Hólum.

Lesið á manntalsþingi að Garpsdal 18 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 42 bls 26 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 aur

bokun 25 [aur]

1 kr er ein króna borguð Fischer



Nr 43. (síá veðmálabók bls 203).  
Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Borg.

Fyrst bein sjónhending úr hæðstum fíldarhamri í þrísteina og þaðan í Brandseyrabjarg og það óskekta sjónhending á sjó út midt á millum Borgarlands og Seljanesstrandar og þaðan út eptir miðjum firðinum midt á millum hrafnaness og Bjartmarssteins og þaðan midt á millum nýnefnds Bjartmarssteins og Hríseyarhausss og þaðan suður beint midt á milli Borgarhólma og Hríthólma í Miðhúsaeyum og þaðan beint á miðjar Neseyar, midt á millum þeirra og nýnefnds Borgarhólma og þaðan bein sjónhending í fyrst áminnstan fíldarhamar, og telur eigari Borgar skýlausa eign stragsnefndrar jarðar alt það, sem er innan hér að framan áminstra ummerkja með öllum þeim gæðum tillands og sjóar, hvörju nafni sem nefnist og óskar því eigandi jarðarinnar að þeir sem lönd eiga móts við ummerki þessi riti nöfn sín hér uppá, en ef einkvör mót von, vildi eigna sér meira eða minna tillands eða sjóar, sem er innan nefndra ummerkja og þessvegna ekki vilja rita hér uppá samþykki sitt, þá verða þeir að vinna það undan nefndri jörðu með fimtardómsmáli.

Reykhólum 16 Febrúarm. 1884.

Bjarni Þórðarson (eigari).

Sem eigandi jarðarinnar Hafrafells er jeg samþykkur framanskriafaðri landamerkjaskrá Borgar. Gísli Jónsson.

Sem eigandi og ábúandi Mýratúngu og Miðhúsa undirskrifar sem samþykkur framanskriafaðra landamerkjaskrá fyrir Borgarlandeign Páll Ingimundarson.

vegna Reykhóla eignarinnar undirskrifar Bjarni Þórðarson.

Vegna Króksfjarðarness samþykkur E Stephánsson.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 19 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 43 bls 26  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr	75 aur
bókun	<u>25 [aur]</u>
	1 kr

er ein króna borgað Fischer



Nr 44 (síá veðmálabók bls 203).

Landamerkiaskrá fyrir jörðinni Höllustöðum.

Fyrst eptir því sem Heyá ræður frá fjallshlíðinni ofan eptir hennar gamla farveg ofan í heyárvog og út voginn miðjann og það óskekta sjónhending að þeirri merkjalínu sem um er getið í landamerkjaskrá fyrir Reykhólum af 16 febrúar 1884 og eptir áminstri merkjalínu millum Reykhóla og her nefndra Höllustaða inn eptir midt á millum Sveinsskers og Högnaskiers og þaðan eptir því sem djúp ræður uppí grundarvog og svo upp þaðan í krókalæk og eptir honum uppá börðin, og þaðan bein sjónhending upp mýrarnar uppí stórulaugina, og það óskekta sjónhending áfram að ferðamannagötu og þaðan í Rastarhrieggsgjá og úr nefndri gjá óskiekta sjónhending norðvestur að heyá og ofan eptir henni sem áður seigir, og telur eigandi og umboðsmaður Höllustaða skýlausa eign nýnefndrar jarðar alt það sem er innan her að framan áminnstra ummerkja með öllum þeim gæðum til lands og sjóar kvöriu nafni sem nefnist, og óska rjettir eigendur tjeðrar jarðar, að þeir sem lönd eiga á móts við hér að framan áminsta Höllustaði riti hér uppá nöfn sín sem samþykkir framanskriafaðri landamerkjaskrá til allra þeirra ummerkja.

Reykhólum 18 Febrúarm 1884

eigandi og umboðsmaður Bjarni Þórðarson.

Sem eigandi og umboðsmaður yfir Reykhólaeigninni samþykkir her að framanskriafaða Landamerkjaskrá Höllustaða Bjarni Þórðarson.

Sem umboðsmaður og ábúandi Skerðingstaða undirskrifar og samþykkir framanskriafaða landamerkjaskrá Jón Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 19 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A. sub Nr 44 bls 27 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 aur  
bókun 25 [aur]  
1 kr

er ein króna borguð Fischer





Nr 45. (síá veðmálabók bls. 203)

Landamerki jarðarinnar Kambs í Reykhólahrepp innan Barðastrandarsýslu.

Landamerki að vestanverðu móts við Bæjarland er Deild og Deildarlækur sem upptök hans halda, frá fjallsbrún að fjöru, en að sunnanverðu móts við Hólaland er frá fjöru: Hóladeildarlækur sem hann nær og þaðan sjónhending í svonefnd Hrafnabjörg vestanverð.

Kambi 8 maí 1885.

Olafur Sigvaldason eigandi og ábúandi að hálfum Kambi.

Magnús Jónsson (ábúandi á hálfum Kambi)

I umboði eiganda halfrar jarðarinnar Hóla og Bæjar samþykki eg framanskriðuð landamerki Pjetur Géstsson

I umboði einum fjórðapart jarðarinnar Hóla samþykki eg framanskriðuð landamerki Jón Runólfsson

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 19 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 45 bls 27  
vottar ALEFischer sýslumaður

Borgun: Þinglestr 75 au  
bókun 25 [au]  
1 kr

er ein króna borguð Fischer.



Nr 46. (sja veðmálabok bls 203)

Landamerkjaskrá Fyrir kirkjujörðinni Múlakotí í Reykhólahrepp innan Barðastrandarsýslu.

1. Að utanverðu eru landamerki milli Múlakota og Hjalla: Þorgeirsdalsá frá upptökum vatna þeirra er i hana renna vestan af Þorskafjarðarheiði.

2. Að innanverðu fra Þorgeirsdalsá mynni á jörðin Múlahlíð alla inn með Þorskafirði allt inn að Grjótá, og það fram i miðjan Þorskafjörð og miðja Þorskafjarðará allt fram að áðurnefndri Grjótá, sem er landamerkjaá milli Múlakotalands og Hvannahlíðar hið neðra, og allt fram að Grjótárvatni.

3. Á fjalli uppi á jörðin Múlakot i hæðst Hvannahlíðarfjall, og eptir hæðstu hryggjum þess norður á svonefndan Gafli, þaðan ofan eptir fjallinu á svonefnda heimari Þrepskyldi eptir sem vötnum hallar á báðarsíður til Jsfríðingagils að norðan og Þorgeirsdals að vestan eptir hæðstu Þrepskjöldum norður á fjall.

Aðrar jarðir eiga engin itök í Múlakotslandi og Múlakot heldur ekki í öðrum jörðum.

Stað 15 Maí 1885.

Sem umráðamaður Jóns Jónsson (prestur Stað)

Samþikkur Hjallaeigandans vegna Jón Finnsson.

Fyrir Reykhólakirkju samþikkir Bjarni Þórðarson.

Lesið á manntalsþingí að Berufírði 19 maí 1885 og ínnfært i landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 46 bls 28

Vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr	75 au
bókun	<u>25 [au]</u>
	1 kr

er ein króna borguð Fischer.



Nr 47.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Kollabúða í Reykhólahrepp innan Barðastrandarsýslu.

1. Að norðanverðu er Þorskafjarðará þar til Jsfírðingagil rennur í hana, þarnaest eptir því þartil Andrésargil birjar og eru merki eptir það uppi fremri fjalldal að svokölluðum krókatjörnum og svo eptir fjalldalsánni uppi heiði allt þartil vötnum hallar norður af.

2. Að vestan og sunnarverðu eru landamerki millum Kollabúða og Skóga frá fjöru uppeptir Músará uppi Gljúfur úr Gljúfronum þvert uppeptir svonefndum grannagarði sem liggur á millum Kollabúða eíngís og Skógaeingis uppá fjall, þaðan beínt suður í svonefnda Saurtjörn, úr henni eptir svonefndum Saurlæk í Músará.

3. Millum Kollabúða og Hríshóls er Músará landamerki norður eptir fjalli þartil vötnum hallar norður af. Um lánngan tíma hefur Kollabúða bóndi haft heimila næturbeit firir sauðfjenað sínn sumarið ifir í svonefndum hnausaskógi firír utan Músara í Skógalandeign. Aðrar jarðir eiga eingin ítök í Kollabúðalandi og Kollabúðir eíngín ítök í öðrum jörðum utan firrtjeða næturbeit í Hnausaskógi.

Samkvæmt þartil gefinni fullmakt af eiganda jarðarinnar Kollabúða hefur undirskrifaður samið framanritaða Landamerkjarskrá.

Reykhólum 16 Mai 1885.

Bjarni Þórðarson.

Framanrituðum landamerkjum erum við samþykkir

Pjetur Gestsson eigandi að jörðinni Hríshól og umráðamaður jarðarinnar Skóga.

Vegna Reykhólaeignarinnar samþykkir Bjarni Þórðarson.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 19 mai 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 47 bls. 28

Vottar ALE Fischer sýslumaður.

Borgun: Þinglestr	75 au
Bókun	<u>25 [au]</u>
	1 kr

er ein króna borguð Fischer.



Nr 48 (síá veðmálabók bls 205).

Landamerkjaskrá jarðarinnar Skóga í Reykhólahrepp innan Barðastrandarsýslu.

1, Að norðan og austanverðu eru landamerki millum Skóga og Kollabúða, frá fiöru uppeptir Músará, upp í Gljúfur, úr Gljufronum upp eftir svonefndum grannagarði sem liggur ámillum svonefnds Skógaeingis og Kollabúðaeingis, uppá fjall. Þaðan beint suður í svonefnda Saurtjörn úr Saurtjörn eptir svonefndum Saurlæk í Músará.

2, Millum Skóga og Hríshóls eru landamerki í Músará,

3, Millum Skóga og Skáldstaða eru landamerki úr Músár á uppeftir hrigg sem liggur sunnanvert við svo nefndar þverbrekkur uppí svonefnt Skáldstaðasandfell, úr sandfelli í svonefnt Búrfell.

4, Millum Skóga og Berufjarðar eru landamerki úr Búrfelli eptir hæsta fjallshriggnum norðan til í vaðalfjöll.

5, Millum Skóga og Kinnarstaða eru landamerki úr Vaðalfjöllum í svonefndann harðníp, þaðan vestur eptir Skógahálsbrún, í svonefnt Grettirstak, úr grettirstaki bein sjónhending í svonefnda brenndutjörn, úr henni í læk sem rennur ofann svonefndann leinir, og eptir læknum í Mjóeyrarbug norðanvert niður að sjó.

6, Útá sjó eiga Skógar í miðjann Þorskafjörð gagnvart Múlakoti.

Talað er að bóndinn á Kollabúðum hafi um mörg ár átt heimila Næturbeit firir málnitjupening sinn í Hnausaskógi sumarið yfir.

Eirnig er sagt að Staðarkyrkja hafi átt Skógarhögg í svonefndum Kyrkjuparti, enn nú er þar ekki skógur svo teljandi sé. að öðru leiti eiga aðrar jarðir eingin ítök í Skógalandi og Skógar eiga eingin ítök í öðrum jörðum.

I umboði eiganda jarðarinnar Skóga, Kaupamanns Magnúsar Jochumssonar, hefur undirskrifaður samið framanritaða Landamerkjaskrá.

Hríshóli 18 Maí 1885.

Pjetur Gestsson.

Framanskriðuðum Landamerkjum erum við samþikkir.

Pjetur Gestsson eigandi að jörðinni Hríshól.

Stefán Jónsson Eigandi og umboðsmaður að Berufirði og Skáldstaða.

Jón Jónsson pr. Stað

Samkvæmt þartil gefinni fullmakt frá eiganda jarðarinnar Kollabúða, Sigurði bónda Olafssyni á Flatey samþikki eg framanritaða Landamerkjaskrá Bjarni Þórðarson.

Vegna eiganda jarðarinnar Kinnarstaða Jón Hákonarson, bóndi á Kinnarstöðum.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 19 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 48 bls 29.



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

vottar ALEFischer Sýslumaður

Borgun: Þinglestr – 75 au  
bókun – 25 [au]  
1 kr.

er ein króna borgað Fischer.



Landamerkjaskrá jarðarinnar Hóla í Reykhólahrepp innan Barðastrandarsýslu.

Að sunnanverðu uppá fjalli eru landamerki í svonefnd Hrafnabjörg sunnanverð, þaðan niður eptir svonefndum Rastarhrigg, frá tjeðum hrigg niðureptir svonefndum Króklæk, niður á þjóðveiginn, þaðan í þver Krók eptir þjóðveiginum suður að einkjennilegri grjótrúst ofanvert við þjóðveiginn, frá tjeðri grjótrúst eptir aukavegsgötu að Klettsgili, þaðan eptir Klettsgili til fjöru, úr fjöru beina sjónhending sunnanvert við Hesthólma framm á Króksfjörð, þaðan í þverkrók norður eptir firðinum, norður firir enn dípra af þrælshólma sem tilheyrir Hólum. Þaðan beint upp millum Þrælshólma í Hólalandseign og Selskerja sem tilheirir Kambslandi, uppí svonefndann deildarlæk þar sem hann fellur í sjó, síðan upp eptir læknum að upptökum hans norðanvert við Hólahlíð, þaðan beina sjónhending í vestanverð Hrafnabjörg. Aðrar jarðir eiga eingin ítök í Hólalandi og Hólar eingin ítök í öðrum jörðum. Í umboði eiganda jarðarinnar Hóla við Króksfjörð höfum við samið framanritaða Landamerkjaskrá.

Hólum 16 Maí 1885.

Pjetur Géttsson.

Jón Runólfsson.

Framanskriðuðum Landamerkjum erum við samþykkir.

Olafur Sigvaldason eigand og ábúandi að hálfum Kambi.

Í umboði eiganda halfrar jarðarinnar Kambs samþykki eg framanskriðuð landamerki  
Magnus Jónsson ábúandi á hálfu Kamb.

Í umboði eigandans að jörðinni Kletti samþykkir Einar Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Berufirði 19 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 49 bls 29-30  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 au  
bókun 25 [au]  
1 kr  
er ein króna borgað Fischer



Nr 50. (síá veðmálabók bls 206).

Landamerkjaskrá fyrir kirkjujörð Staðarkirkju Barmi í Gufudalssveit innan  
Barðastrandarsýslu.

1. Að innanverðu greinir svonefnd Gljúfrá, sem rennur í Djúpafjörð, Barms og Miðhúsaland, allt upp að svonefndu Vörðufelli. Fyrir framan fell þetta eru 3 gil og túnga ei all lítil milli vestasta og miðgilsins. Í túngu þessari eru 5 vörður hlaðnar og skal bein sjónhending eptir vörðum þessum ráða landamerkjum, frá neðstu vörðunni skal sjónhending einnig ráða niður í túngu odda. Þannig er Gljúfrá allt að Vörðufelli og sjónhendingslína sú, er þaðan er dregin eptir áður nefndum vörðum, landamerkjálína milli jarðanna Barms að sunnan og Miðhúsa að norðan.

2. Að ofanverðu á fjallinu (Hjallahálsi) eru landamerki milli Barms og Grafar eptir því, sem vötnum hallar til Djúpafjarðar og Þorskafjarðar.

3. Að utanverðu eru steinar þeir landamerki, sem standa á ytraleiti milli Barms og Hallsteinsness.

4. Fyrir sínu landa á Barmur í miðjan vaðal á Djúpafirði.

Engin önnur jörð á ítök í Barmslandi og sú jörð heldur engin í öðrum jörðum.

Stað 13 maí 1885.

Sem umráðamaður Jón prestur Jónsson.

Sem eigandi Hallsteinsness Ari Jónsson (handsalað).

Sem umráðam. Miðhúsa Jón pr. Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 50 bls 30 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr. 75 au  
bókun 25 [au]  
1 kr

er ein króna borgað Fischer



Nr 51 (sjá veðmálabók bls 206).

Landamerkjaskrá Fyrir Kirkjujörðinni Brekku í Gufudalssveit innan Barðastrandarsýslu.

1. Að innanverðu svo sem Mjallgil ræður uppá fjallsbrún og svo fram brún eptir sem vötnum hallar fram á fjall suður suður að svonefndu Sauðafelli á fjallinu og suður á hrigginn fyrir sunnan vestari hálsa.

2. Að austanverðu á fjalli uppi, alla leið sem vötnum hallar til Gufufjarðar útá Grónesfjall í Klettahyrnu upp af landamerkjalág svokallaðri.

3. Að utanverðu sjónhending úr áðurnefndri hyrnu ofan landamerkjalág beint til sjávar í sker á fjörunni. Þess má geta, að í láginni er þúfnagarður beint niður undan hvössustu hyrnunni, sem auglióslega er gamall landamerkjagarður, er enn má sjá glögg merki til.

4. Að vestanverðu svo sem miður vaðall á Gufufyrði ræður í miðja Gufudalsá og það sem hún ræður á neðra Gufudalsvatn gagnvart hinum innri merkjum Mjallsgils.

Prestssetrið Gufudalur á skógarhögg í svonefndum Brekkuhjöllum milli Mjallsgils og Reiðhamars, en jörðin Brekka á engin ítök í öðrum jörðum.

Stað á Reykjanesi 12 Maí 1885.

Sem umráðamaður Jón Jónsson (prestur)

Fyrir hönd umráðamanna Fremri Gufudals Jóhann Guðmundsson.

Sem eigandi og umráðamaður Grófuness. Halldór H Bjarnason.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 51 bls 31 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 au  
bókun 25 [au]  
1 kr

er ein króna borgað Fischer





Nr 52 (sjá veðmálabók bls. 206).

Landamerkjaskrá Fyrir kirkjújörðinni Miðhúsum í Gufudalssveit innan Barðastrandarsýslu

1. Að utanverðu Hálsá milli Miðhúsa og Grófuness og ræður hún einnig landamerkjum þessarar jarðar á fjalli uppi allt að upptökum sínum.

2. Innanverðu er Þórishólmi í Djúpafirði milli Miðhúsa og Djúpadals og sjónhendinglína úr honum, dregin í miðjan merkishjalla í hlíðinni, og þaðan bein sjónhending í fyrnefnda Hálsá á fjalli uppi.

3. Hinum megin Djúpafjarðar eru landamerki milli Miðhúsa og Djúpadals þessi: Kellingargil svokallað alla leið til þess það endar, þaðan sem vötnum hallar að Djúpafirði allt að landamerkjum Barms og Miðhúsa.

4. Hinum megin Djúpafjarðar eru landamerki þessi milli Miðhúsa og Barms: Gljúfrá, er rennur í Djúpafjörð allt uppað svonefndu Vörðufelli. Framanvert við fell þetta eru 3 gil og túnga ei all lítil milli vestasta og miðgilsins. Í tungu þessari eru 5 vörður hlaðnar, og ræður bein sjónhending eptir vörðum þessum landamerkjum frá neðstu vörðunni ræður einnig bein sjónhending niður í tungu odda. Þannig á jörðin Miðhús land eptir línu þessari að norðanverðu og jörðin Barmur að sunnan.

5. Enfremur á jörðin Miðhús beggja vegna í miðjum fjörð svo sem þessu landamerki ráða og allan þar, sem svo á stenz. Í öðrum jörðum á jörðin Miðhús engin ítök og önnur jörð heldur í Miðhúsalandi

Stað 13 Maí 1885.

Sem umráðamaður jarðarinnar Miðhúsa Jón prestur Jónsson.

Sem eigandi og umráðamaður Gróunes Halldór H. Bjarnason

Sem eigandi að Djúpadal samþikur Þ. Thorsteinsson.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 52 bls 31

vottar ALEFischer Sýslumaður

Borgun: Þinglestr 75 aur

bókun 25 [aur]

1 kr er ein króna borgað Fischer.



Nr 53. (síá veðmálabók bls 206).

Landamerkjalyásing Eyrar í Gufudalssveit.

Við undirskrifaðir gjörum hérmeð kunnugt: Að Landamerki Eyrar eru samqvæm gjörðum máldaga gjörðum árið 1607, rituðum á kálfskinn, – sömuleiðis eru Landamerki þessi samqvæm makaskiptabréfi Steinþórs Ormssonar og Bjarna Sveinssonar gjörðu 1630 á kálfskinn ritað eptir vitni Orms Daðasonar og Olafs Arnasonar 1738 sem og þinglesinni Lögfestu Finns Arasonar 24 Júní 1844 – Að út norðanverðu ræður Múla-á Landamerkjum, norður að so nefndum landamerkjælæk á múlaárbakka, þaðan til Landsuðurs beina sjónhendingu í rjúpnahól og þaðan í Landamerkjapúfu og beint á fjall upp að austan og sunnan ræður fjall og það er vötnum hallar á því til Eyralands, en að útsunnanverðu ræður, landamerkjagil, sem rennur úr fjalli innan svonefndu Hvíturð og til sjáfar, þar sem stóri steinnin stendur í flæðarmáli.

Tuttugasta Maí 1885 – þessu til staðfestu eru okkar jarðareigenda undirskrifuð nöfn og heimili.

1. Ari Finnsson á Bæ
2. Þorarin Þorláksson á Hvallátrum
- 3, Jón Finnsson á Hjöllum
- 4, Arnfinnur Björnsson ábúandi á Eyri.

Þessum hér skrifuðum landamerkjum erum við nábúar samþykkir

Ari Jónsson á Múla og Olafur Helgi Þorsteinsson á Galtará.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 53 bls 32  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 au  
bókun 25 [au]

1 kr er ein króna borgað Fischer.



Nr 54. (sjá veðmálabok bls 206).

Landamerkjaskrá fyrir Djúpadal.

Móti Miðhúsum Djúpadals landamerki eru það eg frekast veit hríngín í kring um dalín þanníg að byrjuð er tilsögn í svonefndum Þórisbólmi og sjónhending úr honum (til vesturs) í miðjann Merkishjalla, þaðan beint í sömu átt upp á fjallsbrún, og vestur eptir henni eptir sem vötnum hallar til dalsins og þá allt af beina stefnu í hátt norður með dalnum, eptir fjallinu og vötnum hallandi til dalsíns, allt norður undir kjöl fjallgarðsíns eða Þorskafjarðarheiðarveg, þó tilbaka aptur fram af miðjum Dalsdrögum til suðurs eptir sem vötn halla og sjónhending í svonefnda Miklavatnsenda að framanverðu og með því að vestanverðu svo leingi það endist, þó úr því eptir sem vötnum hallar bæði til dalsins og að draganda þess er fer að renna í svonefnt KerlíngaGíl, hvörju Gíli Djúpadalsland fylgir til sjáfar og þaðan sjónhendíng í vestur í þann upphaflega tilnefnda Þórisbólma.

Ofansagt vitnar eptir bestu vitund

Djúpadal 2 Maí 1884.

Þ. Thorsteinsson.

Ofanskrifaða landamerkjaskrá samþíkki eg undirskrifaður sem viðkomandi bóndí á Miðhúsum Jón Jónsson.

p.t Þórisstöðum 18 maí 1885

Sem umráðamaður Miðhúsa samþykkur Jón prestr Jónsson.

Lesið á manntalsþingí að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landa merkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 54 bls 32

vottar ALE Fischer Sýslumaður

Borgun Þinglestr	75 aur
bókun	<u>25 [aur]</u>
	1 kr

er ein króna borguð Fischer



Nr 55. (síá veðmálabók bls 206).

Landamerkjaskrá Þórisstaðar móti jörðunum Hjöllum, Barmi og Gröf

Þórisstaða landamerki eru það eg frekari veit að utanverðu við svonefnda Búlká og með henni frá sjáfarmáli upp að svonefndum hærri Búlkarbotnum og þá upp með þeim að framanverðu eptir sem vegur liggur og gata tilvísar beint í vestur allt upp að Skarði litlu með klettabelti í og hlöðnu þar á vörðubroti á svonefndu Lángholti og þá allt af fram eptir sama Lángholti (til útnorðurs) eptir sem vötnum hallar af því suðurs alla leið norður, eða fram að svonefndum ydsta Miklavatnsenda og þá með því í austur að lænum þeim er úr sögðu vatni renna í svonefnda Hjallá, hvor á er aðgreining landanna Hjalla og Þórisstaða í milli til sjáfar.

Ofansagt vitnar eptir bestu vitund.

Djúpadal 2 Maí 1884.

P. Thorsteinsson.

Samþykkir fyrir mig og sameignarmanns að jörðinni Gröf Jón Gestsson

Sem umráðamaður Barms Jón Jónsson (prestur).

Samþykkur fyrir jörðina Hjalla Jón Finnsson.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landamerkiabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 55 bls 33 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 aur

bókun 25 [aur]

1 kr er ein króna borgað Fischer



Nr 56 (síá veðmálabók bls 206).

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Skálanesi í Gufudalshreppi innan Barðastrandarsýslu.

1. Að vestanverðu eru þessi landamerki milli Skálaness og Kleifastaða í Kollafirði: úr miðjum Kollafirði bein sjónhending í miðjan Flathólma, þaðan aptur sjónhending uppí innri Garða, og þaðan bein sjónhending uppá fjallsbrún. Þá þaðan aptur sjónhending og austur á fjallshrygg þann sem aðskilur lönd þessara jarða svo langt sem Skálanessland nær fram eptir fjalli.

2. Milli Skálaness og Gufudals eru landamerki þessi: bein sjónhending austur fjallið, úr áðurnefndum fjallshrygg utanvert í svokallaðan flór og læk þann, sem úr þeim rennur, og Eylífsselulækur kallast, og ræður lækur sá landamerkjum til sjáfar og úr honum beina stefnu í miðjan Gufufjörð.

I Skálanesslandi á Gufudalur skogarhögg á Melanesi milli Eylífsselslækjar og Kiðabergs allt til sjáfar ennfremur Maríutröð út undir Skálaneshvammi. I öðrum jörðum á Skálanes engin ítök.

Skálanesi 16 maí 1885.

Sem meðeygandi og ábúandi Skálanes Jón Einarsson.

Sem umráðamaður Gufudals Jón prestur Jónsson.

Sem meðeigandi Skálanes Þ. Thorsteinsson.

Sambíkkur Kleifastaða eiganda vegna J. Finnson.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landamerkiabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 56 bls 33 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr	75 aur
bókun	<u>25 [aur]</u>
	1 kr

er ein króna borgað Fischer.



Nr 57 (síá veðmálabók bls 206).

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Gróunesi í Gufudalssveit innann Barðstrandarsýslu.

1. Að sunnanverðu eru landamerki milli Gróunes og Miðhúsa Miðhúsaá eða hálsá og greinir hún skír landamerki svo langt fram á fjall sem talið verður til landamerkja og til sjóar og svo frá árosnum beint fram í miðjann djúpafjörð og út þann miðjann og suður í miðjann Þorskafjörð svo beint vestur Þorskafjörð og í miðjann Gufufjörð og inneptir honum á móts við svokallaða landamerkjala þá sjónhending úr miðjum fyrðinum í landamerkjala og beint í hrynuhornið upp af henni og svo sem fjallbrunninn ræður fram fyrir lómahnuk og þá eptir fjallhriggnum svo langt sem talið verður til landamerkja.

Gróunesi 14 Apríl 1885.

Halldór H. Bjarnason.

Að ofanskriðuð landamerki sjeu rjett tilgreind, vottar pt. Garpsdal 6 Maí 1885

Johannes Olafsson

Sem umráðamaður Miðhúsa Jón prestr Jónsson. Jón Jónsson Miðhúsum.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 57 bls 34 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 au

bókun 25 [au]

1 kr er ein króna borgað Fischer



Nr 58 (síá veðmálabók bls 206).

Landamerkjaskrá Jarðarinnar Kleifastaða í Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu, eign  
Margrjetar Finnsdóttir á Hofstöðum.

1. Að útsunnanverðu eru merkji milli Kleifastaða og Skálaness frá síó yfir miðjan flathólma, þaðan í innri garða og úr þeim beina stefnu upp á brún; þaðan eptir því er vötum hallar norður eptir fjallinu alt að Galtará landamerkjum.

2. Að norðanverður eru merki milli Kleifastaða og Galtará. Úr svokölluðu landamerkjaskjeri (boða) í kletta þá uppá bökkum sem Hamrar eru kallaðir, þaðan í klettstand sem er uppí hlíðinni rjett fyrir utan gil það er kjemur ofan upp af hömrunum og svo beint til fjals.

Aðrar jarðir eiga eingin ítök í Kleifastaðalandi og Kleifastaðir heldur ekki ítök í öðrum jörðum.

Hjöllum við Þorskafjörð 13 Maí 1885.

I umboði eigandans Jón Finnsson.

Samþikkur eigandanna vegna að Galtará Olafur Þorsteinsson.

Hefur samþikt sem meðeigandi Skálaness og ábúandi Jón Einarsson.

Sem umráðam. hiáleigunnar Hofstaða Jón Jónsson (pr. Stað).

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 58 bls 34 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr 75 aur

bókun 25 [aur]

1 kr er ein króna borgað Fischer



Nr 59 (sjá veðmálabor bls 206)

Undirskrifaður gjörir kunnugt. að Seljaland á land i Fjarðarhornsa og ræður hún landamerkjum norður í borgri [svo] á Kollafjarðarheiði en að utan og vestanverður [svo]: Frakkadalsá og norður á fjöll sem vötnum hallar. Þessu til staðfestu er nafn mitt og heímilí.

Seljaland 18 Mai 1885.

í umboði jarðareiganda Bjarni Þórðarson.

Samþykkur fyrir Klett: Þórður Arason.

J umboði eigandanna að Fjarðarhorn.

Guðmundur Björnsson

Sveinbjörn Einarsson.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 mai 1885 og innfært i landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 59 bls 34

Vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr 75 au

bókun 25 [au]

1 kr er ein króna borguð Fischer





Nr 60. (sjá veðmálabók bls 207).

Landamerkjaskrá Jarðarinnar Hjalla í Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu, eign bóndans Ara Finnssonar á Bæ á Rauðasandi.

Að utanræður Hjallar á frá sjó alt uppi svokallað míklavatn upp á fjalli (og aðskilur hún Hjalla og Þórisstaðalönd) fyrir vestan mikla vatn, er fjallið með hrigg, norður eptir og hallar eptir honum vötnum öllum, og er hríggur þessi landamerki milli Hjalla og Djúpadals. frá míkla vatni alt norður á fjall, alt að Gili því er Stokkgil er kallað og rennur það ofaní botninn á Þorgeirdal úr norðri, og rennur Múlakotsá að öðru nafni Þorgeirdalsá úr Stokkgili þessu ofan til sjóar, og aðgreinir hún lönd Hjalla og Múlakots eptir dalnum. Aðrar jarðir eiga eingin itök í Hjallalandi og Hjallar ekki heldur í öðrum jörðum.

Hjöllum við Þorskafjörð, 13 Maí 1885.

J umboði eigandans Jón Finnsson.

Samþikkur sem eigandi Þórisstaða Þ. Thorsteinsson.

Jón Jónsson sem umboðsm. Múlakots.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og ínnfært i landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 60 bls 35  
Vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 au

bókun 25 [au]

1 kr er ein króna borguð Fischer



Nr 61. (sjá veðmálabók bls 207).

Undirskrifaður ábúandi Kletts við Kollafjörð gjörir hér með kunnugt að Klettur á land að Fjarðarhornsa Go Frakkadalsá og ræður hún landamerkjum norður á Fjöll Klettur á land norður að Rauðaborg og svo sem vötnum hallar út Klettsfjall að utanverður á Klettur land á bæarhlíð i ytra deildargil og það beint til sjáfar og stendur steirn á deildargils farveg sem sinir glögt hverki aðyjum. Þessu til staðfestu er nafn mitt og heímili ásamt nábúa minn[a]

Klett 18 Maí 1885.

Þórður Arason

J umboði jarðareíginda að Seljaland og Bæ Bjarni Þórðarson.

Einar Asgeirsson

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 61 bls 35

Vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 au  
bókun 25 [au]

1 kr er ein króna borgað Fischer



Við undirskrifaðir gjörum hérmeð kunnugt: að útsunnan ræður landi á Fjarðarhornshlíð, Brunngilið sunnan Landsunnan og austan ræður fjöll og það er vötnum hallar að Fjarðarhornslandi, sömuleiðis á Kollafjarðarheiði heilst frá sjó og fram í Borgir. ræður Fjarðarhornsá landi. allan Fjarðarhornsdal, og fjalldal í vestari ána.

Þessu til staðfestu eru okkar undirskriftuð nöfn og heimili jarðareigendur

1. Gísli Finnsson í Hergilsey
- 2, Helgi Arason á Hólshúsum
3. Arnfinnur Björnsson á Eyri
4. Ingibjörg Aradóttir í Skálmardal
5. Guðmundur Björnsson og ábúandi, sem og Sveinbjörn Einarsson.

Samþykkir nágrannar í umboði jarðaeigandanna Ari Jónsson á Múla og Bjarni Þórðarson á Seljalandi.

Fjarðarhorni 19 Maí 1885.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 62 bls 35 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      75 aur  
          bókun            25 [aur]  
                              1 kr

er ein króna borgað Fischer



Nr 63 (síá veðmálabók bls 207).

Landamerkjalyásing Kálfadals í Gufudalssveit 19 Maí 1885.

Múlaá og Miðá í Kálfadalstungum ráða landi og það norður á fjöll er vötnum hallar að kalfadal að útvestan ræður landamerkju læna <sup>hjá</sup> svart hamri þaðan beint til fjalls og sem að vötnum hallar og það á fjalli að Kálfadalslandi.

Þessu til staðfestu okkar undirskrifuð nöfn og heimili. eigendur

1. Jón Halldórsson á Laugabóli
2. Guðrún Finnsdóttir í Bæ á Rauðasandi.  
áBuandi Bæring Jóhannesson

Samþykkir í umboði jarðareiganda nágranni Ari Jónsson á Múla.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 63 bls 36 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 au  
bókun 25 [au]  
1 kr er ein króna borgað Fischer



Nr 64 (sjá veðmálabók bls 207).

Landamerkjalyising Múla við Kollafjörð.

Við undirskrifaðir gjörum hérmeð kunnugt: Að norðvestan ræður landamerkjum Brunngil á Fjarðarhornshlíð Múlaá fra sió og fram Kálfadalinn og milli Múla og Kálfadals læna hja svarthamri og þaðan til fjalls, en að austan Múlaár frá læknunum á Múlaárþakka beint í rjúpuhól, þaðan í Landamerkjabúfu og beint upp til fjalls þaðan fram og austur alt land sem Múlaá og Miðá í túngunum ræður og á fjöll um sem vötnum hallar að Múlalandi

19 dag Maí 1885

Þessu til staðfestu [o]kkar undirskrifuð nöf og heimili, eigendur

1 Hafliði Eyólfsson í Svefneyum

2) Jóhann Eyólfsson í Flatey

3 Þorlákur Bergsveinsson á Melum

4 sem umboðsmaður Bergsveirn Jónsson í Hvallátrum, ábúandi Ari Jónsson

Samþykkir í umboði jarðaeigandanna nágrannar Guðmundur Björnsson og Sveinbjörn Einarsson á Fjarðarhorni og Arnfinnur Bjarnason á Eyri og Bæring Jóhannesson á Kálfadal.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 64 bls 36 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 au

bókun 25 [au]

1 kr er ein króna borgað Fischer.



Nr 65 (síá veðmálabók bls 207).

Jeg undirskrifaður lysi landamerkjum á jörðinni Galtará að norðannverðu eru landamerki undann stórum steini í fjörunni og í læk sem rennur úr fjallsbrun beint undann steininum fyrir innann hvíturð enn í utsuður eru landamerkja boði og í hamra og í klettsland í hlíðinni rjett fyrir utann gil það er kemur ofann beint ur hömronum og svo beint til fjals og svo suður fjallið eptir sem vötnum hallar.

Galtara 12 Maí 1884.

Olafur Þorsteinsson.

Samþikkur í umboði jarðaeigandanna ábúandi Kleyfastaða Brinjólfur Benjamínsson.

[Samþikkur í umboði jarðaeigandanna ábúandi] Eyri Arnfinnur Björnsson.

Jarðeigendur að Galtará: Daði Eggertsson, Björn Björnsson, Magnus Oddsson og Margrjet Finnsdóttir.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal 21 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 65 bls 96.

vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 au  
bókun 25 [au]  
1 kr

er ein króna borgað Fischer



Nr 66. (sjá veðmálabók bls 207.)

Landamerkjaskrá Kirkjuból á Litlanesi að vestannverðu landamerki marksgyl og eftir læknum ynnann tíl víð marks kletta beint frá fjalli tíl fjöru að sunnann verðu í syðra svartagil beint frá fjalli tíl fjöru geta skal þess að Flateyarkírka á Skóarhögg mílli svörtu gíla.

Kirkjubóli 14 Febrúar 1885.

eigandi Samuel Jonsson og Eiríkur Jónson.

firir hönd eígana ábuandi Gestur Jonson samþikkur

fyrir Litlanes: –

fyrir Firði: Guðrun Jónsdóttir samþikkur.

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi 23 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 66 bls 37 vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun: Þingestr 75 au

bókun 25 [au]

1 kr er ein króna borgað Fischer



Nr 67. (sjá veðmálabók bls 207)

Landamerkjaskrá fyrir Litlanes í Múlahrepp eru að vestanverðu í svonefnda Skiptaá, hún rennur úr Skiptárvötnum og beint til sjávar; að sunnanverðu í Marksgil, og svo sjónhendingu eptir litlum læk til sjáfar, sem rennur innantil við marksklettana.

Samþykkur umboðsmaður jarðeigenda O. Guðmundsson.

Fyrir hönd eigendanna að Kirkjubóli G. Sæmundsson.

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi 23 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A Sub Nr 67 bls 37 vottar ALE Fischer.

Borgun: Þinglestr 75 au  
bókun 25 [au]  
1 kr er ein króna borgað Fischer





Gerði í Barðastrandarhreppi, bls. 37

Nr 68 (sjá veðmálabok bls 210).

Landamerkjaskrá. Landamerki Gerðis liggandi í Barðastrandarhrepp, eign Jakobs Athanasíussonar.

Að uttann Merkja Steirninn í Hvölfunum þaðann beina sjónhending á fjöll upp. En ofan frá Steinum eftir línu beint í Landa Merkjagarðinn milli bægjanna beint til sjáfar utan til við naust vegginn. Að ynnan Verðu eru Merkin milli Gerðis og Miðhlíðarpartsins + og M skorið á Grundunum og í stein merktan M og frá þeim beina sjónhendingu til fjals og sjáfar í þessu land á eingi ítök til neinna afnóta.

Gerði 20 Maí 1885

Jakob Athanasíusson, Eigandi jarðarinnar.

Nábúi á báðar hliðar samþykkir Vigfús Erlendsson, eigandi jarðanna, Handsalað Jakobi.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli 26 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 68 bls 37 v  
ottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 aur  
bókun 25 [aur]

1 kr er ein króna borguð Fischer.



Haukabergr, Brekkuvöllur og Fótar í Barðastrandarhreppi, bls. 37-38  
Nr 69 (sjá veðmálabók bls 210).

Landamerkjaskrá Jarðanna Haukabergrs, Brekkuvallar og Fótar liggjandi í Barðastrandarhreppi í Barðastrandarsýslu sem er eign Guðmundar Jónssonar bónda á Haukaberghi 13 hndr. að fornu mati og eign Markúsar Snæbjörnssonar á Geirseyrri 17 hndr. að fornu mati og lýsum við báðir undirskrifaðir eigendur tjeðra jarða landamerkjum sem fylgir

1, Að utanverðu milli Haukabergrs og Holts á Haukabergrsþorp (ofanskrifaðar jarðir) land frá sjó eptir Haukabergrsvaðli og eptir Holtsá að þverá og eptir henni á kjöl.

2, Að innanverðu milli Haukabergrsþorps og Miðhlíðar á Haukabergrsþorp land frá fjalli til fjöru beina sjónhendingu úr hrafnagjárnefinu ytra í kloppina fyrir neðan deildarhrigginn og það beina sjónhending til sjóar.

Ofanefndar jarðir eiga eingin ítök í öðrum jörðum og aðrar jarðir eingin ítök í þeim.

Haukaberghi 7 marz 1885.

Guðm. Jónsson.

allir viðkomandi eru samþykkir.

Geirseyrri 11 Maí 1885

Vigfús Erlendsson

Johann Einarsson

M. Snæbjörnsson.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli 26 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Lrt A súb Nr. 69 bls. 37-38  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Pinlestr 75 aur

bókun 25 [aur]

1 kr er ein króna borguð Fischer.



Nr 70 (síá veðmálabók bls 210).

Landamerkjaskrá Fyrir Hreggstaði, að utann ræður Siglunesá frá upptökum til sjáfar að innanverðu er skjer í sjónum sem kallaður er klakkur og er bein sjónhending úr honum og í ein hamar, er stendur í fjallshlíð þar nokkru ofan og þaðann beina sjónhending eptir hábrúnum á svokölluðum Hreggstaðadal uppá hraun er liggur út af svo kölluðum vatnskleyfum, Hreggstaðir eiga eingin ítök í öðrum jörðum og ekki heldur aðrar jarðir ítök í þeim.

Hreggstöðum 18 Maí 1885.

umboðsmaður eiganda Eyólfur Jóhannsson Flatey

Samþikkur landamerkjum að utanverða er Kristófer Sturlason fyrir Siglunes

Gísli Snæbjörnsson fyrir Skriðnafell.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli 26 maí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 70 bls. 38

vottar ALEFischer Sýslumaður

Borgun: Þinglestr 75 aur

bókun 25 [aur]

1 kr er ein króna borguð Fischer



Landamerkjaskrá Fyrir jörðinni Granda í Dalahrepp og Barðastrandarsýslu.

a. Milli Granda og Feigsdals liggja merki úr vörðu er stendur á holti framan til við svokallaða Feigsdalsá, úr nefndri vörðu ræður sjónhending eptir tveim vörðum er framar standa beint í fossinn á Heiðardalsá.

b. Milli Granda og Hóls eru landamerki úr rúnastein neðst í hlíðinni beint í ána og bein sjónhending frá sama steini í hæðstu fjallsgnýpu.

Þessi landamerki, sem hafa við gömul skjöl að styðjast auk viðtektar svo lengi sem menn muna, staðfestum við undirskrifaðir með nöfnum okkar og að ítök sjeu engin.

Selárdal 27 apríl mán 1885

Lárus Benediktsson, umboðsmaður Granda.

Guðmundur Björnsson, eigandi Hóls.

Fullmaktaður ábúandi Feigsdals Jens Þorvaldsson.

Lesið á manntalsþingi að Fífustöðum 5 júní 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 71 bls 38-39  
vottar ALEFischer Sýslumaður

Borgun: Þinglestr 75 aur  
bókun 25 [aur]  
1 kr

er ein króna borgað Fischer



Landamerkjaskrá Fyrir jörðinni Feigsdal liggjandi í Dalahreppi innan Barðastrandarsýslu.

1. Landamerki milli jarðanna Feigsdals og Bakka eru gil í fjalli er kallast markgyl ofann undann því garður er kallast markhrikkur á honum eru hlaðnar þrjár vörður og eptir tveimur neðri vörðunum bein sjónhending í vörðu er hlaðin er við ána.

2. Landamerki milli jarðanna Feigsdals og Granda eru úr vörðu er Stendur á holti framan til við svo kallaða Feigsdalsá úr nefndri vörðu Sjónhending eptir tveimur vörðum er Standa framar miðaðar í Fossinn í Heiðardalsá.

Feigsdal 28 Novinber 1884

Fullmaktaður ábúandi Feigsdals Jens Þorvaldsson.

Eigandi Bakka: Jón Eiríksson.

umboðsmaður Granda. L. Benediktsson.

Lesið á manntalsþingi að Fífustöðum 5 júní 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 72 bls. 39 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 au

bókun 25 [au]

1 kr er ein króna borguð Fischer



Nr 73 (sja veðmálabók bls 215).

Landamerki kirkjujarðarinnar Arnarstapa í Tálknafjarðarhrepp eru

a) Að innanverðu gagnvart jörðinni Sellátrum skiptir svonefnd Arnarstapa á löndum eins og tekið er fram í landamerkjaskrá Sellátra frá 22 nóvemb 1883.

b) að utanverðu teljast landamerki milli Arnarstapa og Krossadals að vera bein lína frá sjó í stein þann er Slútir (Slútandi) kallast og þaðan aptur á fjallsbrún og er steinn þessi rjett fyrir innan hinn svokallaða grjóthól. Að öðru leiti ræður sjór og fjallsbrún landamerkjum landarinnar.

Hún á engin ítök í annara jarða landi og aðrar jarðir ekki heldur í hennar, að öðru leyti en því að presturinn í Selárdal á þar verbúð og kirkjan í Selárdal sem jörð þessa á hefur rjett til að halda þar verbúðir og leigja öðrum vergögn í landi jarðarinnar. Þannig löguð landamerki staðfestum vjer með undirskript.

Gjört að Selárdal í maí mánuði 1884.

L. Benediktsson (prestur í Selárdal)

J Th Johnsen (sem eigandi og umboðsmaður að nokkru í Krossadal.

Friðrik Jónsson, Meðeigandi í Krossadal.

K. Oddsson, eigandi að Sellátrum.

Lesið á manntalsþingi að Kvígyndisfelli 6 júní 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 73 bls 39 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      75 aur  
                  bókun        25 [aur]  
                                  1 kr

er ein króna borgað Fischer



Samkvæmt fyrirmælum landamerkjaganna frá 17 marzmánuði 1882 lýsi jeg undirskrifaður hjermeð Vatneyrarland vera af innanverðu svokölluðu „Klifi“ sem er í millum Vatneyrar og Geirseyyrar og það eptir sem vötnum hallar til fjalls og fjöru að undanskildu reka og beit sem samningur frá 11 degi septembermanaðr 1869 tiltekur) í stóran stein sem er í millum svokallaðs „Sporhamars“ og urðarinnar sem kölluð er príhirningur.

Vatnseyri 3 Júní 1885.

S. Bachmann.

Samþikkur merkjum þessum milli Suður eyrar og Vatneyrar er eg undirskrifaður J. Th. Johnsen.

Samþikkur M. Snæbjörnsson.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Ørlygshöfn ~~og~~ 15 júlí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 74 bls 40 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 aur

bókun 25 [aur]

1 kr er ein króna Fischer.



Nr 75. (sjá veðmálabók bls 217).

Landamerki milli jarðanna Geirseyrar og Raknadakls eru sem fylgir

Geirseyri á land í svokallað Altarisberg á hlíðunni; Mikludal og Litludal alt sem vötnum hallar á hæðstu fjalla hryggjum.

Og til móts við Vatneyri á Geirseyri eptir landamerkjasmning dagsett 11 Septemb. 1869, sem er þinglesin (undir Nr 390) landamerki eru í klifklettin við sjóin og í vörðu sem er hlaðin uppí hlíðunni.

Eptir S 2 í landamerkjasmning þeim á Geirseyrareigandi fullan rjett til vetrarbeitar fyrir „sauðfje“ án tillits hvað margt yfir allan vetur ár hvert. og má reka og halda til beitar á svokölluðum Vatneyrarhlíðum „sauðfje“. Skildi hvali reka uppa land annarshvers eiganda, skal hver hafa halfan landshlut. Allan annan reka á hver fyrir sínu landi.

Geirseyri 5 Febrúar 1885.

M. Magnusson

S Bachmann.

M Snæbjörnsson

Til Sýslumannsins í Barðastrandarsýslu.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Ørlygshöfn 15 júlí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 75 bls 40 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr	75 aur
bókun	<u>25 [aur]</u>
	1 kr er ein króna Fischer





Hvalsker í Patreksfirði, Rauðasandshreppi, bls. 40-41  
Nr 76 (sjá veðmálabók bls 217).

Landamerkjaskrá kirkjujarðarinnar Hvalskers í Patreksfirði.

Landamerki jarðarinnar eru: Að innanverðu: Frá sjó eptir Mikladalsá allt þar til er Þverá rennur í hana.

Að sunnanverðu: Frá Mikladalsá að innan eptir Þverá allt vestur í Víðirvatn.

Að utanverðu: Frá Víðirvatni að sunnan ofan eptir miðjum Skershálsi sem vötnum hallar ofan að hinum stóra steini, er stendur neðan undir miðjum hálsmúlanum; þaðan beina sjónhending ofan í innanvert Lón.

Sauðlauksdal, 4 ágúst 1884.

Jónas Bjarnason, p.t umráðamaður tjeðrar kirkjujarðar.

Samþykkur þessari landamerkjaskrá er undirskrifaður eigandi að 4 hndr. (fjórum hundruðum) í jörðunni Skápadal. Bjarni Jónsson.

Sömuleiðis samþykkur fyrir hönd ómyndugra erfingja, sem eru meðeigendur í jörð þessari (c: Skápadal) Björn Pjetursson (handsalað).

Samþykkur Jónas Bjarnason p.t. umráðamaður prestseturins Sauðlauksdals.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Ørlygshöfn 15 júlí 1885 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 76 bls 40-41  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr 75 au  
bókun 25 [au]

1 kr er ein króna borgað Fischer.



Nr 77. (sjá veðmálabók bls 231).

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Reykhólum á Reykjanesi innann Barðastrandarsýslu, uppskrifuð árið 1884 af eiganda Reykhóla Bíarna Þórðarsyni bónda á Reykhólum.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Reykhólum á Reykjanesi.

Landamerki þau sem áreiðardómur Orms lögmanns Sturlusonar fra 1572 ásamt fleiri skjölum helga Reykhólum og sem er er innann þeirra ummerkja sem hjer segir:

Fyrst bein sjónhendíng úr utanverðum Grundarvogi upp eptir Krókalæk, upp mýrarnar bein sjónhendíng í stóru laugína fyrir innann Höllustaði og það beint áfram uppi fjallshlíðina að ferðamannagötu, þaðan beína sjónhendíng í Rastarhryggsgjá og úr nefndrí gjá óskekka sjónhendíng yfir bjargsfjallshornið að Heyá og framm eptir henni, framm að skíptstjörn þeirri neðri og frá neðsta horni tjarnarinnar beína sjónhendíngu í hæðstu nónborg og af henni hæðstri beína sjónhendíngu í kollinn á Rjúpnafelli og þaðann beína sjónhendíngu fyrir austan Jsavatn í drangínn á innri Þúfnarjórðurslæk, sem rennur millum Hyrnínsgstaða og Þúfnarjórðurs, og það beint áfram á Berufjörð miðjann og úteptir honum mitt á millum Hafrafellsbakka og seljanesstrandar, út á bí víð læk þann sem rennur fyrir innann svokallað Barmahraun, þaðan upp í nefndann læk og upp eptir honum fyrir innann norðurfell og stuðlabrún, og skílur lækur þessi, lönd kirkjujarðarinnar Barma og seljanesstrandar, þaðan eptir hæðstu fjallinu útfyrir ofann stuðlabrún fyrir botninn á Nautadal og þaðan ofan í svonefndann skálarhaus; þaðan bein sjónhendíng ofan í miðja vökugróf og þaðann beint áfram á sjó út, mitt á millum Hundsskers og Barmalanda og inn eptir miðjum álnum inn á Berufjörð miðjann á bý við áður ámínnstann hraunlæk, á því nefnd kirkjujörð Barmar allt það land sem er innann greindra ummerkja nl. hraunlækjar og vökugrófar að neðan og norðurfells og skálarhaus að ofan, og það upp á fjall og ofan í sjó sem áður segir.

Úr nefndum skálarhaus upp á fjall og vestur eptir hæðsta fjallínu út á bý við sljettabergsgjá og úr nefndrí gjá, mitt á millum sljettuberganna bein sjónhendíng ofan mýrarnar ofan í grænklett, úr nefndum grænklett beint í suðaustur mitt á millum stóru og litlu geldíngseyar og það óskekka sjónhendíng á sjó út, á breiðasund mídt, þaðan fram sunðið mídt á millum Reykhóla og Miðhúsaeya og þaðan beint áfram mídt á millum hnífskers og Helgaeyahríggis, og þaðan beint út röstina mídt á millum Húseyarskerja og bugskers og þaðan beint mídt á millum þernuhólma við Skarðseyar og Hrafnseyar í Akureyalöndum, þaðan beint nordvestur, mídt á millum Arnóreya og ytstu eyaskerja og þaðan beint mídt á millum Akureya og Æðikletta, og þaðan beint út röstina mídt á millum flíkraskerja og bogaskersnagga, þaðan mídt á millum nefndra nagga og bats, þaðan bein sjónhengíng mídt á millum svuntu og nefndra nagga að norðan, þaðan beint inn eptir, mídt á millum Sveíns-skers og Högnaskers og þaðan eptir því sem djúp ræður millum Högnaskers og Nóneyar uppi fyrst ámínnstan Grundarvog.

Ennfremur skal getíð þeirra eigna kirkjunnar, er þá fyrst eya sú í Bjarneyaflóa er kirkjan á Reykhólum á og sjó um hverfís hana sem lög ytrast leifa, sem Stagley heítir. Sama kirkja á og svo óbyggt land fram úr Þorskafirði, sem nefnd er Kvannahlíð með þeim ummerkjum



samkvæmt vítísburðum bræðranna Brands Sumarliðasonar af 8 júlí 1883 og Sumarliða gullsmíðs í Ædey af 6 október s.á. eptir því sem Þorskafjarðará ræður, fram Jsfirðinga- og Andrjesargil fyrir sunnann svonefndann gölt og fram eptir fjalldalsánni norður á heíði, skilja ár þessar lönd kvannahlíðar og Kollabúða, en að neðan skilur grjótá lönd millum nefndrar kvannahlíðar og Múlakots uppí svo nefnt grjótárvatn og þaðan uppá hæðst kvannahlíðarfall og eptir hæðstu hriggum þess, norður á svonefndan gafl, þaðan ofan eptir fjallinu á svonefnda heimri þrepskulda, eptir því sem vötnum hallar á báðar síður, til Jsfirðingagils að norðan, og Þorgeirsdals að vestan og eptir Þrepskuldunum hæðstu norður á fjoll.

Einnig á kirkjan á Reykhólum eptir Vilkinga og Gísla máldögum, reka allann á Sandnesi við Steingrímsfjörð að helmíngi svo vel á skerjum þeim og grynníngum, sem eru þar út á firðinum sem á megin landi. Eptir sömu máldögum á nýnefnd kirkja 24 manna sölvatöku í Saurbæarfiöru.

Hjernæst eiga hiáleigur Reykhóla tún og engjar, úrskipt frá landi heímajarðarinnar, með þeim ummerkjum sem hjer segjir.

1. Landamerki fyrir hiáleigunni Grund eptir því sem Grundará ræður efst úr Grundardal og það ofan að stórum steini sem stendur neðst á skeiðínu, fyrir ofan Árnahús, frá nefndum steini bein sjónhendíng út myrarnar í stóra steínhnúgu [svo] neðan til víð efri hesthólataglið og þaðan beint í hesthólagjá og það inneptir hæðstu fjallinu ínn á bý víð Grundar-dal, er því Grundarland ínnan þessara ummerkja.

2. Rúnkahús eiga land innan þessara ummerkja sem hjer segjir; frá stórum steini í kaldranahaus bein sjónhendíng í midt bólaskiði; þaðan bein sjónhendíng í miðja leirtjörn og úr henni eptir skurðinum i kveralækjagötu og uppeptir henni i hæðsta hellírshóla og ofan af þeim á garðlag það, sem stendur ofan til víð Rúnkahúsabæ og upp eptir því að fyrst áminnstum steini

3. Austurgarðar eiga land frá Árnahúsum eptir gamla farveg áarinnar í Míðhúsavogsbotn, og þaðan eptir skurðinum í langavatns enda, þaðan bein sjónhendíng í gamlann kálgarð í rauðsteíg og úr honum upp með Logavelli að fyrstáminnstum steini.

4. Fjósakot á úr áður nefndum langavatnsenda út með vatninu, út í sjóargötu og þaðan upp i kveralækjagötu og upp eptir henni, uppað Pjeturs-tröð og það ínað Austurgarðalandi og túníð upp að því jarðlægi sem er fyrir ofan það, millum þess og flatarmóanna.

Allt það sem er innan þessara hjer að framan áminnstra ummerkja telja eígendur Reykhóla skýlausa eign strags nefndrar jarðar með öllum þeim gæðum til lands og sjóar, hverju nafni sem nefnist og óska því, að þeir sem lönd eíga eður umboð hafa á móts víð nefnt höfuðból, mætti þóknast að ríta hjer upp á nöfn sín, sem fullkomlega samþykkir landamerkjaskrá Reykhóla sem hjer fyrir framan rituð er, en ef einhver mót von víldí eigna síer meíra eður minna til lands eður sjóar á jörð eða i, á sjó eður í vatni, sem er ínnan nefndra ummerkja, og þessvegna ekki vilji ríta hjer undír nöfn sín, þá verða þeir að vínna það undan Reykhólum með fimmtardómsmáli.

Reykhólum 16 febrúarmánaðar 1884.

Eígangí og ábúandi Bíarni Þórðarson.



Sem eígangí og ábúandí Akureya er jeg samþykkur framannefndri landamerkjaskrá Reykhóla P. F. Eggerz.

Sem eigandi og ábúandí Hafrafells er eg samþykkur framanskrífaðri landamerkjaskrá Reykhóla Gísli Gestsson.

Samkvæmt þartil gefinní fullmakt af eiganda jarðarínnar Hyrníng[s]staða herra Olafí Teítssyni á Svíðnum undírskrifar Pjetur Gestsson.

Vegna eígangda jarðarínnar Kollabúða undírskrifar Jóhann Guðmundsson (bóndí á Kollabúðum).

Samþykkur vegna jarðarínnar Tjaldaness undírskrifar Magnus Jónsson.

Sem eigandi að meiri partí Míðhúsa og ábúandi að nokkru af nefndri jörð, undírskrifar sem samþykkur Reykhóla landamerkjaskrá Páll Ingimundarson.

Sem eígangí að nokkru af jörðínní Míðhúsum undírskrifar sem samþykkur Reykhóla landamerkjaskrá Jón Pálsson.

Sem umboðsmaður og ábúandí Skerðíngsstaða undírskrifar og samþíkkír vegna eiganda nynefndrar jarðar framanskrífaða landamerkjaskrá Reykhóla. Jón Jónsson.

Vegna Skarðseignar samþíkkír J Magnússon.

Samþykk sem ábúandi Hróteya og eigandi að nokkrum hluta sömu eya Sigprúður Vídalín.

Jón Jónsson (prestur) sem umboðsm. jarðarínnar Múlakots.

Mánudaginn 3 Ágúst 1885 sömdum við undírskrifaðír um landamerki millum Hlíðar í Þorskafirði og Reykhóla á Reykjanesi í svokölluðum Heyárdalsbotni; beína sjónhendíng af hæðstu Nónborg norðan tíl í kollínn á hæðstu Rjúpnafelli - samá ár og dag og framan greínir. Hjer tíl staðfestu eru eíginhandarn nöfn.

Eígangí Reykhóla Bjarní Þórðarson.

eígangí Hlýðar Kr. Jónsson.

Samkvæmt bískups bréfí dags 25 sept síðastl, er skyrir frá að máldagarnir á bískups dæminu eígní Reykhóla kirkju: „reka og renníngar á Sandnesi að helmíngí“ víðurkenni eg rétt Reykhóla kirkju tíl ofangreínds reka samkvæmt ákvæði máldaganna.

Þetta undanfelli eg ekki her með að tílkynna yður, háttvírti bóndi, þar sem traúðla getur veríð um an[na]ð Sandnes að ræða en Sandnes víð Steingrímsfíörð, sem er eígn Staðarkirkju víð Steingrímsfíörð, en hennar umráðamaður er jeg undírskrífaður.

Stað víð Steingrímsfíörð 19 nóvbr 1885.

S: S. H. Einarsson.

herra bóndí Bíarní Þórðarson á Reykhólum.

Lesíð á manntalsþíngí að Berufirði 20 maí 1886 og ínnfært í Landamerkjabók Barðasrandarsýslu Ltr A sub Nr 77 bls 41-44  
vottar ALE Fischer sýslumaður



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Borgun: Þinglestr 75 aur  
bókun 75 [aur]  
1 kr 50 aur

er eín króna fimmtíu aurar borgað Fischer



Landamerkjaskrá jarðarinnar Hrísnes liggjandi í Barðastrandarhreppi í Barðastrandarsýslu, sem er eign Vigfúsar Erlendssonar, bónda á Hrísnesi 6 hndr. að fornu mati og lýsi jeg undirskrifaður eigandi tjeðrar jarðar landamerkjum sem fylgir

1, Að utanverðu á Hrísnesland til móts við Miðhlíð í svokallaðann ábótalæk beina sjónhending frá fjalli til fjoru.

2, Að innanverðu á Hrísnesland til móts við Miðhlíð í svokallað nattmálagil framm í dalnum, sem rennur í Miðhlíðará og eptir henni til sjóar.

Aðrar jarðir eiga eingin ítök í Hrísneslandi og Hrísnes eingin ítök í öðrum jörðum.

Hrísnesi 2 maí 1885.

Vigfús Erlindsson, eigandi jarðarinnar.

Samþykkur: Fyrir Miðhlíð: Vigfús Erlindsson, meðeigandi,

Eigandi að ½ Miðhlíð Sigríður Johnsen.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli 26 maí 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 78 bls 44

vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr	– kr 75 aur
bókun	<u>[– kr] 25 [aur]</u>
	1 kr 0 aur

ein króna borguð Fischer.



Dufansdalur í Suðurfjarðahreppi, bls. 44-45

Nr 79 (sjá veðmálabók bls 248).

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Dufansdal.

Landamerki milli Dufansdals og Otrardals eru þessi: í svokallaðann Beitolshamar og úr honum þverbeint uppá fjallsbrún og fyrir ofan hana eptir kjöl þeim sem er milli Otrardals og Dufansdalsfjalls eptir sem vötnum hallar í norðvestur til Otrardals og til suðaustur til Dafansdalslands. Milli Dufansdals og Tálknafjarðar skiptir landi kjölur sá er skiptir vatnshalla norður og suðvestur af fjallinu. Milli Dufansdals og Foss skiptir landi kjölur sá kallaður Stórabrekka, er liggur milli Dufansdals og Þernudals, allt norður á svokallaðann Núp og úr honum beint niður í klett þann við sjóinn sem kallaður er Vaðhamar. Laugardalskyrkja er eignað Skógarhögg í Dufansdal milli tveggja Gilja; hið austara þessara gilja kemur úr Grænabolla og rennur ofan í Dufansdalsá, hið vestara gilið er [nafnla]uss, en er austur og þannig neðar í dalnum en svokallað Nóngil, sem ekki er merkjagilið.

Bæ á Rauðasandi og Dufansdal 3 dag júním 1884.

Sameigendur Sigríður Ingimundardóttir.

O. O. Thorlacíus annar ábúandi

Sameigandi og ábúandi – Biarni Pjetursson.

Umboðsmaður Otrardals og Foss Finnb. R Magnússon (prestur í Otrardal).

Lesið á manntalsþingi að Otrardal 4 júní 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 79 bls 44-45  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      „ kr 75 aur  
                  bókun      [„ kr] 25 [aur]  
                                  1 kr „ aur

ein króna borguð Fischer.



Nr 80. (sjá veðmálabók bls 248).

Landamerkjaskrá jarðarinnar Litlueyrar í Suðurfjarðarhreppi innan Barðastrandarsýslu.

1. Að innanverðu eru landamerki millum Otrardals og Litlueyrar í svokallaðan Haganesgarð að innanverðu og þaðan beina leið til fjallsbrúnar og þaðan sem fjallsbrún ræður til Litlueyrará og með henni alla leið til sjáfar.

2. Að framanverðu eru landamerki milli Hóls og Litlueyrar í grænt dý uppí hlíðinni framanhalt við svokallaða tvígiljaskriðu og niður eptir beina leið í stóran stein við svonefnt rauðalæksvað og þaðan aptr beina sjónhending í ána, utanhalt við svokallað þyrfuljót.

3, Að utanverðu eru landamerki í svokallaða Bröttubakkatungu sem eru milli Litlueyrar og Bíldudals og þaðan beina leið til fjallsbrúnar.

Litlueyri þ. 29 maí 1884

Fyrir hönd eiganda að ½ Litlueyri fjelags og dánarbú Pjeturs Stefanssonar og Guðrúnar Þorleifsdóttir. P. J. Thorsteinsson

Fyrir hönd eiganda að ½ lendunni Litlueyri fru Jóh. Kr. Bjarnason samþykkir H. Pétursson.

Fyrir Hóll Hólshús og Bíldudal samþykkir P. J. Thorsteinsson.

Finnb. R. Magnusson, prestur í Otrardal

Lesið á manntalsþingi að Otrardal 4 júní 1886 og innfært í Landamerkjaskrá Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 80 bls 45  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      „ kr 75 aur  
          bókun            [„kr] 25 [aur]  
                              1 kr „ aur

ein króna borguð Fischer





Landamerkjaskrá jarðarinnar Reykjafjarðar liggjandi í Suðurfjarðarhrepp í Barðastrandarsýslu sem er eign hálf jörðin 15 hundr. að fornu mati undirskrifaðs Kristíans Oddssonar bónda á Sellátrum í Tálknafirði. ɔ: fremri jörðinn og hinn helmingurinn er eign 5 hundr. hverrar þeirra systra Þorbjargar, Guðrúnar Guðbjargar og Hákoníu Hákonardætra, allar til heimilis að Haukabergi á Barðaströnd ɔ: unnri jörðin, en nefndar systur eru ekki fyrir aldurs sakir fjár síns ráðandi; lýsir því fjárhaldsmaður þeirra Biörn Pjetursson á Hlaðseyri í sameiningu við hinn eigandinn, landamerkjönunum sem fylgir:

1, Að ynnanverðu millum Reykjafjarðar og Trostansfjarðar á Reykjafjarðarland til fjalls og fjöru í svonefndan brimmahriggá Sunuhlíð og í gjötu þar upp af í fjallinu á brún og svo uppeptir fjallinu og kringum dalinn og úteptir brún og framm í svonefndan Hrafnskaganúp, allt þessa sem vötnum hallar að Reykjafjarðarlandi.

2, Að utanverðu millum Reykjafjarðar og Norðurfoss á Reykjafjörður land í Steingarðsbrot sem liggur hjerumbil í miðri svonefndu Hrafnskagahlíðarurð, beint frá sjó á brún uppá núpnunum.

Jörðinn á einginn ítök í öðrum jörðum og aðrar jarðir eingin ítök í henni.

Hlaðseyri 30 dag októbermánaðar 1884.

vegna ofanefndra systra B Pétursson

Sellátrum, eigandi að hálfri jörðinni Kristján Oddsson.

Hinsvegar skrifuð landamerki milli Reykjafjarðar og Trostansfjarðar samþykki jeg sem eigandi að hálfum Trostansfirði. Haukabergi 6/12 1884 Guðm. Jónsson

Hinsvegar skrifuð landamerki samþykki ég sem eigandi í jörðinni Trostansfirði. J Th. Johnsson.

Fyrir jörðina Foss samþykkir Finnþ. R Magnússon (prestur í Otrardal).

Lesið á manntalsþingi að Otrardal 4 júní 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 81 bls. 45-46  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr     „ kr 75 aur  
                  bókun     [„ kr] 25 [aur]  
                                  1 kr „ aur

ein króna borguð Fischer



Landamerkjaskrá á Milli jarðarinnar Steinanes liggjandi í Otrardalssókn í Barðastrandarsýslu að innanverðu í svokallaða djúpseyrará að utanverður milli Hokinsdals í svokallaða klettagjótu vestan til við lánga nes sem kallast axargjóta, enn ef reki af sjó kinni til að falla frá aðurnemdri axargjótu og að svo kölluðum Geyrmoð að vestan verður þá er samþikt af undirskrifuðum eigendum að firnefndar jarðir eiga jafnt hlutfall úr honum. hér staðfestum við með undirskrifuðum nöfnum okkar.

Steinanesi 19 apríl 1886.

Eigandi Jóhannes Hjaltason.

Eigendur Hokinsdals: Þorleifur Jónsson. Sigurður Jónsson. Jón Jónsson

L. Benediktsson, umboðsm. Krosseyrar.

Lesið á manntalsþingi að Otrardal 4 júní 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A Sub Nr 82 bls 46  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr     „ kr 75 aur  
                  bókun     [„ kr] 25 [aur]  
                                  1 kr „ aur

ein króna borguð Fischer.



Krosseyri í Suðurfjarðarhreppi, bls. 46-47

Nr 83. (síá veðmálalabok bls 248).

Landamerki jarðarinnar Krosseyri í Suðurfjarðarhrepp og Barðastrandarsýslu eru:

að innanverðo svokallað Stapagil, að utanverðu Djúpeyrará, að öðru leiti ræður fjallsbrún sem vötnum hallar til Geirspjófsfjarðar og sjór. Itök engin. Landamerki þessi eru þannig tilfærð eptir sem jeg veit sannast og rjettast samkvæmt vottorðum merkra kunnugra manna og óska jeg þeim sje þinglýst, eptir að hlutaðeigandi eigendur eða umboðsmenn næstu jarða hafa samþykkt þau með undirskript, að öðrum kosti verða þeir að ripta þessum landamerkjum að lögum.

Selárdal 29 maí 1884.

L. Benediktsson umboðsmaður kirkjujarðarinnar Krosseyri.

Samþykkir Jóhannes Hjaltason eigandi Steinaness.

Þorstein Benediktsson umboðsmaður kirkjujarðar Rafnseyrar Stórubotns.

Lesið á manntalsþingi að Otrardal 4 júní 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 83 bls 46-47  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr: „ kr 75 aur  
bókun: [„ kr] 25 [aur]  
1 kr „ aur

ein króna borgað Fischer



Nr 84 (sjá veðmálabók bls 248).

Landamerkjaskrá Fyrir jörðina Bakka liggjandi í Dalahrepp innan Barðastrandarsýslu.

1. Landamerki milli Bakka og Feigsdals eru gyl í fjalli er kallast markgyl ofan undan því garður er kallast markhriggur á honum eru hlaðnar þrjár vörður og eptir tveimur neðri vörðunum beina sjónhending í vörðu er hlaðin er við ána.

2. landamerki jarðanna Hóls og Bakka er langá er rennur eptir dalnum á hver jörð í miðja ána alt að flæðarmáli. enn fjöru milli Grímskers og Hólstánga er lyggur fyrir neðan land tjeðra jarða eiga nefndar jarðir Bakki og Hóll jafnt tilkall til allra afnota og hlynninda þar áin breitir sjer á ymsa vegu.

3. Landamerki mylli jarðanna Bakka og Austmandsdals eru grjótgarður, er lyggur uppaf ista kletti á bökkunum fyrir utan svokallaða bása af bökkunum og uppí fjallshlyðina og úr honum í hæðstu nypu eða Haug sem kallaður er á svo kölluðu Haugshorni, syðan úr Haugnum beina sjónhendingu í vörðu sem hlaðin er innantil í kikabotninum úr vörðuni Sjónhending í istu og neðstu kletta innan til í kikabotninum fram af svokölluðum Skálarteigum.

Bakka 15 januar 1885.

Jón Eiríksson, eigandi Bakka.

Fullmagtaður Jens Þorvaldsson, ábúandi Feigsdals.

Guðmundur Bjarnason eigandi Hóls.

Þorleifur Jónsson [eigandi] Austmandsdals

Jón Isleifsson [eigandi Austmandsdals]

Lesið á manntalsþingi að Fífustöðum 5 júní 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 84 bls 47 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr: „ kr 75 aur  
bókum [„ kr] 25 [aur]  
1 kr „ aur

ein króna borgað Fischer



Austmannsdalur í Ketildalshreppi/Dalahreppi, bls. 47-48

Nr 85 (síá veðmálabók bls 252).

Landamerkjaskrá Fyrir jörðina Austmannsdal liggandi á Dalahrepp innann Barðastrandar sísu

a, milli Austmannsdals og Bakka: Landamerki eru grjótgarður er liggur upp af irsta Kletti í bökkunum fyrir utann svokallaða bása af bökkunum og uppí fjallshlíðina, og úr honum í hæðsta nípu eða Haug, sem kallaður er á svokölluðu Haugshorni, síðann úr Haugnum beina sjónhendingu í vörðu sem hlaðinn er innann til í Kikabotninum, úr vörðu sjónhending í irstu og neðstu Kletta innann til í kikabotninum framm af svo kölluðum Skálarteigum.

Stadir í Austmannsdal 1<sup>ta</sup> október 1884.

Eigendur Austmannsdals: Jón Isleifsson og Þorleifur Jónsson

Eigandi Bakka: Jón Eiríksson.

b, Landamerki milli jarðanna Austmannsdals og Kirkubóls liggandi í Dala hrepp innann Barðastrandar sísu. Landamerki eru: Klettabrick uppí Skriðu innann til við svokallaðann Hagahrigg í beina leið ofann á vörðu sem stendur á klettanefi á bökkunum í svokallaðri Hagavík og úr vörðunni beina leið að sjónhendingu í sjó framm. Itök jarðanna: Þess skal getið, að jörðinn Austmannsdalur á Húsastöðu í Hagavík í Kirkubólslandi, þar á móti á Kirkuból 12 sauðabeiti breiðuteigum í Austmannsdal. Þannig löguð landamerki staðfesta með undirskriftum jarðareigendur ábúandi og umráðamaður firrnemdra jarða.

Eigendur og umráðamaður Kirkubóls Þórður Einarsson og A. Gíslason

Eigendur Austmannsdals Jón Isleifsson. Þorleifur Jónsson.

Lesið að manntalsþingi að Fífustöðum 5 júní 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 85 bls 47-48

vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr „ kr 75 au

bókun [„ kr] 25 [au]

1 kr „ aur

ein króna borgað Fischer.



Kirkjuból í Ketildalahreppi/Dalahreppi, bls. 48

Nr. 86. (síá veðmálabók bls 252).

Landamerki jarðarinnar Kirkjubóls Dalahrepp eru:

að innanverðu milli Austmansdals eru samkvæmt áreiðargjörð beina línu frá fjallsbrún yfir klettabrík þá sem leingst nær ofan skriðu og á klettanef er lengst skagar fram úr bökkunum og skal þar hlaðin varða sem heitir merkjavarða og þaðan beint í sjó fram.

Þess skal getið að jörðinn Kirkjuból á ítak 12 sauðabeit í breiðuteigum á Austmansdal mót fjárhúsastöðu í hagavík.

Að utanverðar gagnvart Fífustöðum ræður áin sem rennur eptir miðjum dalnum þó svo að Kirkjuból á beint í vörðu sem hlaðinn er á rifinu við sjóin og frá vörðunni beint í sjó fram. Kirkjuból á land allt fram að garðbroti við seil á eyrunum og beina línu úr garðbrotinu þar sem það beigist yfir svokallað fremsta merkjahollt í príhyndan stein sem stendur í skriðufætinum á steinn er klappað artal 1886 og beina sjónhending í gil hæst í fjallinu þar upp af. Þess skal getið að Kirkjuból á Selstöðu á Klukudal að sumrinu mót 24 sauðagöngu í Hagavík að vetrinum og frítt skips uppsátur í grísavík líka á Selardals Kirkja eptir Máldögum 10 hlut úr hvalreka á Kirkjubólssandi og 12 fóta mognöf í landi sömu jarðar.

Þannig löguð landamerki staðfesta með undirskriftum viðkomandi jarðareigendur og umráðamenn.

Gjört að Kirkjubóli í Dalahrepp í maím. 1884.

Þórður Einarsson, eigandi.

A. Gíslason eigandi og ábúandi.

Guðríður Arnadóttir, eigandi.

Sveinn Gíslason, eigandi að Klúku.

eigendur að Austmansdal Þorleifur Jónsson Jón Isleifsson.

Lesið á manntalsþingi að Fífustöðum 5 júní 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 86 bls 48 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr. „ kr 75 aur  
bókun [„ kr] 25 [aur]  
1 kr „ aur

ein króna borguð Fischer



Nr 87. (síá veðmálabók bls 252).

Landamerkjaskrá fyrir Klúku.

1. Á milli Klúku og Øskubrekku ræður langá landamerkjum frá brún og svo lengi sem hún rennur milli jarðanna. Hellutak í Tungunum eiga báðar jarðirnar jafnt tilkall til.

2. Á milli Klúku og Kirkjubóls eru merkin Garðbrot, sem liggur við seil á eyrunum og úr þessu garðbroti, þar sem það, við aðra seil, beigist fyrst fram á við, beina lína í fremsta merkjaholt og svo beint yfir þríhyrndan stein fyrir neðan skriðufót, þaðan beina sjónhending uppí gilið, þar sem það fyrst beigist fram á við. Á steininn er klappað ártalið 1886.

Jörðin á 24 sauðagöngu í Hagavík að vetrinum og frítt skipauppsátur í Grísavík móti því að Kirkjuból eiga selstöðu á Klúkudal.

Klúku 5 júní 1886.

Sveinn Gíslason eigandi að Klúku.

A. Gíslason, bóndi á Kirkjubóli.

L. Benediktsson, umboðsm. Øskubrekku

Lesið á manntalsþingi að Fífustöðum 5 júní 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 87 bls 48-49 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr     „ kr 75 au  
bókun             [„ kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borguð Fischer



Sveinseyri og Eyrarhús í Tálknafjarðarhreppi, bls. 49

Nr 88 (sjá veðmálabok bls 254).

Skrá um landamerki jarðanna Sveinseyrar og Eyrarhúsa í Tálknafjarðarhrepp í  
Barðastrandarsýslu

NB það eru jarðirnar Nr 156 og 157 í jarðabókinni sem löggilt er með tilskipun 1 apríl 1861.

Jóhannes Þorgrímsson, dannebrogsmátt eigandi og umboðsmaður ofanefndra jarða búandi á Sveinseyri og Eyrarhúsumm gjörir kunnugt: að aðallandamerki milli ofanefndra jarða og næst hjálleggjandi jarða, sem eru: Kirkjujarðirnar Litli Laugardalur og Rimi að utann og kirkjujörðinn Hóll : „Þing-hóll“ að innannverðu eru:

a, Á milli Litlalaugardals og Rima (sem eru eign Stóra Laugardals kirkju) og Sveinseyrar og Eyrarhúsa, sem hafa sameiginlegt beitarnland, eru merkinn hjá svonefndri nyju skriðu á Sveinseyrarhlíð eða – í frálausann sér-stakann standklett í fjörunni með stórri glufu í gegn að neðann, og er eins og á tveimur fótum nefndur „Kerling“ og þaðann bein sjónhending í svonefndann „Hnúk“ neðst í fjallinu fyrir ofann láguhlíðina sbr merkjaskrána annað at: fyrir Stóru Laugardals eigninni d. s. ídag) og

b, á milli Eyrarhúsa og Hólls er jörðinn „Þinghóll“ eru merkt : Steirn grár, stór, nefndur „Slútur“ á holti uppí brekkunni fyrir innann hesthús tóftina frá Eyrarhúsumm inn og upp af Eyrarhúsa bænum og frá steini þessum beina línu uppí grænt mosadý og svo sjónhending eptir því á fjall upp og ennfremur: frá nefndum steini : „Slútur“) ofann eptir bein lína ofann í lítið garðpetti innann til við síkið og til sjáfar; þessu samkvæmt verða á synum tíma sett áreiðanlegri merki t.a.m. Varða eða vörðar þar sem nefndt garðpetti er og mosadý. Ekki veit jeg til að neinar jarðir eigi nein „ítök“ í Sveinseyrar eða Eyrarhúsalandi og ekki heldur jarðir þessar í eða á neirnri annari jörð.

Sveinseyri 2 dag juním. 1886.

Jóh Þorgrímsson eigandi 16/36 parta í Sveinseyri og alla Eyrarhúsajörðina enn umboðsmaður fyrir 20/36 í Sveinseyri.

Framann og ofanskriafaða merkjalýsing sem eignar og umboðsmaður Stóra Laugardals kirkjueigna og Hóll og fjárhaldsmaður kirkjunnar sambýkki jeg hjermeð. d u.s. Guðm. Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Kvígyndisfelli 7 júní 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr F sub Nr 88 bls 49 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr „ kr 75 au  
bókun [„ kr] 25 [au]  
1 kr „ aur

ein króna borgað Fischer.





Hóll (Þinghóll) í Tálknafjarðarhreppi, bls. 49-50

Nr 89 (síá veðmálabók bls 254).

Skrá umm landamerki kirkjujarðarinn Hólls í Tálknafjarðarhrepp í Barðastrandarsýslu

NB það er jörðinn Nr 155 í jarðabókinni, sem löggilt er með tilskipun 1 apríl 1861.

Guðmundur Jónsson eigandi og umboðsmaður nefndrar jarðar búandi á Stóra Laugardal Gjörir kunnugt: að landamerki milli ofanefndrar jarðar og næsthjálleggjandi jarða, sem er Eyrahús að utan og Tunga að innannverðu eru: a) á milli Eyrahúsa og kirkjujarðarinnar „Hólls“ er ɔ: „Þinghóll“ eru merki: stór steirn grár nefndur „Slútur“ á holti innann til við hesthústofu frá Eyrahúsum, inn og upp af Eyrahúsabænum bænum; og frá steini þessum bein lína uppí grænt mosadý og svo sjónhending á fjall upp og ennfremur: frá steininum „Slút“ ofann eptir beint í lítið garðpetti fyrir innann „síkið“ og þaðann sjónhending bein til sjáfar sbr merkjaskrá fyrir Sveinseyri og Eyrahús d s. 2 þ. m.

b) á milli Hóls og Túngu eru merkinn Hóls á og eptir miðju vatni hennar, eins og hún rennur eptir „Hólsdal“ á fjall upp og í sjó út, sbr Landamerkjaskra fyrir Túngu

Ekki veit jeg til að neinar jarðir eigi ítak í Hólslandi og ekki heldur á Holl neitt ítak í aðrar jarðir.

Stóra Laugardal 7 dag Júním. 1886

Guðm. Jónsson.

Framannskrifaða merkjalýsing samþykkia

Fyrir Sveinseyri og Eyrahús: Jóhannes Þorgrímsson.

Fyrir Túngu: Sigríður Lovísa Friðbertsdóttir handsalað við E Jafetsson.

Lesið á manntalsþingi að Kvígyndisfelli 7 júní 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 89 bls 49-50

vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr: „ kr 75 au

bókun [„ kr] 25 [au]

1 kr „ aur

ein króna borgað Fischer



Litli- og Stóri-Laugardalur og Rima í Tálknafjarðarhreppi, bls. 50-51  
Nr 90. (síá veðmálalabók bls 255)

Skrá um landamerki jarðanna Stóra Laugardals Litla Laugardals og Rima í Tálknafjarðarhreppi  
í Barðastrandarsýslu

NB það eru jarðirnar N<sup>o</sup> 158 og 159 í jarðabókinni sem löggilt er með tilskipun 1 apríl 1861.

Guðmundur Jónsson eignar og umboðsmaður nefndra jarða búandi á Stóra Laugardal Gjörir kunnugt: að aðal landamerki milli ofannnefndra jarða ɔ: sem allar heira til kirkjueigninni í Stóra Laugardal og næst hjálleggjandi jarða sem eru: Kvíjendisfell að utann og Sveinseyri að innannverðu, eru þanninn:

1, Á milli Kvíjendisfells og Stóra Laugardals er landamerki Fagradalsá, sem rennur eptir svonefndum Fagradal eptir miðju vatni árinna eins og hún rennur í sjó út- og framm nefndann dal að Sel stæði sem er utann til í dalnum og innann til við hana ɔ: er Laugardalsmeiginn) fjalls nípa nefnd Skötuhorn og urð þar umhverfis niðri nefnd: manns-urðir; þar skiptir Fagradalsá sjer í tvær kvíslar og kemur hin innri úr litlumm dal, sem þar myndast nefndur: kvíslárdalur, sem liggur til a.s.a. og eru þar framhald umræddra merkja milli Kvíjendisfells og Stóra Laugardals eptir miðju vatni áminnstrar ár, eins og hún liggur í Kvíslárdals-botn og þaðann sjónhendinginn á fjall upp í beinni stefnu; og er þettað eptir sem nitjað og talið hefur verið frá „ómuna tíð“ sbr. dóm Lögmans Orms Sturlusonar genginn að Stóra Laugardal 3 dag maím. 1571).

2, Á milli Sveinseyrar og Stóra Laugardals; umræddrar eignar eru merkinn hjá svo nefndri nyuskriðu á „Sveinseyrarhlíð“ milli Sveinseyrar jarðanna og litla Laugardals og Rima eða í frálausann stand klett í fjörunni, sem er eins og á 2 fótumm nefnd: „Kjerling“ og þaðann bein sjónhending í svonefndann Hnúk neðst í fjallinu, þar upp af ofann til við lágú-hlíðina á fjall upp; þettað eru þau merki sem mest hafa verið talinn og notuð svo leingi menn muna; enda þó framann nefndur „dómur“ Orms lögmans Sturlusonar ákveði merkinn milli Sveinseyrar og nefndra jarða eða Stóra Launardals eignarinnar að vera: Deildargil, sem er alþekt gil á Sveinseyrarhlíð á takmörkum þeim sem eru milli svo nefndra itri og innri Eyrarhlíða;

Ennfremur eru sjerstök merki milli Stóra Laugardals og jarðanna Litla Laugardals og Rima, sem báðar hafa beitarland saman, þessi:

a, Laugardalsá sem svo er nefnd og rennur á milli Stóra Laugardals og Litla Laugardals og Rima, eptir miðju vatni hennar eins og hún rennur til sjáfar, og svo fram eptir lágadalnum framm undir svonefndar túngur, þar skiptir áinn sjer og kemur innri kvísl hennar sem kölluð er: Spíta úr a.a.N. horni dalsins og er:

b, Nefnd á „spíta“ þá orðinn eptir miðju vatni hennar merki milli greindra jarða framm í svo kallað „griðungs-vatn“ og þaðann sjónhending inn frá nefndu vatni á fjall upp.

Ekki er mjer kunnugt, að neinar jarðir eða sjerstakar eignir eða menn eigi neitt ítak eða neinan hvaðir í eða á Stóra Laugardals eigninni nema matarvorður sóknarprestsins, enn aptur eptir fornum máldagabrjefum og vísitasubókum á StóraLaugardals kirkja þessi ítök:

a, Skógarhögg í Dufansdalsskógi í svonefndumm smiðjuhvammi og



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

b, 24 sauðabeit í Fellshlíð 3: Kvígyndisfell) „í 10 vikur“. Skogarhögg þettað Ltr a hefur verið notað svo menn muna en er nú farið að eiðast enn Sauðabeitina á Felli í Fellshlíð Ltr b er nú sem stendur skermmt af skriðuföllum og svo sem eyðilagt.

Stóra Laugardal 2 dag júním 1886.

Guðm. Jónsson, Eigandi og umboðsmaður að Stóra Laugardalseigninni.

Framann og ofannskrifaða merkjalýsing sem eigendur og umboðsmenn næstviðliggjandi jarða samþykkja d.u s.

Fyrir Kvígyndisfell A Bjarnason

Fyrir Sveinseyri Jóhannes Þorgrímsson.

Lesið á manntalsþingi að Kvígyndisfelli 7 júní 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 90 bls 50-51 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr: „ kr 75 au

bókun: [„ kr] 25 [au]

1 kr „ aur

einþ króna borgað Fischer.



Skrá um landamerki jarðarinnar Túngu í Talknafjarðarhrepp innann Barðastrandarsýslu, sem er samkvæmt jarðabókinni fra 1 apríl 1861 19,7 hundruð að dýrleika öll.

Sigríður Lovísa Friðbertsdóttir, ekkia búandi á Túngu og eigandi nefndrar jarðar að 14,7 hundruðum a[ð] dýrleika hennar. Gjörir kunnugt: að landamerki ofannefndrar jarðar er Hóls- a að utannverðu eptir miðju vatni hennar eins og hún liggur nú. milli jarðanna Hóls og Túngu frá sjó á fjall upp eptir svo nefndum „Hólsdal“ og að innannverðu, í svonefndu Gilsdalsá ɔ: optnefndt í daglegu tali „Gil“ eptir miðju vatni hennar frá síó á fjall upp eins og hún nú liggur, milli jarðanna, nefndrar Túngu og Eysteinsyrar eptir svonefndum „Gilsdal“.

Að því mjer er kunnugt á Túnga ekkert „ítak“ í annara manna lönd og öngvar jarðir eignir eða menn „ítak“ í Túngulandi nema Arni Gíslason bóndi Kirkjubóli Kjetildalahrepp sem á i Túngu aðra jörðina, nefnda „innri Túngu“ 5 hndr. að dýrleika Tungu áskilar Túngu jarða-tuninu; að öðru leiti eru höfuðmerki fyrir alla Túngu, eins og að ofann er líst. Til frekari staðfestu er undirskrifað handsalað nafn mitt.

Tunga 27 dag maímánaðar 1885

Sigríður Lovísa Friðbertsdóttir, ekkja eigandi að 14,7 hndr. í Túngu

A Gíslason eigandi að ynnstu Túngu játar hið ofanskrifaða rjett að vera

Ofannnefnd landamerki samþykkir

Guðm Jónsson eigandi og umboðsmaður Kirkjujarðarinnar Hóls

Arni Arnason eigandi að jörðinni Eysteinsyrri.

Lesið á manntalspingi að Kvígyndisfelli 7 júní 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 91 bls 51-52

vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr „ kr 75 au

bókun [„ kr] 25 [au]

1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Nr 92. (síá veðmálabók bls 255).

fyrir jörðina Naustabrekku á Rauðasandi.

Að syðaustanverðu eru landamerki milli Naustabrekku og Lambavatns fyrir ofan fljótsbakkann í stóran stein, er stendur á miðjum svokölluðum Gyldrahól og í miðju á svokölluðu Kambagili (miðað við uppí klettnum) er þar ofann rennur af brún, beint upp af Gyldrahólnum og svo beint eptir sjónhendingu er þessi 2 merki mynda ofaná Fljótsbakkana. Í þeirri sjónhending myndast rjett vinkilhorn við lynu þá, er dreiginn er beint úr Suðurfossá, er rennur af fjalli ofann milli Skógar og Melanes. og í klett þann við sjóinn norðvestanvert við Naustabrekkutún, sem kallaður er Hreggnesi. Enn rekamerkin á Rifinu eru í Hærriendann á svokölluðum Markarkletti, er stendur á Söndunum, skamt fyrir Syðvestan túnið á Naustabrekku og ofan til sjáfar þannig, að myndist vinkilhorn við framannemda lynu. Naustabrekka á því land á fjalli uppi fra fyrnefndu Kambagili eftir sem vötnum hallar Suðvestann á fjallinu, norðvestur að línu þeirri er stefnir þvert úr klettunum í kjerlingarhálsi niður í forvaða þann á Brekkuhlíð er kalla mætti Gatforvaða með því ganga má í gjeqnum hann ef sjór bannar ey. Og eru þetta landamerki milli Kjeðlavíkur og Naustabrekku. Naustabrekka á ekkert ítak í annarra manna landi og aðrar jarðir eiga ekkert ítak í landi Naustubrekku.

Naustabrekka 28 may 1885.

Jón Magnússon.

Hinsvegar Landamerki samþykkja hlutaðeigendur fyrir Kjeðlavík og Lambavatn.

Keflavík Jón Gíslason.

Fyrir Lambavatn samþykkir eptir fullmakt frá jarðeigendum Ari Finnsson. M. Snæbjörnsson.  
Olafur Björnsson

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Ørlygshöfn 17 júlí 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 92 bls 52

vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr	75 au
bókun	<u>25 [au]</u>
	1 kr

ein króna borguð Fischer.



Að suðaustanverðu eru landamerkin milli eyðjarðarinnar Skorar, sem ligur undir Sjöundaá og Bæarkirkju ítaksins Skorarhlíð í Forvaða þann svokallaðann sem er suðaustnvert við svokallaða forvaðavík sem er næsta vík suðaustanvert við Skorina og beint úr þessum forvaða uppá Skorarhlíðarbrúnina. Svo á Sjöundaá allann Sjöundaárdal eptir þeim takmörkum, sem vötn falla að honum á allar hliðar eptir Skorarhlíðarbrúninni að útsunnan, svokölluðum Skörðum að suðaustan og hrig þeim sem skilur vatnshalla milli Melaness og Sjöundaárdals að austnorðanverðu ofanfrá skörðunum og ofan á brúnina á fjallinu og svo skilur land Sjöundaár og Melaness í bygð stefna sú sem landamerkin mynda á fjallsbrúninni að ofan, sem nú var getið, og beint í miðjuna á Skeri því í fjörunni, sem kallað er Landamerkjasker, og sem er næsta sker sunnantil við svokallaðann Melalæk, þar sem hún rennur í sjóinn.

Sjöundaá á engin ítökí annara jarða landi og aðrar jarðir eiga engin ítök í landi Sjöundaár utan að Bæarkirkju á á einn tíunda hluta af öllum Hvölum sem þar kunna að reka. Landamerkjalyfingu þessa undirskrifa eigendur Sjöundaár og næstu jarða.

Samin 31 d. Maíman. 1886.

Meðeigandi beggja jarðanna Sjöundaar og Melaness: Ari Finnsson.

Meðeigendur Sjöundaar S Bachmann O O Thorlacíus.

M. Gíslason, með eigandi Melaness.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Ørlygshöfn 17 júlí 1886 og innfært í landamerkjabor Barðastrandarsyslu Ltr A sub Nr 93 bls 52-53 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr     „ kr 75 au  
bókun                [„ kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein krónu borguð Fischer



Nr 94. (síá veðmálabók bls 257).

Landamerkjalyásing fyrir jörðina Melanes árið 1886

Landamerki Melaness að sunnanverðu milli hennar og Sjöundaár er á fjalli uppi hryggur sá sem skiptir vatnshalla milli Sjöundaárdals og Melanesdals allt ofan frá svonefndum Skörðum og ofan á fjallsbrúnina, svo eru merkin á byggð beina sjónhending þaðan sem merkin eru á fjallsbrúninni og ofan í miðjuna á skeri því í fjörunni sem kallað er Landamerkjasker og sem er næsta sker sunnantil við svokallaðann Melalæk, þar sem hann rennur í sjóinn. Að austan og norðanverðu eru landamerkin: Við sjóinn Bæarós og þegar upp fyrir Rifið kemur þá óll þá er liggur upp eptir honum fyrst til austurs svo til austnorðurs upp með Þúfutanga vestanverðum og upp í Mjósund og svo í austur eptir þeim, og þá er þau enda skilur lönd Suðurfossá á fjall upp og allt upp í Stórvatn síðan skilur löndin suðvestasta gil það sem kallað er Gríluþossar alla leið uppá Skörð sem kölluð eru. Melanes á allann annan reka fyrir sínu landi, en einn tíunda hluta af Hvölum þeim, er þar reka, sem er ítak Bæarkyrkju önnur ítök ega aðrar jarðir ekki í Melanesslandi. Ekki á Melanes nokkurt ítak í löndum annara jarða.

Samið hinn 31 d. maím. 1886

Ari Finnsson, meðeigandi Melaness og sömuleiðis Bæarkyrkju, jarðarinnar Sjöundaár.

M. Gíslason, sameigandi Melaness

S. Bachmann O. O. Thorlacius. meðeigendur Sjöundaár.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Ørlygshöfn 17 júlí 1886 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu. Ltr A sub Nr 94 bls 53  
vottar ALEFischer Syslumaður.

Borgun: Þinglestr     „ kr 75 au  
                  bokun     [„ kr] 25 [au]  
                              1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Nr 95 (síá veðmálabók bls 272).

Landamerkjaskrá jarðarinnar efri Gufudal í Gufudalshreppi innan Barðastrandarsýslu.

1, Að utanverður eru landamerki millum efri Gufudals og Neðri Gufudals, þar sem álptadalsá rennur í Gufudalsá svo það sem álptadalsá ræður þar til austurá fellur í alptadalsá, þá það sem austurá ræður framm til reyhólsfjalla, svo hringinn í kringum gufudal eptir sem vötnum hallar út til hádegishæða.

2, Að neðanverður milli kyrkjujarðarinnar Brekku og efri Gufudals eru landamerki þar sem svo nefnt mjallgil fellur í neðravatn og svo það sem það ræður uppá hábrún og framm eptir brúninni eptir sem vötnum hallar til hádeishæða.

Neðri Gufudalskyrkja á vorlambabeit á kyrkjuodda sem geingur framm í neðravatn og eldiviðar hrísrif í alptadalsmúla. Efri gufudalur á ekki ítök í öðrum jörðum.

Fossi í Suðurfjörðum 9 Apríl 1885.

E Einarsson, Eigandi í jörðinni efri Gufudal og umboðsmaður fyrir hönd Þorlaks Bergsveinssonar á Melum á Skarðströnd, sem á í efri gufudal part.

Fyrir Jón Einarsson á Garðstöðum samþykkir Ásgeir Guðmundsson.

Jón Jónsson umboðsmaður jarðanna Neðri Gufudals og Brekku.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal í Gufudalshreppi 26 maí 1887 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 95 bls 54

vottar ALEFischer Sýslumaður

Borgun: Þinglestr „ kr 75 au

bókun [„ kr] 25 [au]

1 kr „ aur ein króna borguð Fischer





Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Neðri Gufudal í Gufudalshreppi innan Barðastrandarsýslu.

1, Að framanverðu milli neðri og fremri Gufudals eru þessi landamerki: Álptadalsá eins og farvegur hennar nú er úti Gufudalsá og þaðan eins og hún ræður til þess er Austurá fellur í hana, ræður þá Austurá landamerkjum allt fram að Reiðhólsfjöllum.

2. Gagnvart kirkjujörðinni Brekku eru landamerki þessi: eptir miðri Gufudalsá frá því er Álptadalsá fellur í hana og úteptir miðjum vaðli á Gufufirði þangað til bein sjónhending ræður á Eilífselslækjará.

3. Milli neðri Gufudals og Skálaness eru landamerki þessi: bein sjónhending úr fjallshrygg þeim, er greinir land Skálaness og Kleifastaða og utanvert í svokallaðar flár, og læk þeim er úr þeim rennur og Eilífsels-lækur, er kallaður er, ræður lækur sá landamerkjum til sjávar og úr honum bein sjónhending í miðjan Gufufjörð.

4. Til fjalls eru landamerki neðri Gufudals þessi: frá áðurnefndum Reiðhólsfjöllum svo sem vötnum hallar og í hrygg þann, er ræður landamerkjum Skálaness og Kleifastaða.

Ítök neðri Gufudals: a, í fremra Gufudalslandi: vorlambabeit í Kirkjuodda, sem gengur fram í Neðra Gufudalsvatn og skógarhögg í Álptadalsmúla. b, í Brekkulandi: skógarhögg í svonefndum Brekkuhöllum milli mjallagila og reiðhamars. d, í Skálaneslandi: skógarhögg a Melanesi milli Eilífselslækjar og Riðabergs [svo], allt til sjávar og Maríutröð undir Skálaneshrauni.

I jörðunni Gufudal á engin önnur jörð ítök.

Stað 10. maí 1887.

umráðamaður Gufudals Jón Jónsson prestur Stað

[umráðamaður] Brekku Jón Jónsson [prestur Stað]

Fyrir hönd eigendanna að Skálanesi Jón Einarsson samþykkir.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal í Gufudalshreppi, 26 maí 1887 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A. sub Nr 96 bls 54-55

vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr „ kr 75 au

bókun [„ kr] 25 [au]

1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Nr 97 (síá veðmálabók bls 274).

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Kvígyndísfirði liggjandi í Múlahreppi innan  
Barðastrandarsýslu

1. Milli Kvígyndisfjarðar og Kirkjubóls á Bæjarnesi um þessi landamerki: partgil og ræður það merkjum frá sjavarmáli og alla leið upp á fjallsbrún. 2. Milli Kvígyndisfjarðar og Svínaness ræður markgil landamerkjum frá fjallsbrún til fjöru. 3. Til sjavar á Kvígyndisfjörður rjetta sjónhending yfir fjörð fra einu þessara gildruga til annars milli sjávarmála. 4. Til fjalls á Kvígyndisfjörður svo sem vötnum hallar að Kvígyndisfirði hringinn í kríngum fjörðinn og beina sjónhending úr þeirri línu sem þannígg er dregin í hin áðurnefnda gil á fjallsbrúnum uppí. J jörðunni Kvígyndisfirði á engin önnur jörð nein ítök og sú jörð heldur engin ítök annarstaðar.

Stað 10 maí 1887.

Sem umráðamaður Kvígyndisfjarðar Jón Jónsson, prestur á Stað.

Fyrir Svínanes samþykkur Jón Guðmundsson, umráðamaður, handsalað við ALEFischer

Fyrir Kirkjuból samþykkur Jóhann Ejólfsson.

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi 28 maí 1887 og ínnfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 97 bls 55  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      „ kr 75 au  
bókun                [„ kr] 25 [au]  
                             1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Nr 98 (síá veðmálabók bls 274).

Landamerkiaskrá fyrir Deildará:

1, að sunnanverðu frá Deildarárfossi sjónhending í miðjan ósbotná á sjó út.

2, að vestanverður í Lurká í vestari kvísl sem rennur í mávavatn hólmi er í vatninu sem tilheyrir báðum jörðunum til jafnaðar þar rennur lækr úr vatninu í breiðavog svo eptir breiðavog í vestur út milli melrakeyar og laungaflögu og vestan til við háhólm og eptir dípsta sundinu milli Eingeyar og Þambar þar suður eptir miðju sundi vestan til við hestsker, sunnan til við þikkulönd, ein ey liggur fyrir Deildarárlandi sem fjarar í að nafni hellirsey er eign Múlakyrkju.

Deildará 28 maí 1887.

Fyrir hönd eigandanna ábúandi S. Jónsson.

Samþykkir fyrir Fjörð Guðrún Jónsdóttir

Samþykkur fyrir Hamar J Þórðarson (umboðsmaður).

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi 28 maí 1887 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 98 bls 55  
vottar ALEFischer Syslumaður.

Borgun: Þinglestr      „ kr 75 au  
                  bókun        [„ kr] 25 [au]  
                                  1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Nr.99 (sjá veðmálabók bls 274).

Landamerkjaskrá fyrir Skálmarnes Múla (eign Múlakirkju).

1. Að utanverðu i gil sem rennur að austanverðu í fjarðarhorni Vattarfjarðar.
- 2, að vestanverðu Vattardals eptir brún dalsins sem vötnum hallar i úti svonefnda ögsl og þaðan á brún og svo sem votnum hallar til Urðarhliðar út eptir fjallinu.
- 3 [og] svo að vestanverðu við Múlaland i svonefndan landamerkjalæk frá fjalla bilfjöru þaðan í merkjaskjer, sem næstlíggjandi jörð að vestanverðu á lögnín við, enn Múli að austan.  
Múla þ. 28 maí 1887.  
Samþikkur fyrir eígandi, J Þórðarson, umboðsmaður  
Samþikkur fyrir Vattarnes J. Guðmundsson.  
[Samþikkur] fyrir Fjörð Guðrún Jónsdóttir  
[Samþikkur] fyrir Jngunnarstaði Þórdís Ólafsdóttir.

Lesið á manntalsþíngi að Vattarnesi í Múlahreppi 28 maí 1887 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 99 bls 55-56  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr     „ kr 75 au  
                  bókun     [„ kr] 25 [au]  
                                  1kr „ au

1 króna borgað Fischer.



Nr 100 (síá veðmálabók bls 274).

Landamerkja skrá fyrir jörðini Hamri (eign Múlakirkju).

1. að vestanverðu í Deildará þar sem hún kjemur af fjallinu, þaðan bein sjónhending í rústamerkjasteinn og í osin fram.

2. að sunnanverðu: gil það sem rennur ofan lækjarkolla, þaðan ofan í Merkjagarð þaðan sjónhending í sartu tjörn þaðan í Merkjaskjer.

Ofanefnd jörð á eingin ítök í öðrum jörðum, nje heldur aðrar jarðir í hennar landi.

Hamri þ. 28 maí 1887.

Samþikkur fyrir eigandi J. Þórðarson (umboðsmaður).

Samþikkur fyrir Ingunnarstaði Þórdís Olafsdóttir.

Samþikkur fyrir Deildará L. Jónsson. Fyrir Eiganda.

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi 28 maí 1887 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 100 bls 56  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      „ kr 75 au  
          bókun            [„ kr] 25 [au]  
                              1 kr „ au

ein króna borguð Fischer



Nr 101 (síá veðmálabók bls 274).

Landamerkjaskrá fyrir Vattarnes.

Vattarnes landamerki að vestanverður [svo] í vestara gljúfragil sem rennur ofaní fjarðarhornið á Vattarfirði, enn að sunnarverðu i tröllahlöð sem er strengklettur ofantíl víð þjóðgötuna og sjónhendíng eptir þeim frá fjalli til fjöru.

Samþykkur eigandi J. Guðmundsson

Samþykkur fyrir Skálmardal: J. Þórðarson (umboðsm).

[Samþykkur] fyrir Skálmarnesmúla: J. Þórðarson.

Lesið á manntalsþingí að Vattarnesi í Múlahreppi 28 maí 1887 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 101 bls 56

vottar ALEFischer Sýslumaður

Borgun: Þinglestr      „ kr 75 au  
                  bókun        [„ kr] 25 [au]  
                                  1 kr „ au

ein króna borguð Fischer



Nr 102. (sjá veðmálabók bls 274.).

Landamerkjaskrá fyrir Illugastaði.

Illugastaða landamerki að framanverðu i landamerkjalæk sem rennur ofan með blágritishjalla og bein sjónhending ofani Skálmardals á, enn að utanverður [svo] í Leitisána.

Illugastaðir þ. 28 maí 1887.

Samþykkur eígangí J. Guðmundsson

Samþykkur fyrir Skálmardal: J Þórðason (umboðsmaður)

Samþykkur fyrir Selsker: J. Þórðarson (umboðsm.)

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi i Múlahreppi 28 maí 1887 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 102 bls 56-57

vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      „ kr 75 au  
                  bókun      [„ kr] 25 au]  
                                  1 kr „ au

ein króna borguð Fischer



Nr 103. (siá veðmálabók bls 274.)

Landamerkjaskrá fyrir Fjörð.

landamerki að vestann verða i svartagil og sjónhendíngu til sjóar og landamerki milli Skálmardals Múla og Fjarðar frá Oxlinni og í Krossbrekkuholt og það fram á Þingmannaheiði það sem vötnum hallar að báðum löndum að sunnanverði lurkú sem rennur ofann lurkárdal og i máfavatn þar er hólmi í vatninu er tilheirir báðum jörðunum til jafnaðar þar rennur úr vatninu lækur og í breiðavog og eptir breiðu í vestu út milli melrakka eyar og laungu flögu og vestann til við há hólmg og eptir dipsta sundi milli Eingeiar og kambur þar suður og þá eptir miðu sundi vestann til við hestsker enn sunnann til við þikkulönd. eirninn skal getið þess að Brjámslækarkirkja á fjörunitíar frá kellingartanga að Sandvikurbóða.

Firði þ. 28 maí 1887.

Eigandi Guðrun Jónsdóttir

Samþykkir firir Deildará L Jónsson Fyrir eiganda

Fyrir Múla J. Þórðarson (umboðsmáður).

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi 28 maí 1887 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 103 bls 57 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr „ kr 75 au  
bókun [„ kr] 25 au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer





Nr 104. (sjá veðmálabók bls 274).

Landamerkjaskrá fyrir Jörðina Skálmardal (eign Múlakirkju)

1. að austanverðu míllum Skálmardals og Jllugastaða í Landamerkjælæk, sem rennur ofan míðjan blágrítishjalla af brún og ofan í Skálmardalsá. 2, að vestanverðu í streingklett svo nefnd Tröllahlöð ofan til við þjóðgötuna úr honum bein sjónhending á brún að ofanverðu og að neðanverðu til sjáfar. Ofanefnd jörð á eingin itök i önnur lönd nje heldur aðrar jarðir í hennar.

Skálmardal þ. 28 maí 1887.

Samþikkur fyrir eiganda J Þórðarson (umboðsmaður)

Samþikkur fyrir Jllugastaði J. Guðmundsson.

[Samþikkur] fyrir Vattarnes J. Guðmundsson.

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 104 bls 57 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      „ kr 75 au  
bókun                [„ kr] 25 [au]  
1kr „ au

ein króna borgað Fischer.



Fífustaðir og Holt í Ketildalahreppi/Dalahreppi, bls. 57-58.

Nr 105 (sjá veðmálabók bls 290).

Landamerkjalyking fyrir jörðina Fífustaði og Holt í Dalahreppi.

1. Milli Fífustaða og Neðrabæar eru landamerkin í svokallaðann Líkustapa sem er klettur við sjóinn og þaðann sjónhending beint á fjall upp.

2. Milli Fífustaða og Øskubrekku eru landamerkin eptir beinni stefnu úr svokölluðu Markgili, þvert ofanyfir myrarnar ofan í aðalána er rennur ofan allan Fífustaðadal tíu foðmum framur er þessi beina stefna seigir rennur þverá svokölluð í [aðalána au]stanvert í dalnum.

3. Milli Fífustaða og Klúku og Kyrkjubóls annarsvegar eru landamerki aðaláin er rennur ofann allann Fífustaðadal til sjáfar en þareð á þessi hefur breitt og gjetur en breitt stefnu sinni og farveg er hún kjemur ofanað Malarrifi því er sjórinn hefur mindað þar, þá hafa hlutaðeigendur nú skift rífi þessu og skifting þess til mekis hlaðið vörðu sem hjeðan af skal viðhaldið af landsetum jarðanna Fífustaða og Kyrkjubóls. Frá landamerkjavörðu þessari og til sjávar eiga Fífustaðir eftir þverbeinni stefnu yfir Arnarfjörð á svokallað ytra „Bjargagil“ hinsvegar fjarðarins. Landamerkjalykingu þessa samþykkja löglegir hlutaðeigendur með undirskrift sinni.

I maí mánuði 1887.

Ari Finnsson sameigendur Fífustaða

S. Bachmann sameigandi Fífustaða.

L. Benediktsson umboðsmaður Øskubrekku.

A Gíslason bóndi og umráðam. á Kirkjubóli

Sveinn Gíslason eigandi Klúku.

Lesið á manntalsþingi að Fífustöðum í Dalahreppi 7 júní 1887 og innfært í Landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 105 bls 57-58  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      „ kr 75 au  
bókun                    [„ kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer.



Jörðin Suðureyri í Tálknafjarðarhreppi á land að utan (vestan) verðu í stóran steinæ sem fallin er úr fjalli í svokallaðri Tálknavík sem er framan í sjálfum Tálknanum og hafa eigendur jarðanna n. J. Th. Johnsen sem nú er eigandi Suðureyrar og S. Bachmann sem nú er eigandi Vatneyrar komið sér saman um að steirn þessi sjeu merki milli tjeðra jarða og þar í beirni línu upp fjallið Tálknu. Á stein þennan verður höggvið MERKI. – Að innan (sunnan) verðu milli Suðureyrar og Lambeyrar eru Landamerki Smælingjadalsá eftir því sem aðaláin rennur ofan Smælingjadal, en þar sem hún þrítur í beina línu upp svokallað Miðhorn í Smælingjadal, En þess skal hér jafnframt gétið að þareð dalur þessi er mestmegnis brúkaður til beitar og og vörslugarðar bæði fyrir utan og innan - skal bæði frá Suðureyri og Lambeyri jafnheimil beit í honum. Í Jörð þessari á engin ítök það mér er kunnugt eða hún í öðrum.

Suðureyri í Maí 1886.

J Th Johnsen (eigandi Suðureyrar).

Kristín Snæbjarnardóttir / eigandi að Lambeyri.)

Samþikkur eigandi Vatneyrar S. Bachmann.

Lesið á manntalsþingi að Kvígyndisfelli í Tálknafjarðarhreppi 9 júní 1887 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 106 bls 58 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr     „ kr 75 au  
                  bókun        [„ kr] 25 [au]  
                                  1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Skrá um landamerki jarðarinnar Kvíendisfells í Tálknafjarðarhrepp í Barðastrandarsýslu

Árni Bjarnason óðalseignarmaður að ofanefndri jörð Gjörir kunnugt: að landamerki milli nefndrar jarðar Kvíendisfells og næstu hjálleggjandi jarða sem er: Bakki að utann og Stori Laugadalur að innann eru að því mjer skilst og jeg veit:

a, að utannverðu á Kvíendisfell í svonefnda „Steiklu“ á og eptir vatni hennar „miðju“ í sjó út að neðann, eins og hún nú rennur og upp að svonefndu Kambgili enn síðann að ofann í kambgilið og eptir því í svonefndann „Einir“, sem er klettur efst á Kambgilsbrúninni upp af Kambinum útann til við gilið.

b, að innanverðu í „Fagradalsá“ eptir [miðju] vatni hennar, eins og hún nú rennur í sjó út að neðann og svo framm Fagradal géngt selinu og svo nefndu „Skötuhorni“, sem er þar ámóti innanntil í dalnum, þar sem mannsurðir eru kallaðar niður undann; en úr því gengur áin til austurs s. a. og mindar dalkika, í sömu stefnu, sem kallaður er Kvíslárdalur og áinn þar kvíslárdalsá; og verður þessi á þegar hingað er komið að álitast landamerki eptir miðju vatni hennar og svo „sjónhendinginn“ eins og hún vísar til uppá fjallið í beina greinda átt, enda þó munnmælasögn sjeað áður nefndar mannsurðir eða „mannsurðahriggur“ sjeu: landamerki á milli Kvíendisfells og Stóra Laugardals þegar þar kjemur framm í dalinn. ekki er mjer kunnugt að Kvíendisfell eigi nein „ítök“ í annara landi og ekki heldur aðrar jarðir í land þess.

Kvíendisfelli 8 dag maímánaðar 1884.

A Bjarnason eigandi að jörðinni Kvíendisfelli.

Hinsvegar skrifaða Landamerkjaskrá samþykkja:

Eigandi að meiri partinum ur Bakka Valgerður Þorleifsdóttir (ekkja samastaðar).

Guðm. Gíslason eigandi að nokkru í Bakka, bóndi samast.

K. Oddsson eigandi að nokru í Bakka samþykkir þessi landamerki.

Fyrir Stóra Laugardalseign Guðm. Jónsson, eigandi og kirkjufjórðaldsmaður.

Lesið á manntalsþingi að Kvígyndisfelli í Tálknafjarðarhreppi 9 júní 1887 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 107 bls 58-59 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      „ kr 75 au  
                  bókun            [„ kr] 25 [au]  
                                  1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Nr 108. (sja veðmálabók bls 318).

Landamerkjaskrá Ingunnarstaðir

landamerki að vestanverðu í lækarhjallagyl og dálítið garðstykki hlaðið sem merki og þar hjá settir steinar sjónhending ofann til Jórtatjarnar og stóran stein og sker sem þar er framm undann og er lögn við skerið og tilheirir jörðunni siðri hluti skersins að sunnann verðu er landamerkalækur hann kemur undann fjallinu og rennur í fjöru við sjóinn þá rennur hann í 2 lægi og eiga Ingunnarstaðir í þá kvísl sem nær er hlífarnesi er þar sker fyrir framann og lögn við skerið sem tilheirir jörðunni og nemt er landamerkasker. jörðinn á einginn ítak í öðrum jörðum og aðrar jarðir ekki í henni.

Ingunnarstöðum 16 Mars 1885.

eigandi jarðarinnar Þórdís Olafsdóttir.

Samþikkur fyrir jörðina Hamar og Múla J. Þórðarson (umboðsmaður)

Lesið á manntalsþingi að Vallarnesi í Múlahreppi 25 maí 1888 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 108 bls 59  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      „ kr 75 au  
    bókun              [„ kr] 25 [au]  
                            1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



1. Að innanverðu milli Auðshaugs og Hamars úr miðju Markhólmasundi í svonefndan Markklett er stendur efst á sjáfarbakkanum þaðan ræður Markhriggur sem hann er hæðstur í svonefnda Markgjá í fjallinu og ræður hún á fjall upp en þar eru merki sem vötnum hallar.

2, að utanverðu úr miðju Nóneyjarsundi í svonefndan Stóra Markklett þaðan bein sjónhending í svonefnda [R]eslíngar í sunnanverðum Húsadal og eptir sömu stefnu á fjöll fram þar til skjer í sundur línum.

Jörðin á engin ítök í öðrum jörðum nje aðrar jarðir í henni.

Suður Hamri þ. 30 maí 1887.

Eígandi teðrar jarðar er Jóhann Einarsson

Sem umboðsmaður Eygandanna að jörðinni Fossá og Auðhaug samþykkir Guðm. Jónsson, Hamri.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 28 maí 1888 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 109 bls 59-60

Vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr     „ kr 75 au  
                  bókun     [„ kr] 25 [au]  
                              1 kr „ au

ein króna borgað Fischer.



Landamerkjalysing fyrir jörðina Kross í Barðastrandarhreppi innan Barðastrandarsýslu

Jörð þessi er metin að dyrleika 10,8 hndr. að nýju mati og er gefin „til uppeldis prestinum á Brjánslæk“ af Einari heitnum Ögmundssyni samkvæmt gjafabryfi dags 24 sept 1773.

1<sup>o</sup> Landamerki að innanverðu til móts við jarðirnar Efri- og Neðri-Vaðal eru samkvæmt lögfestu fyrir tjeðum jörðum frá 7 sept 1810 þau sem nú skal greina: Eptir landamerkjunum að neðanverðu rennur lækur um svokallaðar Krossurðir og ígegnum Orminn; þaðan eptir holtunum ofan eptir Landamerkjalág, ofann til sjáfar í Vaðalinn skammt fyrir utan Rjettarnes. Að ofan eru landamerki þar sem Urðar-lækur hefur upptök sín; þaðan þvert út á fjall í Girðisbrekku og beint þaðan í Þverárkika; úr þeim kika í Hösuhlíðarvatn; þaðan norður á fjallsbrún.

2<sup>o</sup> Landamerki að utanverðu til móts við Túngumúla eru þessi: Mórudalsá ræður merkjum frá sjó fram að Kerlingardalsá, svo ræður Kerlingardalsá merkjum fram að Hösuhlíðará, síðan sú á að Hösuhlíðarvatni; þaðan bein sjónhending norður á fjallskjölinn.

Jörðin Kross á ekki ítök í neinum jörðum öðrum og engin jörð á ítak í henni.

Brjánslæk 1 marz 1886.

Þorvaldur Jakobsson (prestur).

Svo mikið sem sjá með er ofanskrið af mjer samþykkt Árni Bjarnason

Eigandans fullmektugur Guðm. Jónsson á Hamri

Sem eigandi [...] ½ Tungumúla Josías Fr. Biarnason.

Sem eigandi ½ Túngumúla J. Guðmundsson.

Jóhann Einarsson oddviti.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 28 maí 1888 og innfært í landamerkiabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 110 bls 60

vottar ALEFischer Syslumaður.

Borgun: Þinglestr      „ kr 75 au  
                  bókun      [„ kr] 25 [au]  
                                  1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Fremri-Hvesta í Ketildalahreppi/Dalahreppi, bls. 60-61

Nr 111 (síá veðmálalabok bls 320)

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Fremri Hvestu í Dalahrepp og Barðastrandarsýslu.

1<sup>o</sup> Að inanverðu gagnvart Auðahringsdal eru landamerkin Beinlína úr fjalsbrún í Sjó niður eptir miðjum stórum kletti við sjóin er heitir Göltur.

2<sup>o</sup> Að utanverðu gagnvart Neðri Hvestu liggja merkin þanig að bein sjónhending frá efstu fjallsbrún í Blesagil ræður efst, svo bein lína úr Blesagili yfir svokallaðann Gunnuhnúk ofan dalinn og yfir stóran Rauðbarðann stein móti Neðrihvestubænum í Vaðlinum en úr honum yfir Malarnefið og sandinn beint í sjó niður. Að öðru leyti ræður sjór og efstafjallegginn Landamerkjum. Jörð þessi á engin ítök annarstaðar og ekki eiga heldur aðrar jarðir neitt ítak í hennar landi.

Gjert að Fremri hvestu 18 november 1887.

Fr Jónsson

Jón Jónsson eignamaður að 12 hndr. í Neðri Hvestu

Eigandi neðri-Hvestu 12 hndr. E. Gíslason. Þórunn Einarsdóttir

Ásgeir Jónsson eignarmaður að 6 hndr. í neðri hvestu.

Fyrir hönd St. Pjeturssonar Bíldudal 26 marz 1888 P. J. Thorsteinsson

Fyrir eigendur að Hringsdal samþykkir E. Gíslason B. Gíslason. Þórun Einarsdóttir.

Lesið á manntalsþingi að Fífustöðum í Dalahreppi 18 juní 1888 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 111 bls 60-61 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
    bókun              – [kr] 25 [au]  
                            1 kr. „ au

ein króna borgað Fischer





Nr 112 (síá veðmálalabók bls 320).

Jeg undirritaður Bjarni Kristjánsson á Gerðhömrum gjöri hjermeð kunnugt: að í eptir gefinni umboðsskrá af 26 Oktober sl. lýsi landamerkjum jarðarinnar Hóls í Kjetildölum í Barðastrandarsýslu. Að innanverðu, milli Hringsdals og Hóls eru lamdamerkni í miðja innri Hólshvilt í á þá er rennur ofanúr miðri hviltinni og ræður hún merkjunum frá uppsprettu og til sjáfar. Að framanverðu milli Hóls og Granda eru merkinn á rúnastein og úr honum sjónhending í ána og allt uppá brún. Að utanverðu milli Hóls og Bakka ræður langá til sjáfar merkjum jarðanna; og eigendur síðastnefndu jarða hafa komið sín á milli að öll þar höpp og hlunnindi, sem bera uppá sandinn sem liggur milli Grímsskjera og Hólstanga skuli skifta til helminga milli þeirra. Landamerkjaskrá þessa legg i[e]g til undirskriftar fyrir eigendur þá er eiga lönd gagnvart Hóli.

p. t Bakka þann 10 Nóvember 1886.

B Krisiánsson (fyrir hönd Guðm. Bjarnasonar eiganda Hóls)

Árni Þórðarson eigandi að hálfum Hóli

Jón Einarsson Eigandi að halfri

Jón Eiríksson (Eigandi Bakka).

NB. Þess skal getið, að eptir samkomulagi við eigendur Hringsdals fellur hjermeð úr gildi landamerkjaskrá sú er þinglýst var fyrir Hringsdalslandi árið 1884.

Þórunn Einarsdóttir.

E Gíslason Hreppstíóri.

Bogi Gíslason Eygendur Hringsdals.

Sem umboðsmaður Feigsdals samþykkir ALEFischer, sýslumaður.

Fyrir hönd Granda undirskrifar L. Benediktsson prestur.

Lesið á manntalsþingi að Fífustöðum í Dalahreppi 18 júní 1888 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 112 bls 61

vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr – kr 75 au

bókun – [kr] 25 [au]

1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Öskubrekka í Ketildalahreppi/Dalahreppi, bls. 61-62

Nr 113. (síá veðmálabók bls 320).

Landamerkiálýsing fyrir jörðina Öskubrekku í Dalahreppi.

1. Milli Öskubrekku og Fífustaða eru landamerkin eftir beinni stefnu úr svokölluðu Markgili þvert ofan yfir myrarnar ofan í aðalána er rennur ofan allan Fífustaðadal. 10 föðmum framar en þessi beina stefna segir rennur Þverá svokölluð í aðalána austanvert í dalnum.

2 Milli Öskubrekku og Klúku ræður aðaláin landamerkjum. En hvað beit og hellutak snertir þá á jörðin rjett til hvorutveggja í hinum svokölluðu Túngum, sem að leyti liggja í Klúkulandi.

Í Maímanuði 1887.

Ari Finnsson. O. O. Thorlacius. S. Bachmann eigendur Fífurstaða.

L. Benediktsson, umboðsmaður Öskubrekku

Svein Gíslason Eigandi Klúku.

Lesið á manntalsþingi að Fífustöðum í Dalahreppi 18 júní 1888 og innfært í landamerkiabók Barðastrandarsyslu Ltr A sub. Nr 113 bls 61-62  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      „ kr 75 au  
bókun                    [„ kr] 25 [au]  
1 kr „ aur

ein króna borgað Fischer





Landamerkiaskrá Fyrir jörðina Eysteinseyri í Tálknafjarðarhreppi, sem er Eign Herra Arna Arnasonar í Hringsdal í Dalahreppi í Barðastrandarsýslu. Jörðin er 18 hundr að fornu mati byggð með 3<sup>ur</sup> ásauðarkúgildum og er í landskuld 2 vættir fríðar. Landamerki að ynnanverður milli Botns og Eysteinseyrar eru sem hjer segir: Úr Öfuggavatni uppá Fjallinu niður eptir læk sem úr því rennur beint niður í svo kallaða Keldá, sem rennur í sjó fram. Enn að utan sem skilur milli Túngu og fyrnemdrar jarðar (Eysteinseyri) Er gljúfragil sem rennur niður frá fjallvegginum Hálfán í sjó, þettað votta eg undirskrifaður eigandi jarðarinnar eptir bestu upplýsingum.

Hringsdal 8 Maí 1888.

Árni Arnason (L. S.).

A Gíslason eigandi instu Túngu

Sigríður Lovísa Friðbertsdóttir eigandi að Mið Túngu fyrir sína hönd og sinna erfingia (handsalað)

Fyrir Norður Botn samþykkir J Th Johnsen (sem eigandi og umboðsmaður Margrietar Sigurðardóttur).

Lesið á manntalsþingi að Kvígyndisfelli í Tálknafjarðarhreppi 20 juní 1888 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 115 bls 62 vottar ALEFischer Systumaður.

Borgun: Þinglestr     „ kr 75 au  
                  bókun        [„ kr] 25 [au]  
                                  1 kr „ au

ein króna borgað Fischer.



Nr 116 (síá veðmálabók bls 4)

Landamerkiáskrá jarðarinnar Fossár á Hjarðarnesi.

1. Að vestann verðu á mylli Uppsala og Fossár skilur samkvæmt brjefi dagsettu 11 ágúst 1851 Uppsala á við sjó og í djúp sker undann henni sem fjörumarki en löndinn skilur árgílið til fjalls alt upp í krók þann þar það beigist þvert til suðurs á Fossárland. Síðann stefna úr þeim króki í lítið leirtjarnardrag, þaðann eptir lautinni í lítinn kletthól, á hverjum stakur steinn stendur með vörðubroti á; þaðann beint upp á brúnina i vörðu, yfir melhrygginn í siðri endann á norðustu og stærstu tjörninni skáholt upp í grjótholtin og eftir þeim alla leið norðaustur á við sem vötnum hallar til suðurs alt á hábrún sunnanvert við auðna öxl.

2. að sunn verðu skylur á milli Fossár og Hamars úr miðju nóneyjar sundi í svonefndann stóra markklett, þaðan í kellingar, þaðan sjónhendíng að auðna öxl vestanverðrir. Jörðinn á eíngínn ítök í öðrum jörðum, nje aðrar jarðír i henni.

Fossá 21 maí 1889.

Fyrir Uppsalir og Briánslæg samþykkir Þorvaldur Jakobsson prestur.

Samþykkir fyrir Suður Hamar Jóhann Einarsson.

Sigríður Johnsen Jofríður Guðmundsson eigendur Fossár að 20 hundruðum

Fyrir Guðm. Jónsson á Hamri eiganda að 14 hundruðum i Fossá Jóhann Einarsson.

Lesið á manntalsþíngi að Vaðli i Barðastrandarhreppi 21 mai 1889 og innfært í landamerkiabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 116 bls 62-63 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr     „ kr 75 au  
                  bókun     [„ kr] 25 [au]  
                              1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Eg undirskrifaður eigandi ½ Miðhlíðar lysi hérmeð landamerkjum tjeðar jarða bæði mín vegna og eiganda hinnar ½ lendunnar Ekkiufrú S. Jonss á Flatey. Miðhlíð liggjandi í Barðastrandarhrepp á land að Miðhlíðará að útanngengt Hrísnæs og allann Miðhlíðardal ynnan árinna og að utannverðu hennar ofann að Náttmálalæk og að ynnanverðu Móts við Gerði í Merkjasteinin í Hvölfunum þaðann beina sjónhending á fjallin ofann frá steininum til sjáfar eftir beinni línu í Merkjagarðinn milli bæjanna beint til sjáfar útan til við Naustvegginn. Partar sem Miðhlíð á milli annarra jarða fyrir utan Hrísnæsland að Haukabergrs þorp landeign alt land milli fjals og sjáfar frá ábótalækað ynnan að Klöppunum á Haukabergrshlíð að utann sem þ höggvinn verður í til merkis. Fyrir ynnann Gerðisland á Miðhlíð alt land fyrir ynnan Gerðis merki sem eru Kross og M á grundinni og í steinin Merkan M og frá þessum merkjum beina sjónhendingu til fjals upp og sjáfar niður að ynnann móts við Litluhlíðarland Merki steindurin á Hlíðarskeri beina Sjónhending í á Arbununa þar sem hún fellur ofann fossinn af Fossdal eigi á ítök í ofann nemdri landeign til neinna afnota.

Hrísnési 20 M. 1885.

Vigfús Erlindsson, meðeigandi jarðarinnar.

Eigandi að ½ Miðhlíð Sigríður Jóhnsen.

Samþykkir Nábúar: Jakob Athanasíusson á Gerði.

Guðm Jónsson fyrir Haukabergr. handsalað

Guðbrandur Guðmundsson eigandi að 1/3 iarðarinnar Litluhlíð.

Hinsvegar skrifuð bréf er i[e]g samþýkur.

Geirseymi 6 Maí 1889

M. Snæbjörnsson

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 21 maí 1889 og innfært í ~~afsals~~ landamerkiabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 117 bls 63-64 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Otradalur og Foss í Suðurfjarðarhreppi, bls. 64

Nr 118 (síá veðmálabók bls. 24).

Landamerki Otrardalskirkiueigna sem eru Otrardalur og Foss í Suðurfjörðum í  
Barðastrandarsýslu.

1. Otradalur á land að utanverðu til móts við Litleyri í svonefndan Haganegarð og þaðan til fjalls þannig að Núpurinn vestanvert við dalinn, tilheyrir allur Otrardal svo í Töfluskarð og þaðan fyrir dalbotninn eptir því sem eggjar ráða og vötnum hallar allt fram á svonefndan Hindarnessnúp og þaðan til sjávar í miðjan Beitilshamar sem ræður landamerkjum milli Dufansdals og Otrardals að innanverðu. Otrardalur á skogarhögg til allra þarfinda í Trostansfirði (sb. visitatia frá 1750). Í Otrardalslandi á engin jörð, ítak.

2. Foss á land að utanverðu í svonefndan Vaðhamar við sjóinn, þaðan beina sjónhending á brún og svo eptir eggjum og því sem vötnum hallar fyrir botninn á Þernudal og síðan inn eptir fjallinu og svo eptir eggjum fram í Hrafnskaganúp þar til bein sjónhending myndast að neðan yfir Málfríðastaði er svo eru nefndir í Garðbrot. Urð á Hrafnskagahlíð sem greinir lönd milli Reykjarfjarðar og Foss. Foss á hvergi ítök og engin jörð ítök í Fossi.

Otrardal í aprílmanuði 1886

Finnb. R. Magnússon pt. umboðsmaður Otrardals kirkjueigna.

Þessum landamerkjum eru samþykkir: Eigendur og búendur Dufansdals: Jón Olafsson  
Biarni Pjetursson

Umboðsmenn og búendur Litlaeyrar St Pjetursson (eigandi) Eigandi H. Pétursson  
umboðsmaður.

Eigendur og umboðsmenn Reykjarfjarðar: B Pétursson umboðsmaður. Kristián Oddsson.

Eigendur Trostansfjarðar Guðmundur Jónsson.

Um skogarítak Otrardalskirkju í Trostansfirði samkvæmt máldögum samþykkir J. Th.  
Johnsen (eigandi í Trostansfirði).

Lesið á manntalsþingi að Otrardal í Suðurfjarðarhreppi 17 júní 1889 og innfært í  
landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 118 bls 64.  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr     „ kr 75 au  
bókun                [„ kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Landamerki milli jarðanna Hringsdals og Hvestu er svokallaður Hólaklettur í fjörunni og í hæðsta nípuna á Hringsdalsnúp.

Hringsdal 18 júní 1889.

Eigendur jarðanna Hringsdals og Neðri Hvestu samþykkja:

E Gíslason

Þorun Einarasdóttir

Bogi Gíslason

Jón Jónsson

Ásgeir Jónsson

Landamerki milli jarðanna Hóls og Hringsdals innríkviltará frá uppbótum hennar niður að sjó bein sjónhending og til fjalls

Eigendur jarðanna,

Einar Gíslason.

Þorun Einarasdóttir.

Bogi Gíslason.

Fyrir hönd Jóns Einarssonar samþykkir Guðmundur Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Fífastöðum í Dalahreppi 18 júní 1889 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 119 bls 64-65 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      – kr 75 au  
                  bókun        – [kr] 25 [au]  
                                  1 kr „ au

ein króna borguð Fischer





Nr 120 (síá veðmalabók bls 24).

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Neðri Hvestu.

Landamerki milli Jarðanna neðri hvestu og Fremrihvestu eru svokallað blesagil að bera í Gunnuhnuk og rauðleitur steirn og þaðan að miða beina sjónhending niður að sjó.

Neðri Hvestu 18 júní 1889.

Eigendur Jarðanna:

G Gíslason Hreppstíóri.

Þorun Einarsdóttir

Jón Jónsson

Ásger Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Fífustöðum í Dalahreppi 18 júní 1889 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 120 bls 65 vottar ALEFischer sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      – kr 75 au  
                  bókun        – [kr] 25 [au]  
                                  1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Neðribær í Ketildalahreppi/Dalahreppi, bls. 65

Nr 121 (síá veðmálabók bls 24).

Landamerkjaskrá. Jörðin Neðribæ í Dalahrepp hefur landamerki.

1. Að innanverðu Líkastapa og eptir honum miðr um beina línu í hæðstu fjallsbrún.

2, Að utanverðu Selárdalsá og vatnahvíltará ásamt vatninu í hviltinni.

Itök á jörðin engin og engin á heldur ítök í hennar landi nema presturinn í Selárdal hefur rjett til að hafa þar verbúðir og vergögn af því að jörðin er eign Selárdalskirkju.

Selárdal 16 juní 1888.

L. Benidiktsson umboðsmaður Neðrabæjar.

Samþykkir eru Fífustaðaeigendur Ari Finnsson. O O Thorlacius. S. Bachmann.

Lesið á manntalsþingi að Fífustöðum í Dalahreppi 18 júní 1889 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 121 bls 65 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
    bókun              – [kr] 25 [au]  
                            1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Nr 122. (síá veðmálabók bls. 29).

Landamerkjalyking heimajarðarinnar Bæjar á Rauðasandi svo og landsparta þeirra er Bæ tilheyra auk heimalandsins og einnig kirkjuitaka þeirra, sem Bæarkyrkju eru eignuð annars staðar.

Landamerki heimalands Bæjar Kyrkjuhvamms megin eru i Garð þann sem liggur fra Virkinu upp undir hlíðina fyrir suðaustan eyði hjáleiguna Traðir eptir þeirri stefnu er hann liggur uppí hlíðina og að neðan i stærsta steininn sem er á virkinu ofanundann Garðsendanum og svo þaðan beint ofani ál þann er um sjáfarlágrennur vestan úr Bæarfit, og sem þar er kallaður Stórikrókur og rennur alla leið suðaustur fáa faðma frá flæðarmáli alla leið suðaustur undir Þúfutangá og svo þaðan fram um Bæarós til sjáfar út; Bær á því allt land fyrir suðvestan og vestan ál þennann, og á þannig selveiðina í vestan verðum Bæarós sömuleiðis allann Reka á Rauðasandsrifi frá Bæarós vestur allt rifið, vestur þver beint ofanundan míðja Gáutröð (Gáfutröð?) sem er í Naustabrekkulandi uppí undir fjallshlíðinni, ofan til við Rifið eru landamerkin í suðaustur neðanvert við Fljótsbakkana alla leið suðaustur að landamerkjunum milli Króks og Grafar þaðan suðaustur á Bær landið upp að Reiðgötum þeim sem liggja suðaustan úr Bæarodda og vestur að Stökkum; en landamerki Bæarlands með landi Bæarhjáleigunnar Stakkadals eru i læk þeim, sem rennur ofan hólana og ofan með klúkutóptum að austanverðu og beint ofani áður nefndar Reiðgötur þannig að Grafarland sje jafnlangt frá vestri til austurs níður við hjernefndar reiðgötur, eins og það er uppi undir hlíðinni, en lækurinn austanvert við klúkutóptirnar er landamerki þaðan upp svo langt sem hann liggur og eptir það beint á fjall upp svo langt norður er vötnum hallar suður af fjallinu yfir miðju svokallaðs altarisbergs.

1. Landamerki Bær landsparts þess, sem liggur milli lands Kyrkjuhvamms og Mábergs takmarkast hjer Kyrkjuhvammsmegin þannig: norðan af fjalli þaðan sem vötnum hallar vestur af, ræður Bjarngötudalsá alla leið ofan að kvernagrund, sem kölluð er og svo þaðan eptir svokölluðum Gamla Bjarngötudalsárfarveg ofan að ál þeim i Bæarós sem hjer ad framan er getið. Mábergsmegin takmarkast landspartur þessi af svokölluðum Silungalæk eptir sem hann liggur frá fjalli til fjöru og frá uppsprettu hans þverbeint á fjall upp og svo langt norður eptir þeirri stefnu sem vötnum hallar suður af fjallinu, en þaðan er Silíngalækur kemur fram í flæðarmál, ræður landi stefna í rjett suður fram í fyrnefndann ál.

2. Landamerki Bæarlandsparts þess að meðtöldu landi Bæarhjáleigunnar Skógar, sem liggur austanvert við Mábergsland eru þessi: Mábergsmegin ræður bein stefna þar frá sem Geítaá rennur ofan af fjallsbrúninni i stein þann er stendur á Geitaárskriðu og frá honum eptir sömu stefnu ofani míósund svokölluð, en á fjallinu uppi ræður Geitaáin svo langt upp sem hún nær og svo beint eptir stefnu hennar upp á Stóruhæð þaðan eptir vatnshalla austur yfir Hrólfsvirki og Gljá austur á svokallaða Vatnskleif eða Skörð þaðan frá ræður vatnshalli Suður og vestur suðvestur að hinu suðvestasta af giljum þeim sem kölluð eru Grílufoassar og rennur það af fjalli ofan, ofani svokallað Stórvatn úr vatni þessu rennur Suðurfossá og skíkur



hæstáundan [svo] nefnt gil í Grílufoos, Stórvatn og Suðurfossá til sjáfar, svo Mjósund svokölluð eptir miðju þeirra niður að Þúfutanga og þaðan eptir aðalál þeim, er kemur alla leið vestan úr Bæarfít sem að framan er getið, og sem liggur fram rjett vestanvert við Þúfutanga og liggur svo fyrst í suðvestur niður Bæarós, svo í vestur svo fram úr rífinu í suðvestur á sjó út, - land Bæar fra landi jarðarinnar Melaness.

3. Landamerki Bæarkyrkju ítaksins: Skorarhlíða eru: að suðaustanverðu, sem er hreppatakmark Rauðasands og Barðastrandarhrepps – svokallað Stál sem er næstum lóðrjett Standberg frá fjallsbrún í sjó, þaðan í norðvestur eptir Skorarhlíða brúninni milli Skorarhlíða og Sjöundaársdals, en að norðvestanverðu eru merkin í Forvaða þann, sem gengur í sjó fram yfir suðaustan Forvaðavík er liggur suðaustanvert við Skor og svo beint úr Forvaða þessum alla leið á fjall upp.

4. Landamerki Bæarkyrkju ítaks í Látrabjargi. Itak þetta er nu kallað Bæarbarg og eru merkin þessi: að vestanverðu í miðja Saxagjá eftir þeirri stefnu, sem hún liggur frá sjó upp bjargið, svo að norðvestanverðu eftir vatnshalla suður af fjallinu fyrir norðan Díúpadal austnorðan að linu þeirri er huxast dregín lóðrjett frá sjó upp bjargið upp með vestari rönd grasflesis þess sem kallað er Melalykkja uppyfir bjargið, og eptir sömu stefnu yfir Geldíngsskorardal á fjall upp svo langt norðvestur sem vötnum hallar suður af fjallinu.

Þessi eru enfremur ítök þau sem Bær og Bæarkyrkja eiga í annara jarða löndum:

1. Eptir kyrkna-máldagabókum Wilkins og Gísla Jónssonar Biskupa á Bæarkyrkja hina 10<sup>da</sup> hverja vætt hvals af öllum þeim hvölum sem reka um öll þíngin þ.e. milli Stáls og Tálkna eða sem reki á hverri sem helzt jörðu í öllum Rauðasandshreppi. Allar Biskupa og prófaste vísítatíur til þessa tíma hafa eignað kyrkjunnar ítak þetta og enginn löglega mótmælt

2. Samkvæmt gjafbrjefi Eggerts Hannessonar Lögmans dagsettu 4 dag aprilmánaðar 1581 í Hamborg hefur hann gefið Bæarkyrkju frjálsa hús- og naustgjörð á Hvalskeri hjer í hreppi fyrir tíært skip, frjálst grjót og torf til húss og naustgjörðarinnar, sömuleiðis frjálsa hestabeit fyrir hesta þá er þeir þurfa að brúka til byggingar þessarar. Þar að auki gefur hann Bæareigendum þar frjálst uppsátur fyrir svo mörg skip, sem þeir eiga og vílja þar upp setja og leyfir þeim grjót að þörfum þar að skorða og um að búa, sömuleiðis gefur hann þeim leyfi til frjálst að flytja þangað og þaðan vörur Sínar sem og frjálsa beit fyrir hesta þá, er þeir til þess hafa, nær sem vera skal, en spilli hvorki ökrum fötum nje engjum. Verði það ekki löglega sannað, að þetta itak Bæarkyrkju hafi að lögum undan henni gengið, þá á hún það enn að lögum.

Engin ítök eiga aðrar jarðir eða menn í Bæarlöndum nema kyrkjujörðin Kyrkjuhvammur, hún á selveíði í Bæarós að 1/6 (einum síötta hluta) móti 5/6 hlutum til Bæar, þó á Bær einn alla veíði í svonefndu Rífshöfði.

Landamerki hjáleigna þeirra, sem bygðar eru af heimalandi Bæar eru þessi:

a, Landamerki Stekkadals eru hin sömu að vestanverðu sem lýst er hjer að framan milli Bæar og jarðarinnar Grafar ofaní þarnefndar reiðgötur og að ofan eptir læk þeim sem rennur suðaustanvert víð klúkutóptir uppundír hlíðina og þaðan þverbeint upp hana yfir miðju altarisbergs á fjall uppi. Að suðaustanverðu eru merkin milli Bæar og Stekkadals bein



sjónhendin frá uppsprettu svonefnds Engislækjar og í næsta gjá í fjallsbruninni fyrir vestan svo nefnt Aukahlíðarhöfuð beint á fjall upp; en fyrir neðan uppsprettu Engislækjarins ræður sjónhending úr uppsprettu þessari beint vestanvert við svonefnda marktjorn ofaní fyrnefndar reiðgötur. Meðan ábúandi Stekkadals ekki grefur beinann skurð fyrir vatnsrennsli Engislækjarins eptir þessari stefnu ofanyfir svokallað Engi, heyrir landskíkí sá er lækur þessi nú myndar með Krók sínum vestur i land Stekkadals, ekki til lands hiáleigu þessarar, heldur Bæar.

b. Landamerki Bröttuhlíðar eru að vestanverðu beina stefna úr fjalli ofan yfir suðaustari veggbrúnina á svokallaðri Hlaðstúnstópt beint yfir svokallaðann Grástein og ofan í svokallaðann Engiagarð og þaðan eptir Engjagarðinum suðaustur undir Bæartún og svo upp með því að vestanverðu beint upp og ofan upp vestanvert við hæstu tóptina er þar stendur á grjóthryggnum og beint í fjall upp. Sambeit við Bæ hefur hiáleiga þessi í Bæarfit.

c. Landamerki Skógar eru að verstanverðu landamerki þau, sem lýst er hjer að framan, fyrst milli Móbergs og Bæarlands suðaustanvert við Móberg og þarnæst þau er þar er og lýst milli Melaness og Bæar eptir Mjósundunum og Suðurfossá svo langt upp þangað tíl þær sameinuðu ár Gyltubólzá og Skógará renna í Suðurfossána svo þaðan frá ráðamerkjunum þessar sameinuðu ár þartil er þær skiljast suðaustanvert við Skógarholtið, þaðanfrá skiptir Skógará landinu alla leið upp Skógardal og Geldingadal svo langt norður sem vötnum hallar suður af fjallinu.

Landamerkjalyásing þessi er samin hinn 18 d. júním. 1886.

S. Bachmann. Ari Finnsson. O O Thorlacius. Sem eigendur Bæar með hjáleigum og ítökum Sem meðeigandi Látra og Breiðuvíkur – G. Jónsson.

medeigandi Látra Ari Finnsson.

Eptir fullmakt frá Árna Bjarnasyni medeiganda Látra Árne Jónsson Thoroddsen.

Sem fullmektugur fyrir hönd eiganda 2/3 Sigluness undirskrifar samþykkur Erlendur Kristjánsson.

Sem medeigandi Látra Einar Jónsson.

Sem medeigendur Breiðuvíkur. Olafur Olafsson. J. Gíslason

Sem eigendur Melaness Ari Finnsson og M Gíslason.

Sem eigandur Mábergs Ari Finnsson og sem hreppsnefndarmenn fyrir hreppssjóðshluta Mábergs S. Bachmann (oddviti).

Sem eigandí Grafar S. Bachmann.

Vegna Bæjarkirkjuítaks í landí Saudlauksdalskirkjujarðar Hvalskers samkvæmt brjefi stiptysfírvaldanna og sem ráðsmaður 1/3 í Siglunesi Jónas Bjarnason.

Lesid á manntalsþingí að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1889 og innfært í Landamerkjabók Barðastrandasýslu Ltr A súb Nr 122 bls 65-68  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

1 kr ~~25~~ au

ein króna borgað Fischer



Nr 123

Landamerkjalysing jarðarinnar Krókshúsa, samin í Júlím. 1886

Meðalbreidd Krókshúsatúns, sem er milli Krókstúns og Stakkatúns er 88 faðmar. Jafnbreidd er og slægjuland það fyrir neðan tún Krókshúsa svo langt ofan í fitina, sem slegið verður, sem Krókshúsum fylgir. Svo á jörð þessi slægnapart frá Traðargarði, sem skilur hann frá slægnaparti er Krókur á að suðaustanverðu; þessi partur Krókshúsa er 46 faðmar að breidd uppí fjall og ofaní fitina svo langt sem slegið verður. Enn á jörð þessi slægnapart 44 faðma á breidd jafnbreiðann frá fjalli svo langt ofaní fitina sem slegið verður að vestanverðu skilur svokölluð ytri Hvammshólskelda hann frá slægnaparti Króks sem kallaður er Sortnálspartur, en að austanverðu skilur svokölluð innri Hvammshólskelda hann frá slægnaparti er Stakkar eiga.

Krókshús á óskipt beitarland allt í sameiningu við Krók og Stakka að tiltölu 1/3 hluta sömuleiðis torfristi í óskiptu beitarlandi allra jarða þessara og enfremur 1/3 af reka þeim sem við ber að reka upp yfir rifið uppa gras eða uppyfir svokallaða Fliótsbakka að undanskildum vogrekum þeim sem lönd eignast ekki að lögum og þeim reka sem aðrir rekæigendur hafa lagt á rekamark sitt á sínu rekalandi; öðruvísi en hjer er greint á jörð þessi ekk<sup>ert</sup> [...] ítak í landi annars manna löndum og aðrar jarðir eiga ekki heldur ítök í landi [Krókshúsa að] öðr[u] leiti en [því að] skildi svo ólíklega við bera að hval gæti borið upp á Gras yfir Bæarrifið sem er fyrir neðan land jarða þessara þá á Bæarkyrkja þaraf tíunda hverja vætt, eins og af öðrum hvölum er reka í Rauðasandshreppi.

Landamerkjalytingu þessa undirskrifa hlutaðeigendur, Krókshúsum 14 júlí 1889.

Fyrir Krók Gröf og Stakkar samþykka

S Bachmann og Ari Finnsson.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1889 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 123 bls 68-69  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer.



Nr 124 (síá veðmálabok bls 29).

Landamerkjalýsing jarðarinnar Mábergs á Rauðasandi.

Að vestanverðu eru landamerkin milli Mábergs og Bæarlandsparts þar er þeim megin liggur að landinu silungalækur ræður sem hann ligur frá upptökum sínum undir hlíðinn og niður í flæðarmál og svo þaðan þverbeina sjónhendingu fram eptir fjörunni að ál þeim sem um fjöru rennur alla leið vestan úr Bæarfit og sem þar er kallaðar Stórikrókur, en að ofan frá uppsprettu Silungalækjar ræður merkjunum þver bein stefna upp sláttateiga á fjall upp svo langt norður sem vötnum hallar suður af fjallinu. Að suðaustanverðu eru landamerkin milli Mábergs og Bæarhjáleigunnar Skógar þessi: Bein stefna þaðan frá sem Geitaá rennur ofan af fjallsbrúninni beint yfir stein sem stendur á Geitáskriðu ofan beint í svokölluð Mjósund, síðan eptir þeim miðjum vestur gegnt Púlutanga og þar að merkjum þeim er skilja Mabergsland og Bæarland, en frá fjallsbrúninni þar sem Geitá rennur fram af henni ræður á þessi merkjunum upp Mábergsdal til uppsprettu hennar alla leið svo langt norður sem vötnum hallar suður af fjallinu. Engin jörð á ítak í Mábergslandi nema skildi svo ólíklega tilbera að hval ræki upp um Bæarós uppa landskika þann á Mábergslandi, sem nær að Bæarós, því þá á Bæarkyrkia þaraf 10<sup>da</sup> hverja vætt. Máberg á og ekkert ítak í annara manna löndum.

Landamerkjalýsing þessi er samin 18 d. juním. 1886.

Fyrir hönd hreppsnefndarinnar S. Bachmann (oddv.)

Ari Finnsson sem meðeigandi Mábergs og sem meðeigandi næstu landa.

O O Thorlacius meðeg Bæar

S. Bachmann sömul.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1889 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 124 bls 69  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
bókun                    – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer





Nr 125 (síá veðmálabók bls 29).

Landamerkjalyásing jarðarinnar Grafar á Rauðasandi.

Að austanverðu eru landamerkin lækur sá sem rennur ofan yfir hólana fram undan fjallshlíðinni og ofaní myrarnar suðaustanvert við svokallaðan Klúkutóptin, en að ofan frá uppsprettu lækjar þessa eru merkin upp hlíðina yfir austanvert Altarisberg svokallað og á fjall upp. Fyrir neðan hólana er stefna merkjanna úr austanverðu altarisberginu yfir lækinn hjá klúkutóptunum og ofaní reiðgötur þær sem liggja úr Bæjarodda vestur að Stökkum, svo eru merkin eptir reiðgötum þessum vestur að línu þeirri sem huxast dregin úr læk þeim, sem kallaður er Grafarkrókur eins og hann rennur ofan af Fljótsbökkunum í Fljótið og sje línan dregin beint uppyfir Myrarnar í grjótgarð þann sem liggur upp og ofan skammt fyrir vestan Grafartúnið er fyrir austan svokallaðann Grafar- eða Káttarhvamm og úr garði þessum eru merkin eptir sömu stefnulínu uppyfir Krókshól upp hlíðina á fjall upp. Gröf á þannig jafnbreitt land að faðmatali í suðaustur og norðvestur hið efra og neðra, eins og það er breiðt milli Klúkulæksins og garðsins Grafarmegin vð Grafar- eða Kattarhvamm. Engar aðrar jarðir eiga ítök í Grafarlandi og Gröf á engin ítök í annara jarða löndum . Hjerundir skrifa allir hlutaðeigendur nöfn sín.

Gröf 14 júlí 1889.

Jarðeigandi Grafar og meðeigandi Bæjar sem og eigandi Króks S. Bachmann  
meðeigendur Bæjar: Ari Finnsson. O O Thorlacíus

Lesið á manntspingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1889 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 125 bls 69-70  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Kirkjuhvammur í Rauðasandshreppi, bls. 70

Nr 126 (sjá veðmalabók bls 29).

Landamerkjalyking jarðarinnar Kyrkjuhvamms á Rauðasandi.

Að vestanverðu eru landamerkið Kyrkjuhvamms garður sá sem liggur frá virkinu a snið í austnorður uppundir Kyrkjuhvammsból framanvert við eyðihjáleiguna Traðir og svo er garðurinn endar beint upp hlíðina á fjall upp. Stór steinn er á virkinu ofanundan garðinn og eru merkin beint ofan frá þeim steini ofan í ál þann er rennur eptir fjöruborðinu um sjáfarlág vestan úr Bæarfít og sem þar er kallaður Stórikrókur og sem heldur áfram fáa faðma frá flæðarmáli alla leið fyrir neðan Kyrkjuhvammsland allt og suðaustur undir Þúfutanga. Að suðaustanverðu eru merkin næstum svo langt af fjalli ofan sem vötnum hallar suður af fjallinu – Bjarngötudalsá ofan fyrir Aurbrekku, þaðan ræður gamall farvegur. Bjarngötudalsár ofan suðaustanvert við svokallaða kvernagrund til sjáfar og fram í ál þann sem að ofan er umgetið. Kyrkjuhvammur á það ítak í selveiði í Bæarós að undanteknu svokölluðu Rifshöfði, að jörðin á 1/6 (einn sjötta hluta) af selveiðinni móti fimm sjöttu hlutum sem Bær á; jörðin á og reka allann fyrir ofan framanefndann ál á sínu landi. Engin ítök á jörð þessi í hlöndum annara Jarða.

Landamerkjalyking þessi er samin 18 d. juním 1886.

Ari Finnsson. O O Thorlacius. S. Bachmann, sameigendur jarðarinnar Kyrkjuhvamms og Bær og Ari Finnsson sem meðeigandi Mábergs.

Fyrir hönd hreppsnefndar S. Bachmann (oddv.)

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1889 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 126 bls 70 vottar ALEFischer Syslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borguð Fischer



Láginúpur og hjáleigan Grundir í Rauðasandshreppi, bls. 70-71  
Nr 127 (síá veðmálabók bls 29)

Landamerkjalysing jarðarinnar Láganúps með hjáleigunni Grundum samin 7 júlí. 1886.

Eptir óátöldum gömlum máldögum og landamerkjaskrá á Láginúpur land að sunnanverðu í Sker það er, liggur nær undan miðjum núp þeim, sem almennt hefur verið og er kallaður Breiður og úr sker í þessu, sem fyrrum hefur verið kallað Landamerkjasker beint upp Breiðinn í svokallaðann Landamerkjahrigg og beint a fjall upp og svo eru landamerkin eptir vatnshalla eptir kjöl þeim, sem liggur milli Breiðuvíkur og Vatnsdals allt norður að vegi þeim sem liggur fram Vatnadal frá Kollsvík og suður á Rauðasand og svo eru merkin eptir sem vegur þessi liggur ofan Vatnadal yfir Kollsvíkurskarð svo langt norðvestur sem svarar uppsprettu ár þeirrar er rennur í sjó út milli Láganúps og Kollsvíkur og eptir ánni til sjáfar. Túninu og nokkru af slægjulandi því er Láganúp hefur fylgt er nú skipt milli Láganúps og Grunda, en Beitarlandi og Reka og öllum öðrum gögnum og gæðum ásamt nokkru af slægjulandinu er óskipt en þessi jarðarnot hefur hver ábúandanna að helmingi eins og þau notast. Engin ítök eiga aðrar jarðir eða menn í landi Láganúps og Láginúpur á engin ítök í annara manna löndum. Þarsem Láginúpur er kyrkjujörð frá Bæ á Rauðasandi þá kemur ekki til greina sjerstaklega ítak Bæarkyrkju til tíunda hverrar vættar af hvalreka á landi allra jarða í Rauðasandshreppi. Hjerundir rita hlutaðeigendur nöfn sín.

Sem meðeigandi Láganúps og í umboði meðeiganda Kollsvíkur Ragnheiðar Gísladóttur Ari Finnsson.

S. Bachmann. Olafur O Thorlacius sem eigendur Grunda og Láganúps.

Sem meðeigendur Breiðuvíkur Olafur Olafsson. G Jónsson. Jón Gíslason.

Sem meðeigendur Kollsvíkur Halldór Olafsson, Magdalena Halldórsdóttir.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1889 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 127 bls 70-71  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Jörðin Stakkar á land allt frá Krókshúsatúni vestur að garði sem liggur suðaustanvert við svokallaða Álakeldu. Breidd á þessu landi, norðvestur og suðaustur er 240 faðmar, jafnbreidt frá fjalli svo langt ofan eptir fitinni sem slegið verður; svo á jörð þessi slægnapart sem að suðaustanverðu takmarkast af slægnaparti sem Krókshús eiga en að norðvestanverðu eru merkin svokölluð Innri Hvammshálskeldu. Slægnapartur þessi er að breidd í suðaustur og norðvestur 143 faðmar, jafnbreiður frá fjalli svo langt ofan í fitina sem slegið verður.

Stakkar á óskipt beitarland allt í sameiningu við Krók og Krókshús að tiltölu við 1/3 hluta; sömuleiðis torfristu í óskiptu beitarlandi allra jarða þessara og enfremur 1/3 hluta af reka þeim sem við ber að rekur upp yfir rífið upp á Gras eða uppyfir svokallaða Fljótsbakka að undanskildum vogrekum þeim sem lönd eiga ekki að lögum og þeim reka sem aðrir rekaeigendur hafa lagt á rekamark sitt á sínu rekalandi.

Øðruvísi en hjer er greint á jörð þessi ekkert ítak í annara manna löndum og aðrar jarðir eiga ekki heldur ítök í landi Stakka að öðru leiti en því, að skildi svo ólíklega við bera að hval bæri upp á Gras yfir Bæarrífið, sem er fyrir neðan land jarða þessara þá á Bæarkyrkja þaraf tíunda hverja vætt eins og af öðrum hvölum er reka í Rauðasandshreppi. Landamerkjalýsingu þessa undirskrifa hlutaðeigendur.

Stökkum 14 júlí 1889

S. Bachmann. Fyrir hönd Ingibjargar Finnsdóttur Ari Finnsson. Eigendur jarðarinnar Stakka.

Fyrir Krók og Krókshús samþykkir S. Bachmann.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1889 og innfært í ælandamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 128 bls 71-72 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Að norðanverðu eru landamerkin úr svonefndu Kambagili, sem fellur ofan klettana af brún ofan eptir beinni stefnu, sem tekin er í gilinu þar sem það fellur ofan miðja klettana og á lína þessi að ganga beint ofan yfir stæsta steininn sem stendur hjerumbil á miðjum svokölluðum Gildrahóli og svo eptir sömu stefnu þaðan ofanyfir Fitina ofaná svokallaða Fljótsbakka. Að suðaustanverðu eru merkin undir hlíðinni í vatnsuppsprettu þá sem nú og um ómunalangann tíma hefur verið kölluð Sortuáll og eptir beinni stefnu úr uppsprettu þessari ofanyfir mýrarnar alla leið ofaná Fljótsbakka þannig að land Lambavatns verði jafnbreidt að faðmatali úr suðaustri til Norðvesturs niðri a Fljótsbökkunum, eins og það er uppundir hlíðinni milli Sortuáls og Gildrahóls og jafnbreidt land svo langt á fjall upp sem vötnum hallar vestur af fjallinu. Hjeraðauki á Lambavatn allann reka á Rifinu frá línu þeirri, sem huxast dregin þvert ofan úr fjallinu yfir miðja svokallaða Góu (Gáfu) tröð beint til sjáfar og norðvestur að línu þeirri er huxast dregin þvert ofan úr fjallinu yfir hæsta Kúpuna á svokölluðum Markklett sem er einstakur klettur á Brekkusöndunum, skammt fyrir suðaustan Naustabrekku-tún. En fyrir suðaustan rekapart þennann á Bær allann reka á Rifinu fyrir neðan Fljótsbakana þaðan og suðaustur fyrir neðan allt Lambavatnsland. Á þessu rekastykki Lambavatns á Bæarkyrkja tíunda hverja vætt af öllum hvölum sem þar reka. Önnur ítök eiga ekki aðrar jarðir í landi Lambavatns. Lambavatn á og engin ítök í annara jarða löndum. Hjerundir rita hlutaðeigendur nöfn sín.

Eptir umboði jarðeigenda sem og meðeigandi Bæar.

Lambavatn 14 júlí 1889

Ari Finnsson.

Sem eigandi jarðarinnar Króks S. Bachmann.

Fyrir Naustabrekku J. Magnusson.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1889 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 129 bls 72  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borguð Fischer



Landamerkjalyting jarðarinnar Króks á Rauðasandi.

Landamerki Króks að suðaustanverðu eru eptir garði þein sem er skammt fyrir vestan Grafartún austanvert við Grafar eða Kattarhvamm og beina sjónhendingu úr garði þessum ofanyfir myrarnar ofanað Fljótabökkum þar sem svokallaður Grafarkrókur rennur í fljótið og eptir þessari sömu stefnulínu frá fyrrnefndum garði uppyfir Krókshól á fjall upp. Krókur á því jafnbreidt land hið efra og neðra frá Fljótsbökkunum og á fjall, upp eins og er frá fyrnefndum garði og út eða vestur að Krókshúsatúni, sem liggur við Krókstún að vestanverðu. Svo á jörð þessi slægnapart sem að suðaustanverðu takmarkast af svokallaðri Álakeldu en að norðvestanverðu Traðargarður sem skilur hann frá slægnaparti er Krókshús eiga. Slægnapartur þessi á að vera jafnbreiður í suðaustur og norðvest bæði hið efra og neðra eins og breidd hans er milli fyrnefnds Traðargarðs og Álakeldu. Enn á Krókur slægnapart sem að suðaustanverðu af svokallaðri ytri Hvammshólskeld, sem skilur hana frá slægnaparti sem Krókshús á, en að norðaustanverðu skilja hann landamerkin milli Króks og Lambavatns, það er suðaustanvert við uppsprettu þá sem kölluð hefur verið og er Sortuáll og bein lína suðaustanvert við hann ofan að Fljótsbökkum þannig að partur þessi verði jafnbreiður þvermælt í suðaustur og norðvestur hið efra og neðra eins og hann er milli ytri Hvammshólskeldu og Sortuáls uppsprettunar. Krókur á beitarlaust allt í sameiningu við Krókshús og Stakka að tiltölu 1/3 hluta sömuleiðis torfristu í óskiptu beitarlandi allra jarða þessara og enfremur 1/3 hluta af reka þeim sem við ber að rekur upp yfir Rifið og fljótið uppa Gras eða uppyfir svokallaða Fljótsbakka að undanskildum vogrekum þeim lönd eiga ekki að lögum og þeim reka sem aðrir eigendur hafa lagt á rekamark sitt á sínu rekalandi. Önnur ítök en hjer er greint á Krókur ekki í annara jarða löndum og aðrar jarðir eiga ekki heldur ítök í landi Króks.

Landamerkjalytingu þessa samþykkir og undirskrifa allir hlutaðeigendur.

Krók 14 júlí 1889

S. Bachmann.

Fyrir Krókshús og Gröf samþykkir S. Bachmann

Fyrir Lambavatn samþykkir sem umboðsmaður Ragnheiðar Gísladóttur og barna Bárðar Bjarnasonar samþykkir Ari Finnsson.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1889 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 130 bls 72-73 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

1 kr „ au ein króna borgað Fischer

Tunga í Örlygshöfn í Rauðasandshreppi, bls. 73

Nr 131 (síá veðmálabok bls 29).

Landamerkiálysing jarðarinnar Túngu í Örlygshöfn samin í júnímanuði 1889.

Túnga á land úti klett þann sem er utan til við svonefndann urðavöll á nesfjörum og kallaður er mígandi þaðan beint upp fjallið á brún og vestur eptir fjallinu eptir vatnshalla að Örlygshöfn úti svonefnda Kóngshæð. Að framanverða á Túnga land fram í garðmót það á Túnguhlíð sem mótar fyrir neðan úr hafnarvaðli og upp í svokallaðann andrjesarhjalla; á garðamóti þessu stendur steinn sem nefndur er grásteinn; svo eptir beinni línu upp fjallið á brún og svo langt út eptir sem vatni hallar innaf fyrir nefndri Kóngshæð. Að nynefndu garðmóti á Túnga land að hafnarvaðli og eptir honum miðjum til sjóar. Túnga á engin ítök í öðrum jörðum og aðrar jarðir eiga engin ítök í Tungulandi, hvorki til lands nje sjóar. Hjer undirskrifa hlutaðeigendur nöfn sín.

Túnga 15 júlí 1889.

Eigendur Túngu: Jón Magnússon Eiríkur Eiríksson S. Bachmann.

Fyrir Geitagil samþykkir vegna Sauðlauksdalskirkju Jónas Bjarnason.

Eigandi [...] Sellátraness Gísli Olafsson.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1889 og innfært í landamerkiabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 131 bls 73  
vottar ALEFischer Sýslumaður

Borgun Þinglestr 75 au bókun 25 au 1 kr  
ein krona borgað Fischer.



Geitagil í Örlygshöfn í Rauðasandshreppi, bls. 74

Nr 132 (síá veðmálabók bls 29).

Landamerkjaskrá kirkjujarðarinnar Geitagils í Örlygshöfn.

Landamerkin eru að innan um Einstakaklett, síðan eptir fjallinu Kryppu, en að utanverðu eptir vatnahalla á Hafnarfjalli, og niðri milli Túngu og Geitagils um gamlan garð, sem liggur upp á og ofan yfir þverar engjarnar.

Sauðlauksdal 22 marz 1889.

Jónas Biarnason p.t umráðamaður jarðarinnar.

Jón Torfason meðeigandi að Hnjóti (handsalað).

M Gíslason. Brandur Árnason meðeigendur að Hnjóti.

S. Bachmann eigandi að neðri Túngu.

Guðrun Snæbiörnsdóttir meðeigandi að Hnjóti (handsalað).

Eiríkur Eiríksson og Jón Magnuson eigendur að hærri Túngu.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1889 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 132 bls 74  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
    bókun              – [kr] 25 [au]  
                            1 kr „ au

ein króna borgað Fischer





Hnjótur í Örlygshöfn í Rauðasandshreppi, bls. 74

Nr 133. (sia veðmálabok bls 29).

Landamerkjalyting jarðarinnar Hnjóts í Örlygshöfn samin í júnímánuði 1889.

Hnjótur á land að innanverðu í svokallaðann Þorsteinshvamm sem er í framanverðum hafnarmúla frá sjó og beint upp múlann á brún og svo Suður og vestur eptir fjallinu eptir vatnshalla að Örlygshöfn þar til að vatrni hallar að mikladal, þá niður eptir svokölluðum einstakaklett sem er í framanverðri krippunni, þar sem saman kemur Hnjótsfit og hallinn upp í krippuhrigginn (þaðan) úr einstakaklett og beint í hafnarvaðal og eptir honum til sjóar. Hnjótur á engin ítök í annara manna löndum og aðrar jarðir eiga ekki ítök í landi Hnjóts. Framanskriðu landamerki samþykkja og undirskrifa nöfn sín

Eigendur Hnjóts Jón Torfason.

Brandur Arnason.

Magnus Gíslason.

Guðrun Snæbjarnardóttir.

Fyrir Sauðlauksdalskirkju Jónas Bjarnason.

Meðeigandi og í umboði allra hinna meðeiganda Vatnsdals E J. Thoroddsen.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1889 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 133 bls 74  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      – kr 75 au  
                  bókun        – [kr] 25 [au]  
                                  1 kr a au

ein króna borgað Fischer.



Landamerkjaskrá jarðarinnar Hallsteinsnes í Gufudalssveit innan Barðastrandarsýslu.

1. Að austanverðu eru landamerki milli Hallsteinsnes og Grafar, úr svokallaðri norðuröxl í dí, sem er undir öxlinni. Þaðan beina stefnu til upptaka lækjar þess, sem kallast eingislækur og svo eptir honum þar til hann rennur í svokallað Kjósarvatn og úr því eptir á þeirri, er kölluð er grímkellsstaðaá og eptir henni til sjóar og fram á miðjan Þorskafjörð;

2. Að vestanverðu milli Hallsteinsness og Barms eru landamerki frá fyrr nefndri norðuröxl eptir klettabelti því sem liggur eptir brún barmshlíðar allt þar til kemur beint upp af svokölluðum þrísteinum þeim sem standa á bökkunum niðri á hlíðinni og úr þeim beina stefnu til sjóar og fram á miðjan Djúpafjörð. Hallsteinsnes á eingin ítök í öðrum jörðum. En Staðarkirkja á aðeins skógarhögg í svokölluðum teigskógi á Hallsteinsneshlíð.

Þoristöðum 8 maí 1888.

Sameigendur jarðarinnar Hallsteinsness. Þórður Þorsteinsson. Jón Gestsson.

Fyrir hönd dánarbús Ara Jónssonar á Múla, eiganda að 17 hndr. að f. m í Hallsteinsnesi samþykkir ALEFischer Sýslumaður.

Staðarkirkja á Teigsskóg á Hallsteinsneshlíð milli Kleifa að utan og innað Grímkellsstaðaá að innan og upp sem vötnum hallar. Þetta er samkvæmt landamerkjask. Staðar og máldögum Staðarkirkju.

Stað 14 maí 1889.

Sem ábúandi Staðar og umboðsmaður Staðarkirkju Jón prestur Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Gufudal í Gufudalshreppi 4 juní 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 134 bls 74-75 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
Bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna Fischer



Skrá um landamerki jarðarinnar Hænuvíkur í Rauðasandshreppi innan Barðastrandarsýslu.

Guðlaug Gísladóttir ekkja til heimiliss á Kvíendisfelli í Tálknafirði ásamt í sameining með 3 börnum mínum á í ofanefndri jörð eptir fornu mati af dyrl. 19 ½ hndr. og Ivar Jónsson bóndi á Hænuvík d<sup>r</sup> 4 ½ –

Allur dyrleiki var 24 hundruð. En eptir jarðabókinni sem löggilt er 1 Apríl 1861 á ieg og ofanefnd og undirskrifuð ásamt börnum mínum af dyrleika jarðarinnar hundruð 13,9 og ieg ofanefndur og undirskrifuð 3,2

allur dyrl. jarðarinnar nú: 17,1

Gjörum kunnugt að landamerkin milli Hænuvíkur og næstliggjandi jarða sem er: Kollsvík að utann eða vestannverðu og eru merkinn þar: „Tirlinga“ eða Þirsklingahriggur eða svonefnd Sölmundagjá; norðann til í Blakknesinu frá sjó og uppúr til þess vötnum hallar enn Sellátranæs að innannverðu og eru merki milli þess og Hænuvíkur: Stekkanupur eptir sjónhending ofann í þúfu í hlíðinni og svo ofanneptir í Stein í fjörunni; en uppúr þar til vötnum hallar. Eptir greindum merkjum hefur jörðin Hænuvík að því við frekast vitum eptir eldstu manna sögn og öðrum skilríkjum gengið að erfð og kaupum og sölum sbr afsalsbrjef d.s 9 dag Júnímánaðar 1887 ofl. Þessu framanskriðu til frekari staðfestu eru hjer undirskrifuð okkar og annara viðkomenda nöfn. gjördt

Að Kvíendisfelli 18 dag nóvembermánaðar 1889.

Guðlaug Gísladóttir (ekcja)

Vegna 3 barna Bárðar sál. bróður míns skipaður fjárhaldsmaður þeirra Árni Bjarnason.

Vegna þess 5/12 hluta af Kollsvík sem tengdystir mín Ragnheiður Gísladóttir á, samþykki ieg þessa landamerkjalyngu. Bæ 20 marts 1889 Ari Finnsson.

Vegna þess 17/48 hluta af Kollsvík sem ieg undirrituð á og tilheyrir samþykki ieg þessa landamerkiaskrá. Kollsvík 26 nóvember 1889. Anna Magdalena Guðrún Halldórsdóttir

Vegna þess 11/48 hluta af Kollsvík, sem ieg undirritaður á samþykki ieg þessa landamerkjaskrá. Grundum 26 nóvember 1889 Halldór Olafsson.

Vegna eignar minnar Sellátranæs samþykki eg hinsvegar og ofanritað landamerkjabréf. Sellátranesi þann 9/12 89 Gísli Olafsson.

Sem meðeigandi í Hænuvík samþykkir Ivar Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 135 bls 75-76 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au

bókun – [kr] 25 [au]

1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS



Holt og Skriðnafell í Barðastrandarhreppi, bls. 76

Nr 136. (sjá veðmálabók bls 41).

Landamerkiabréf. merki milli Holts og Skriðnafells er

N.1 eftir beinni línu frá vörðunni við merkjakrókinn sem liggur upp úr Vaðlinum í vörðuna á holtinu, sem kallast miðvarða og úr vörðunni 12 álna leyngd að Steininum, sem merktur er L.M, og frá þessum steini eftir beinni línu að jarðpörtubjargi fyrir framann Gorminn. bjargið er mergt L.M þaðann liggja merkinn eftir skógargötu að Hrafnagili og eftir því á fjall upp.

2. að ynnann Vaðallinn upp í Holtsá eftir henni að Þverám eftir þeim að uppsprettum þaðann að hrafnagili eftir sem vötnum hallar að Holtslandi.

í umboði eiganda Holts pt. Skriðnafelli 8 Okbr 1889

Jakob Aþanasíusson.

G. Snæbjörsson.

Gísli Þórðarson.

Guðm. Jónsson

Kristofer Sturlason.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31 maí 1890 og innfært í landamerkiabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 136 bls 76  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
bókun                    – [kr] 25 [au]  
                                  1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Landamerkjabréf að jörðunum Efri og Neðri Vaðli á Barðaströnd (jarðir þessar eiga saman óskipt land).

Landamerki gagnvart Hamri:

1<sup>o</sup> Lína dregín úr Neðri-Nóngrund í Skyrkolluklett þaðan beina sjónhendíng í Jsfírðíngavörðu á Þórðarkinnarhöggi og þaðan beina línu í klettinn í jaðrinum á Kikafellinu. Allt miðað frá sömu vörðu. 2<sup>o</sup> Ur Reiðkrók eða öðru nafni Fúlakrók eptir honum sem hann ræður. Þaðan sem hann endar í beina sjónhendíng í Grundarhóla, sem myndar beina línu í Gvendarbrún og þaðan beina línu í Hvalkrók til sjáfar.

Landamerki gagnvart Krossi samkvæm lögfestu fyrir Vaðli fra 7 sept 1810: Eptir landamerkjunum að neðanverðu rennur lækur um svo kallaðar Krossurðir og í gegnum Ormínn; þaðan eptir holtunum ofan eptir Landamerkjalág ofan til sjáfar í Vaðalinn skammt fyrir utan Rjettarnes. Að ofan eru landamerkin þar sem Urðarlækur hefur upptök sín, þaðan þvert út á fjall í Gírðísbrekku og beint þaðan í Þverárkika; úr þeim kika í Hösuhlíðarvatn þaðan norður á fjallsbrún. Jtak er aðeins hálf selveiði í Selapælli [Selapólli] í Hagavaðli.

Staddur að Hamri 19 október 1889.

í umboði hreppsíns og Árna Bjarnasonar á Felli í Tálknafyrði Jakob Aþanasíusson oddvítí

Guðm. Jonsson vegna Hamars

Guðm. Jónsson vegna Hvamms.

Að því er jörðina Kross snertir, samþykki ég undirskrifaður landamerkíabréf þetta.

Brjánslæk 10 apríl 1890. Þorvaldur Jakobsson.

Lesið á manntalsþíngi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31 maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 137 bls 76-77 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Milli Skriðnafels og Holts

N.1. Eftir beinni línu frá vörðunni við merkjakrókinn sem liggur uppur Vaðlinum í vörðuna á holtinu sem kallast Miðvarða og úr vörðunni 12 álna leingd að steininum sem merktur er L M. og frá þessum steini eftir beinni línu að jarðpörtubjargi fyrir framan gorminn. bjargið er merkt L M. Þaðann liggja merkinn eptir skógargötu að Hrafnagili og eftir því á fjall upp.

2. Að utannverðu úr klukkum á klakksskerinn eftir beinni línu á línhamar þaðann eftir beinni línu á fjall upp og eftir sem vötnum hallar að Skriðafelslandi að upptökum Hrafnagils.

Skriðnafelli 8 október 1889.

Gísli Þórðarson.

G. Snæbjörsson.

fyrir hönd Holteigena Jakob Aþanasíusson.

Hreggstöðum 8 Október 1889.

Samþikt Einar. Jónsson. Bjarni Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31 maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 138 bls 77 vottar ALEFischer Sýslumaður.



Nr 139 (sjá veðmalabok bls 41)

Landamerkiaskrá fyrir jörðina Þverá í Barðastrandarhreppi í Barðastrandarsýslu.

Jörð þessi er að dyrleika 5,7 hundruð að nýju mati og er eign kirkjunnar að Brjánslæk. Jörð þessi greinist frá Brjánslækjarlandi með eptirfylgjandi landamerkjum: Þverá deilir löndin fjalls og fjöru á míllí allt uppi Þverárdalsbotn þá breytir áin nafni og heitir eptir það Mikladalsá og ræður hún merkjum svo langt sem hún nær. Þá eru merkin beín lína frá upptökum Mikladalsár i vestasta kikann hjá Máfavötnum; þaðan eptir hæðinni fyrir ofan vötnin og sjónhendíng í Grenjadalsbotn og eptir Grenjadalsá til sjáfar. Engín ítök eða hlunníndi á jörð þessi í landi annara jarða nje þær i hennar landi.

Brjánslæk 1 marz 1890

Þorvaldur Jakobsson prestur að Brjánslæk.

Samþykkir: eigandi 1/3 Brjánslækjar Sigíður Johnsen.

Lesið á manntalsþíngi að Vaðli í Barðarstrandarhreppi 31 maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 139 bls 77-78 vottar ALEFischer sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      – kr 75 au  
                  bókun        – [kr] 25 [au]  
                                  1 kr „ au

ein króna borgað Fischer







Nr 141 (sjá veðmálabók bls 41)

Landamerkjaskrá fyrir jarðirnar Auðshaug og Auðnir.

a, Míllí Auðshaugs og Hamars ræður bein lína dregin af sjó gegnum mítt Markhólmasund í svonefndan Markklett, en stendur efst á sjávarbakkanum; þaðan ræður markhryggur þar sem hann er hæðstur upp í svonefnda Markgjá í fjallinu og ræður hún síðan á fjall upp en þar eru merki sem vötnum hallar. b, Míllí Auðshaugs og Auðna ræður svonefnd Brúará frá sjó upp í svokallaða Dranga og þaðan beint á fjall upp svo langt sem Vötnum hallar. c, Þá tekur víð Auðnaland og nær að Þverá, sem ræður frá sjó upp í svokallað Krókavötn og þaðan fram í fjall eptir sem vötnum hallar. d, Þá tekur aptur við Auðshaugsland frá ofansögðum merkjum og allt að Skiptá; ræður hún frá sjó og allt til fjalls svo langt sem vötnum hallar og skilur Auðshaugsland frá Litlanesí í Múlasveit; heyrir þannig allur Kollafjörður að innanverðu undir Auðshaug eptir firsögðu. Engar jarðir eiga í lönd ofanritaðra jarða.

Flatey 10 dag maí mán 1889.

Jófríður Guðmundson (eígandi).

Fyrir jörðína Hamar samþykkir Jóhann Einarsson

Fyrir jörðína Litla Nes samþykkir fyrir Herdísi Benedíktsen Sigurður Jensson.

Lesið á manntalsþingí að Vaðlí í Barðarstrandarhreppi 31 maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 141 bls 78-79  
vottar ALEFischer Sýslumaður

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
    bókun              – [kr] 25 [au]  
                            1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Landamerkjaskrá jarðarinnar Siglunes liggjandi í Barðastrandarhreppi í Barðastrandarsýslu sem er eign Sjera Eiríks Kúld prófests í Stikkishólmi 20 hndr. að f.m. og eign Sauðlauksdalskirkju 10 hndr. að f.m og lysum við undirskrifaðir landamerkjum sem fylgir:

1) að utanverðu milli Siglunes og Sjöundár í Rauðasandshrepp eru landamerki eptir svokölluðu Stáli frá fjalli til fjöru.

2, að innanverðu milli Siglunes og Hreggstaða ræður svokölluð Nesá landamerkjum frá fjalli til fjöru. Ofanskrifuð jörð á eingin ítök í öðrum jörðum og aðrar jarðir eingin ítök í henni.

Siglunesi 8 Maí 1888.

í umboði eigandans Erlendur Kristiánsson

Sem sameigendur Sjöundaár samþykkjum vjer þessa landamerkjaskrá Sigluness

Ari Finnsson Ólafur O Thorlacíus.

I umboði eigandanna jarðarinnar Hreggstaða samþykkja

Einar Jónsson ábúandi Hreggstöðum Biarni Jónsson samastaðar ábúandi.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31 maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 142 bls 79 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
    bókun              – [kr] 25 [au]  
                            1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Nr 143 (sjá veðmálabók bls 41)

Landamerkjabryf að jörðinni Hamri á Barðaströnd millum hennar og Vaðalsjarða.

Þar ágreiningur hefur verið talsverður milli tjeðra jarða og merkjaskjöl ekki alveg samhljóða þá hafa allir viðkomendur orðið ásáttir um neðanrituð landamerki eptir leiðbeining ábúendanna. 1. Lína dregin úr neðri Nóngrund i Skyrkollaklett, þaðan beina sjónhendíng í Jsfirðíngavörðu á Þórðarkinnarhöggi, þaðan í sömu línu í stein á hæzta Viðirhvammshöggi og þaðan beina línu í klettinn í jaðrinum á Kikafellinu. Allt miðað frá sömu vörðu. 2. Úr Reiðkrók eða öðru nafni Fúlakrök eptir honum, sem hann ræður. Þaðan sem hann endar í beina sjónhendíng í Grundarhóla sem myndir beina línu i Gvendarbrunn og þaðan beina línu í Hvalkrök til sjáfar. 3. Milli Hamars og Hvamms. Frá Gvendarbrunni á fjall upp. Jtök eru aðeins hálf selveiði i Selapælli [Selapollí] í Hagavaðli.

Staddír að Hamri á Barðaströnd 21 sept 1889.

Fyrir hönd sveitarsíóðins í Barðastrandarhreppi Jakob Aþanasíusson oddviti

Og fullmektugur Árna Bjarnasonar á Kvígyndisfelli – sami –

E. Hálfðánarson. Jón Einarsson. Baldvin Jónsson. Runólfur Jónsson

Guðmundur Jónsson Hvammi.

Lesið á manntalsþíngi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 31 maí 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsyslu Ltr A sub Nr 143 bls 79-80 vottar ALEFischer systlumaður.

Borgun Þínglestr      – kr 75 au  
bókun                    – [kr] 25 [au]  
1 kr – au

ein króna borgað Fischer



Nr 144. (síá veðmálabók bls 44)

Landamerkjaskrá Jarðarinnar Sviðna í Barðastrandarsýslu.

1, Að innanverðu eru landamerki eptir miðjum flóanum á milli Sviðna og Kirkjuskers eptir beinni línu frá norðvestri til syðausturs.

2, Að norðanverðu: eptir miðju sundi á milli Skutlaskers og Axarskers og svo út midt Sviðnasund á milli Skáleyja og Sviðna.

3, Að sunnanverðu eptir miðju sundi á milli Austurskerja og norðurskerja og þaðan beint út eptir miðju sundinu millum Sviðna og Suðurlanda.

Aðrar jarðir eiga engin ítök í Sviðna landareign og Sviðnur engin ítök í öðrum jörðum.

Sviðnum 3 januar 1889.

Ólafur Teitsson eigandi að jörðinni Sviðnum

Jón prestur Jónsson ábúandi Staðar.

Sem eigari og ábúandi Skarðseignar J. Magnusen.

í umboði vegna Þorláks Bergsveinssonar og Frú Herdís Benediktsen Gísli Einarsson.

í umboði frú Katrínar Olafsdóttir og annara sem eiga í eign mína eða ábíli mínu samþykka B. Jonsson.

H. Eyólfsson (sem meðeigari) Guðmundur Jóhannesson Skáleyjum

Lesið á manntalspingi að Svefneyjum í Flateyjarhreppi 12 júní 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 144 bls 80 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      – kr 75 au  
bókun                    – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Landamerkjaskrá fyrir eyja jörðina Hvallátur í Eyjahreppi innan Barðastrandarsýslu 40 hndr.  
að fornu máli.

Fyrst að norðanverðu norðantil með norðasta Straumskeri, þaðan beina leið austnorðan til við Latrakobba sem er sker í austnorður af innri Látratöngum; þaðan beina leið í suður mitt á milli Borgarskers Latramegin en Skáleyjar Skáleyjamegin, síðan í landsuður austnorðan til við svonefnt Villusker og þaðan beina leið í landsuður átt í mitt þrætuklakkssund; þaðan beigist línán í austnorðurátt inn með svokölluðum Veiði-Hnúum mitt á milli þeirra og þrætuklaks í dýpsta sundið austnorðan til við þær millum þeirra og Fagureyjaskerja; svo beigist línán til útsuðurs út með áðurnefndum Veiðihnúum þartil hún beigist aptur í austur landsuður í svonefndan Landamerkja-boða, sem er í miðju sundinu í millum Kjalareyjarklappa og Kollhúuskers og landsuður fyrir Klápana í mitt sundið millum þeirra og Hróaldseyjarhólma; síðan beina sjónhending í suður útsuður út Sviðnasund og suður fyrir svonefnd Kópasker suður með þeim og allt útsuður fyrir Kobbaboða; þaðan liggur línán í háttnorður alla leið í dýpsta sundið millum Látrastrandahólma og Æðarskers og svo norður eptir í mitt sundið fyrir vestan Vörðeyjar; síðan beigist línán í þvernorður fyrir austnorðan Yxneyjar og í dypsta sundið fyrir austnorðan Hamarshólma í Svefneyjalöndum og beint vestur mitt þrætuklaks sund er liggur vestur úr vestan til við klakkinn; fyrir utan Sprókseyjar-Reiðar vestur eptir mitt á millum Lokaskers-boða og Svefneyja-klofnings, þaðan vestur fyrir Svörtusker og heilt vestur á Prestaflögu, þaðan beina sjónhending að norðasta Straumskeri; er þá komið að því sem upp var hafið. Innan þessarar línu eiga Látur allar þær eyjar hólma flögur og sker er hún um lykur, að óátöldu nú á þriðju öld þar að auki netlög og fiskhelgi eptir lögmáli réttu.

Flatey 27 maí 1889.

Eyjólfur E Jóhannsson (ábúandi í Flatey) (samþykkur)

Guðmundur Johannesson (ábúandi á Skáleyjum) (samþykkur)

Sigurður Jensson (ábúandi á Flatey) samþykkur.

Sigríður Johnsen eigandi að 1 ½ hndr. að f.m

Jon Bentsson eigandi að 2 hndr f.m.

Sigurður Jensson fyrir hönd frú H Benediktsons eiganda að 2 ½ hndr. að f.m.

Svenfeyjar 31 maí 1889.

Þorarinn Þorláksson eigandi að 8 hndr. að f.m og sem umboðsmaður fyrir hönd frú Katrínar Olafsdóttur og kaupmanns P. Thorsteinssons eiganda að 7 ½ hndr. að f.m.

H. Eyólfsson eigandi að 2 ½ hndr. að f.m. G Einarsson eigandi 2 ½ að fornu.

B Jónsson eigandi 1 hndr og firir hönd sera E Kúld eiganda að 7 ½ hndraði.

G. Jóhannesson ábúandi á Skáleyjum og 1 hndr. að f.m. í Látrum.

Snæb Kristiánsson eigandi að 2 ½ hndr. í Látrum.



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Lesið á manntalsþingi að Svefneyjum í Flateyjarhreppi 12 júní 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 145 bls 80-81 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Nr 146 (síá veðmálabók bls 48)

Landamerkiaskrá fyrir jörðina Bæ á Bæjarnesi.

1. að vestanverðu úr skjeri í Eingjavog í eingiskjeldu sjónhending í gylfastig<sup>1</sup> í brúninni og þaðan á fjall fram sem vötnum hallar.

2. að sunnanverðu frá gráum steini við sjóin í Deildargil.

Deildará 16 Maí 1888.

Samþykka eigandi Kletts Einar Ásgeirsson. Olafur Teitsson Eigendur Þórður Arason handsalað.

samþykki eigandi Kirkjubóls Jóhann Eyolfsson (handsalað)

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi 2 júní 1890 og innfært í landamerkiabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 146 bls 81

vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr	– kr 75 au
bókun	– <u>[kr] 25 [au]</u>
	1 kr 0 au

ein króna borgað Fischer

---

<sup>1</sup> Þetta orð er einkennilega skrifað. Önnur tillaga er gylfastreg.





Nr 147 (síá veðmálabók bls 48).

Landamerkjaskrá fyrir Kirkjuból á Bæjarnesi.

Landamerki að ynnannverðu er í parthjallagyl það renn ur frá fjalli til fjöru enn að utannverðu milli Bæar og Kirkubóls úr fjallsbrúninni so er lækur farvegur ofann af brúninni og ofann í dý fyrir neðann þar fyrir neðann er kelda sem nær til sjóar og eptir miðri keldunni skjer ofann til í vegnum. Þetta eru þaug landamerki er elstu menn til muna og þaug samþikkir eigandi jarðarinnar Jóhann Eyolfsson 2 júní 1890.

samþikkir fyrir Kvíjndisfjörð.

Guðm Jónsson Kvígýndisfirði

Einar Ásgeirsson Eigandi Bæ

Olafur Teitsson eigandi að nokkru í Bæ.

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi 2 júní 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 147 bls 81-82 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Nr 148 (sjá veðmálabók bls 48).

Landamerkjaskrá fyrir Svínanesi liggjandi í Múlahreppi ynnan Barðastrandarsýslu.

Landamerki á milli Svínanes og Selskerja, úr Standgili hinu minna og beyrna línu ofann í gamalt vörðubrot á Deyldartanga fremst og það beina stefnu fram á miðjan Skálfar fjörð, beygist þar stefnulína í krók út miðann fjörðinn og það mitt á milli Múlanes og hrúthólma og það beynt út fyrir Svínanes, beygist þá stefnulínann í austur fyrir framann Svínanes so lágnt frá landi að nemi fiskihelgi undan ista fjörumáli, heldur þá línann áfram mótis við miðann Kvygandisfjörð og þá í krók inn miðan Kvígandisfjörð á mótis við markgil beygist þá línan aftur í þverkrók í firnemt gil eftir sem gilið ræður neðan frá sjó og uppá hæðsta kjöl fjallsins og beyrna línu út fjallið í firnemt standgil.

Svínanesi 20 maí 1889.

Guðm. Guðmundsson umboðsmaður Þorunnar Einarsdóttir

Jón Jónss. ábuendur og eigandi

Vegna Sigríðar Magnúsdóttur samþykkir D Sch Thorsteinsson

Vegna Sigríðar Johnsen samþykkir Sigríður Johnsen

Fyrir kirkjujörðina Kvígyndisfjörð samþykkir Guðm. Jónsson umboðsmaður.

Fyrir jörðina Selsker samþykkir J. Þórðarson (umboðsmaður).

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi 2 júní 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 148 bls 82  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
    bókun              – [kr] 25 [u]  
                                    1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Nr 149. (sjá veðmálabók bls 49.

Landamerki jarðarinnar Selárdals eru þessi:

2 Að innanverðu milli Selárdals og kirkjujarðarinnar Neðrabæjar ræður áin sem rennur eptir dalnum fram á móts við Vatnahviltará sem úr því er landamerki uppí Vatnahviltarvatn, en að sunnanverðu móts við Krossadal skiptir Kálfudalsá löndum frá upptökum og í sjó fram. Í landi Selárdals á engin nein ítök en ítök kirkjunnar eins og þau eru upptalin í máldagabókum eru öll óátalin. Í heimalandi jarðarinnar eru auk hjáleiganna Kirkjujörðin Uppsallir og liggur land heimajarðarinnar að henni á alla vegi.

Til staðfestu undirskrifuð nöfn í maí mán 1890.

L. Benediktsson prestur í Selárdal

J Th Jóhnsen (eygandi að 7 ½ hndr. að f.m í efri Krossadal.

Jón Jónsson (Veile)

Við undirskrifaðir Eigendur að 7 ½ hndr. að fornu mati í Neðri jörðinni Krossadal

Fr Jónsson. Jón Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Fífustoðum í Dalahreppi 18 júní 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 149 bls 82-83  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
    bókun              – [kr] 25 [au]  
                            1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Landamerkjabref jarðarinnar Krossadal í Tálknafjarðarhrepp.

Jörðin Krossadalur á land milli Kálfadalsár (sem er í Kálfadal utantil við Krossadal og er á þessi landamerki milli Selárdals og téðrar jarðar) og að innanverðu Slút (stein – auðkendan innan til við svonefndan hól sem er innantil við Krossadal) og er því fyrnefndur Slútur landamerki milli Krossadals og Arnarstapa í tjeðri jörð Krossadal á eingin nein ítök heldur á hún ekki ítök í öðrum jörðum, jörðin á land til fjalls upp á kjöl að fjöllum sem að henni liggja.

Suðureyri í Tálknafyrði d 7 júní 1890.

J Th Johnsen (eigandi að  $\frac{1}{4}$  jarðarinnar

Þorleifur Jónsson (í umboði Joh. Þorunnar sistir sinnar) eigandi að  $\frac{1}{4}$ )

Jón Jónsson Veile (eig að  $\frac{1}{4}$ ).

Við undirskrifaðir Eigendur að 7 hndr. í neðri jörðinni Krossadal Fr. Jónsson. Jón Jónsson.

L. Benediktsson umboðsmaður fyrir Selárdal og Arnarstapa.

Lesið á manntalsþingi að Kvígyndisfelli í Tálknafjarðarhreppi 10 júní 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 150 bls 83  
vottar ALEFischer Sýslumaður

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Guðmundur Jónsson Fjárhaldsmaður Stóra Laugardalskirkju eygandi að hálfri eygninni Gjörir kunnugt: Að jarðir þær sem næst liggja Höfðadal og merki eyga saman er Norðurbotn í Botn í Tálknafirði að innan í austanverðu og eru merki milli nefndra jarða gamall merkjagarður á Höfðadalshlíð og liggja merki frá honum í sjó fram og svo eptir honum uppí svonefnda Hálsgötu þar sem hún (v: gatan) kemur uppá hálsin og svo upp „Botnahlyðarvegin“ og og uppá fjallið svoleiðis: að jörðin Höfðadalur á allan dalin Höfðadal, sem liggur upp frá bænum Höfðadal vestur yfir á fjall upp til þess vötnum hallar eptir fjallsbrúninni, sem er innan sunnantil við Höfðadalin. Að utanverðu við Höfðadalsjörðina liggur land jarðarinnar Lambeyrar og eru þar landamerki milli tjeðra jarða svokallað Höfðagil frá sjó og svo langt sem það nær uppá fjall en úr því það þrítur eru merkin eptir beinni sjónhending þar til vötnum hallar. Höfðadalsjörðin sem öll var 18 hndr. að dyrl og átti Stóra Laugardalskyrkja 13 hndr. en Jón Þorleifsson Jóhnsen 5 hndr. eptir gömlu mati en eptir jarðamatinu sem löggilt 1 apríl 1861 er jörðin er hjer um ræðir nú 12,9 á kyrkjan 9,3 en Johnsen 3,6 af dyrl. hennar á eingin ítök í annari jarðeygn og engin jörð ítök í Höfðadal. Framanskriðu til staðfestu undirskrifum við sem hlut eignar að máli nöfn vor.

Stóra Laugardal 19 dag júní mán 1889

Guðm. Jónsson (eigandi og umboðsmaður Stóra Laugardalskirkju)

Jón Þorleifur Johnsen eigandi 3,6 og eigandi að ½ Botni og fullmægtugur fyrir hönd eiganda ½ sömu jarðar.

Kristín Snæbjarnardóttur (eigandi og umboðsmaður Lambeyrar).

Lesið á manntalsþingi að Kvígyndisfelli í Tálknafjarðarhreppi 20 júní 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsyslu Ltr A sub Nr 151 bls 83-84 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Skrá yfir landamerki á jörðinni Lambeyri sem er 18 hndr. að fornu mati en 11 hndr. að nýju mati samanber jarðarmat 1861.

Landamerki á ofangreindri jörð eru þau er nú skal greina

1. Að utanverðu eru þessi landamerki: frá bænum á Lambeyri og út að Smælingjadalsá og það er áin segir frá fjalli til fjöru.

2. Að innanverðu eru þessi landamerki: heiman frá Lambeyrarbæ inn í Höfðagil sem rennur ofan Höfðann utantil frá fjalli til fjöru takmarkalaust eptir því sem farvegur gilsins til vísar. Að þetta sjeu rjett og áreiðanleg landamerki á ofangreindri jörð (Lambeyri) votta ieg undirskrifuð, sem síálf eigandi og ábúnadi ofannefndrar jarðar (Lambeyrar)

Lambeyri 14 dag júním 1890.

Kristín Snæbjarnardóttir (eigandi og umboðsmaður)

Jón Th Johnsen (eigandi Suðureyrar og 3,6 í jörðinni Höfðadal)

Guðm Jónsson (umboðsmaður Stóralaugardals kkju).

Lesið á manntalsþingi að Kvígyndisfelli í Tálknafjarðarhreppi 20 júní 1890 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 152 bls 84 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
bokun                    – [kr] 25 [au]  
                                  1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Landamerkjalyking Kollsvíkur í Rauðasandshreppi.

Landamerki Kollsvíkur eru að suðvestanverðu í á þá er rennur til sjáfar milli Kollsvíkur og Láganúps og eptir sem á þessi ligur í austnorður og allt að vegi þeim sem liggur suðaustan af Rauðasandi að Kollsvík yfir Kollsvíkurskarði; svo eru merkin eptir vegi þessum suðaustur yfir skarð þetta og eptir sem hann liggur upp Vatnadal og svo langt austnorður þartil vötnum hallar til Ørlygshafnar svo norðvestur fjallið eptir vatnhalla þó króksóttur sje norðvestur að gjá þeirri í norðanverðu Straumnesi fyrir austan Tistlingahrygg, sem kölluð er Sölmundargjá og eptir gjá þessari sem hún liggur til sjáfar. Kollsvík á engin ítök í annara jarða löndum og aðrar jarðir eða menn eiga engin ítök í landi Kollsvíkur en að Bæjarkirkja á Rauðasandi á 10<sup>du</sup> hverja vætt af hvölum þeim, sem þar kunna að reka eins og af hvalrekum á öllum öðrum jörðum í Rauðasandshreppi.

Landamerkjalykingu þessa undirskrifa hlutaðeigendur í júnímánuði 1889.

I umboði meðeiganda Kollsvíkur Ragnheiðar Gísladóttur og sem meðeiganda Láganúps og Granda Ari Finnsson.

sem meðeigendur sömu jarða S. Bachmann. O O Thorlacíus.

Sem meðeigendur Kollsvíkur Halldór Olafsson. Magdalena Halldórsdóttir

Sem eigendur Hænuvíkur undirskrifa. Ivar Jónsson. í umboði Arna Bjarnasonar B Pétursson.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1890 og innfært í landamerkiabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 153 bls 84-85  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
    bókun              – [kr] 25 [au]  
                            1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Landamerkjalyásing jarðarinnar Hvallátra í Rauðasandshreppi.

Landamerkin eru að sunnanverðu Saxagjá eins og hún liggur skyr upp frá sjó á Bjargbrún og eptir sömu stefnu svo langt norður sem vötnum hallar suður af fjallinu, síðan eru merkin norður eptir vatnshalla fyrir botn Látradals yfir Klofavörðu og svo vestur kjölinn eptir vatnshalla milli Látradals og Breiðuvíkur og vestur á Núp þann sem kallaður er Biarnarnúpur og í gjá þá í núp þessum, sem kölluð er Bjarnargjá og eptir henni til sjáfar. Hvallátrar eiga engin ítök í annara jarða löndum, en Bæjarkirkja á 10<sup>da</sup> hverja vætt af öllum þeim hvölum sem reka uppá Látraland. Sauðlauksdalskirkja á og eptir máldagabók Gísla biskups Jónssonar „LX sauðabeit til Látra um vetur og sölvafjöru fyrir VI manna íferð ítem bjarg tolllaust til fylglinga og eggja efra og neðra ítem skip tolllaust teinær og minni.

Landamerkjalyásingu þessa undirskrifa allir hlutaðeigendur.

Bæ 27 júnimanuð 1889.

Eigendur Hvallátra:

Ari Finnsson fyrir mig og eptir umbodi fyrir Gísla Jónsson á Skeiði.

Fyrir Árna Jónsson á Kvíndisfelli Á. Jónsson.

E J. Thoroddssen.

Sem eigendur Bæjarkirkju Ari Finnsson. S. Bachmann. O O Thorlacíus.

Sem eigendur Breiðuvík Fyrir hönd Gísla Jónssonar á Skeiði Ari Finnsson.

Sem meðeigendur Breiðuvíkur Olafur Olafsson Jón Gíslason.

Athugasemd Itak Sauðlauksdalskirkju til alls gagns af Látrabjargi að efra og neðra er að eins til fylglingar og eggja tolllaust.

Lesid á manntalsþingi að Tungu í Raudasandshreppi 15 júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Bardastrandarsýslu Ltr A sub Nr 154 bls 85-86  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
bókun                    – [kr] 25 [au]  
1 kr – au

ein króna borgað Fischer.





Nr 155 (sjá veðmálabók bls 50.

Landamerkjalyfing jarðarinnar Breiðavíkur samin í maí mánuði 1889.

Breiðavíkur landamerki að norðanverðu eru: J sker það undir svokölluðum Breið sem kallað er Landamerkjasker beint upp Breiðinn yfir Landamerkjahrygg svokallaðann og beint á fjall upp og svo eptir vatnahalla eptir kjöl þeim sem liggur milli Breiðuvíkur og Vatnadals og eptir vatnshalla milli Ørlygshafnar og Breiðuvíkur allt inni Brúðgumaskarð og svo eptir vatnshalla milli Keflavíkur og Breiðavíkur og enn eptir vatnshalla milli Látradals og Breiðuvíkur vestur á núp þann sem heitir Bjarnanúpur og í gjá þá, sem liggur beint ofan núp þennan til sjáfar og sem kölluð er Bjarnargjá. Svo á Breiðavík Bjargspart í Bjarginu sem að vestanverðu nær í vestari rönd Melalykkju beint frá sjó upp bjargið yfir miðjann Þorsteinshvamm á fjall upp svo langt norður sem vötnum hallar. En að austanverðu eru merkín milli Breiðuvíkur og Keflavíkur í Raufahrygg og sker það, sem ofanundan honum er í fjörunni og beint upp og norður á fjall svo langt norður sem vötnum hallar suður af fjallinu. Breiðavík á engín ítök í annara manna löndum og aðrar jarðir eiga ekki ítök í landi Breiðavíkur nema Bæjarkirkjan á 10<sup>da</sup> hverja vætt af hvölum þeim sem þar reka eins og af hvölum þeim sem reka annarstaðar í hreppnum.

Hjer undir skrifa hlutaðeigendur nöfn sín.

Vegna meðeigenda Breiðavíkur Gísli Jónssonar á Skeiði eptir umbodi frá honum og vegna Bæjarkyrkju á Rauðasandi og Látra. Ari Finnsson.

Sem medeigendur Breiðavíkur Olafur Olafsson og Jón Gíslason

S. Bachmann Olafur O Thorlacíus medeigendur Bæjar.

Sem meðeigendur Látra vegna Árna Bjarnasonar á Felli A. Jónsson og Einar Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Túngu í Rauðasandshreppi 15 júlí 1890 og innfært i landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A súb Nr 155 bls 86  
vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
bókun                    – [kr] 25 [au]  
1 kr – aur

ein króna Fischer



Miðbær á Siglunesi í Barðastrandarhreppi, bls. 86-87

Nr 156 (síá veðmálabor bls 51)

Landamerkjaskrá kirkjujarðarinnar „Miðbæjar“ á Siglunesi á Barðaströnd.

Jörðin Siglunes (öll) á land allt á milli Stáls að utan og Siglunesár að innan milli fjalls og fjöru. Að norðvestanverðu eru merkin eptir brún svonefndra Skarða. Af túni á „Miðbær“ flötina fyrir neðan bæinn með Hreggsnasa að merkjum í Grjótbrekkubrún að þeim litla lækjarskurði inn frá bænum og þvert út í bæjarlækinn, sem bærinn heldur; síðan liggja merkin frá tjeðum bæjarlæk út og ofan eptir vellinum sem marksteinar til vísa, beint í þann stein, er stendur á túngarðinum ofanvert við Túngarðsskarðið; ræður svo sá garður ofan í tindarfarveginn, en tindarfarvegurinn ræður þá inn að götunni í niðursetta marksteina; síðan deilir gatan ofan að traðarhlíðinni í þar settan markstein, þann sem traðargarðurinn heldur, allt að heimamannabúð. „Miðbæ“ tilheyrir Húströðin eptir hennar umgirðingu og partur að ofanverðu af Stormtröð eptir þeim marksteinum sem standa í þeim lága garði sem liggur inn frá Kringlutröð. Svokölluð Arabúð fylgir þessari jörð. Af útslægjum á „Miðbær“ þriðjung af svonefndum Ormi fyrir utan túnið og Brúnabrekku.

Sauðlauksdal 18 júní 1890.

Jónas Biarnason p.t umráðamaður „Miðbæjar“

Stykkishólmi 24 júní 1890

E Kúld eigandi að 2/3 af Siglunesi.

Samþykk að því er snertir 20 hndr. í eignar jörð minni Hreggstöðum.

Flatey 22 okt 1890

Jófríður Guðmundsson

L. Benediktsson eigandi 10 hndr í Hreggstöðum.

S. Bachmann eigandi að ½ Sjöundá

Ari Finnsson og Olafur O Thorlacíus eigendur að ½ Sjöundá.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli ~~30 maí~~ í Barðastrandarhreppi 30 maí 1891 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 156 bls 86-87 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
bókun                    – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer.



Landamerkjaskrá fyrir Jörðina Hvamm á Barðaströnd í Barðastrandarsýslu.

Að utanverðu milli Hvamms og Hamars eru merki beina sjónhendingu úr Grindarbrúnni til sjóar í Hvalkrók og er þar við sjó til merkja hlaðnar þrjár vörður. Á sama hátt eru merki úr Grindarbrúnni beina sjónhending til fjalls – framhaldandi af sjónhendingarlínunni frá sjó. Að innanverðu milli Hvamms og Rauðsdals eru merki úr svokölluðu Langanefi uppí fjallinu beina sjónhending úr því ofan eptir garðmóti sem glöggst sjest fyrir ofan eptir Rauðkollshrygg og í uppsett merki á bökkunum Sem eru þrjár litlar vörður hlaðnar hver uppaf annari, og úr þeim beina sjónhending til sjóar. A fjöllum uppi ræður vatnshalli að Hvammslandi. Í jörðinni eiga engir ítök.

Til staðfestingar undirritað sumarið 1890 í umboði eiganda Hvamms Guðm. Jónsson (ábúandi á Hvammi).

E J Thoroddsen eigandi að efri Rauðsdal.

Fyrir hönd Arna Bjarnasonar og sveitarsjóðsins vegna Jakob Aþanasíusson.

Guðm. Jónsson Hamri.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 30 maí 1891 og innfært í landamerkiabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 157 bls 87-88 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
    bókun              – [kr] 25 [au]  
                                 1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Tungumúla í Barðastrandarshreppi í Barðastrandarsýslu, eign Hagakirkju 16 hndr. að dyrleika eptir nyju mati.

Merki milli Kross og Tungumúla er Mórudalsá þar sem hún fellur saman við Arnarhylisá fyrir neðan vörðuhólma í Hagavaðli; eptir Morudalsá að Kerlingardalsá, eptir Kerlingardalsá að Hösuhlíðará eptir Hósuhlíðará að Hósuhlíðar vatni og eptir því sem vötnum hallar að Túngumúlalandi útað tjörn þeirri í fjalldalnum, sem Arnarbælisá hefur upptök sín og eptir Arnarbælisá endi langri þangað sem hún fellur saman við Morudalsá í Hagavaðli fyrir neðan vörðuhólma. Jörð þessi á engin ítök í öðrum jörðum, nje aðrar jarðir í henni.

Flatey í júlím. 1890.

pt. J. Guðmundsson

Jakob Þorsteinsson.

Sem umráðamaður Kross samþykkir Þorvaldur Jakobsson

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 30 maí 1891 og innfært í landamerkiaskrá Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 158 bls 88 vottar ALEFischer Sýslumaður

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Landamerkjaskrá jarðarinnar Sauðeyja í Barðastrandarhreppi innan Barðastrandarsýslu.

1.<sup>o</sup> að sunnanverðu skilur svokallaða Sauðeyaátt (er liggur frá hafi) austur úr honum midt sundið milli flötufloðu og útboða og beint í austur mitt í milli Kiðhólma og loftsboða og inneftir því sundi miðja millum díratinds og Prestskerja

2.<sup>o</sup> að austanverður skilur mitt sundið milli díratinds og prestskerja og beint í austnorður milli Suðurskerja og oddleifseyar og þá til norðurs eptir miðjum flóanum milli Hestskjers og æðarskjersboða og svo norður á miðjann flóann milli æðarskjers og Hamarseya.

3.<sup>o</sup> að norðanverður skilur miðurfloinn millum æðarskjersboða og Eingeyar og svo vestur eptir miðju Sundinu millum Rauðsdalshólma og sauðaness og svo í vestur mitt á milli Sauðeyar og Arnórstaða og midt milli Rauðsdalsklaufar og Glænefs.

4.<sup>o</sup> að vestanverður skilur midt sundið millum Glænefs og stórfiskaskjers og beigist svo til suðvesturs mitt á milli Glænefs og Hagadrapskerja og mitt á milli Selaboða og Hagadrapskerja og svo í beinni lýnu út Breiðafjörð til Hafs. Allar þær eyar og skjer stór og smá sem eru innan framanskriafaðrar landamerkjalyngu tilheira eya jörðinni Sauðeyum. Itök er Sauðeyum fylgja í öðrum jörðum er Skógarhögg til eigin nota svokallaðri Vatnsdalsmörk og er það í þeim hluta er Hagakirkju tilheyrir; engar jarðir eiga ítök í Sauðeyum.

Hergilsey 23 dag Maímánaðar 1885.

Jón Guðmundsson (Kaupmaður á Flatey).

Framanskriafaðri Landamerkjaskrá er eg samþykkur firir mig og sameigendur mína að Hergilsey. Hergilsey 23. maí 1885. Kr. Jónsson.

Framanskriafaðri landamerkjaskrá er eg samþykk að því er viðkemur bændaeygninni 1/3 af jörðinni Brjánslæg. Flatey 22 sept. 1890 Sigríður Johnsen

Framanskriafaðri landamerkjaskrá er eg samþykkur að því er viðkemur jörðinni Arnórstöðum. Brjánslæg 25 sept. 1890. D. Sch. Thorsteinsson.

Framanskriafaðri landamerkjaskrá er eg samþykkur að því er snertir „beneficium“ Brjánslægjar. p.t. Haga 27 sept. 1890. Þorvaldur Jakobsson.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 30 maí 1891 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 159 bls 88-89

vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr      – kr 75 au  
                  bókun        – [kr] 25 [au]  
                                  1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Landamerkjaskrá fyrir efri Rauðsdal á Barðaströnd í Barðastrandarsýslu.

Að innanverðu milli efri Rauðsdals að utan og neðri Rauðsdals að innan skilur Rauðsdalsá til fjalls og fjöru. Að utanverðu milli Rauðsdals og Hvamms eru merki úr svokölluðu Langanefi uppi í fjallinu beina sjónhendíng úr því eptir garðmóti því sem gjörla sjest fyrir ofan eptir Rauðkollshrygg í uppsett merki nl 3 hlaðna (smáa) vörður á bökkunum. Úr fyrnefndu Langanefi eptir sömu stefnu og fyrr til fjallsbrúnar og á fjalli uppi eptir sem vatni hallar að Rauðsdalslandi. Sömuleiðis úr fyrnefndu merkí á bökkunum beint til sjóar. J jörðinni eíga engír ítök eins og líka Rauðsdalur á eingín ítök í annara löndum.

Framanrituð landamerki samþykkja undirritaðir staddír að Hvammi – 1890.

pp. G. J. Thoroddsen eigandi efri Rauðsdals Eiríkur Eíríksson.

Fyrir hönd eiganda Hvamms í (eptir) umboði þeirra Factors Björns Sigurðssonar á Flatey og fr. Guðrunar Jónsdóttur á Látrum Guðm. Jónsson.

Valgerður Þorleifsdóttír eigandi að 10 hdr í neðri Rauðsdal.

Fyrir hönd barna Stefáns sál Benedictssonar sem eiga 8 hdr í neðri Rauðsdal L. Benediktsson

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 30 maí 1891 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýlu Ltr A sub Nr 160 bls 89  
vottar ALE Fischer Sýslumaður.

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer.



Skjaldvararfoss í Barðastrandarhreppi, bls. 89-90

Nr 161 (síá veðmálabók bls 52.)

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Skjaldvararfoss (Skjallandafoss) á Barðaströnd í  
Barðastrandarsýslu.

Að utanverðu milli Litluhlíðar og Skjaldvararfoss eru merki beina sjónhending úr merkjaskurði yfir Grástein í 2 steina uppí hlíðinni. Sjónhendingin heldur áfram fyrir ofan brún í Kjöl upp að ofan eptir kjölnum í hina síðarnefndu Fossgjá. Að innanverðu milli Múla og Skjaldvararfoss (Skjallandafoss) eru merki eptir merkjagarði þeim hinum nýja, er þar byggist nú í sumar og á næstu árum, skal honum framhaldið beina sjónhending til fjalls eptir stefnu úr miðri Skjaldvör og í Merkjagarð hinn forna, innanvert við svokallaða Hóla í stort skarð í fjallinu sem nefnt er Fossgjá; á sama hátt ræður merkjum til sjóar bein sjónhending eptir hinum nýja merkjagarði yfir fjöruna og í miðja Skjaldvör og síðan á sæ fram.

Hagakirkja á samkvæmt máldaga Vilchins biskups „áttung í hvalreka á Skjallandafossi“, eigi eru önnur ítök í jörðunni, nje á hún ítök í öðrum jörðum. Þannig eru landamerki tjeðrar jarðar samþykkt og skrásett sumarið 1890.

Jófríður Guðmundsson eigandi Múla og Hagakirkjueigna.

Bergsveinn Þorkelsson, eigandi að  $\frac{3}{4}$  þörtum Skjaldvararfoss.

Eigandi  $\frac{1}{4}$  parti í Skjaðvarafossi Guðbrandur Guðmundsson.

Eigandi að  $\frac{1}{3}$  parti í Litluhlíð M Snæbjörnsson eigandi að parti úr Litluhlíð.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandarhreppi 30 maí 1891 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 161 bls 89-90 vottar ALEFischer Syslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
                                 – [kr] 25 [au]  
                                 1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Landamerki Jarðanna Litluhlíðar og Miðhlíðar að utanverður: klakkur á svokölluðu hliðarskeri og eptir beinni línu í fossin á Fossá og Milli Litluhlíð og Jörð Foss að innanverðu 2 steinar hver nyður undir öðrum á hlíðinni í svokölluðum landamerkjateig og eptir beinni línu í svokallaðan grástein niðri á mírönnum og frá hönum beint til sjávar.

Geirseymi 20 maí 1890.

M. Snæbjörnsson.

G Guðmundsson.

Vigfús Erlindsson.

Bergsveinn Þorkelsson.

í umboði Ekkjufrú S. Jónsson á Flatey Jakob Aþanasíusson.

Lesið á manntalsþingi að Vaðli í Barðastrandsrhreppi 30 maí 1891 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 162 bls 90 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
    bókun              – [kr] 25  
                                 1 kr „ au

ein króna borgað Fischer





Nr 163 (sjá veðmálabók bls 55).

Landamerkjaskra Jarðarinnar Selskerja í Múlasveit:

1, Að utanverðu millum Svínanes og ofanskriafaðrar í gamalt vörðubrot í deildartúngu þaðan bein sjónhending í minna stand gyl.

2, Innanverðu í Leitisá sem rennur frá fjalli til fjöru.

Jörð þessi á ekki ítök í öðrum jörðum né aðrar jarðir í henni.

Fyrir hönd jarðeiganda Guðm. Guðmundsson

fyrir Svínanes samþykkir J. Þórðarson (umboðsmaður

Fyrir Illugastaðir samþykkir að því leyti sem landamerkjaskrá þessi er samhljóða áður þinglesinni landamerkjaskrá fyrir Illugastaðalandi

Flatey í júní 1890

pp. J. Guðmundsson Björn Sigurðarson

Lesið á manntalsþingi að Vattarnesi í Múlahreppi 2 júní 1891 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 163 bls 90-91 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr – kr 75 au

bókun – [kr] 25 [au]

1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Landamerkjaskrá Eyjajarðarinnar Skáleyja í Flateyjarhrepp innan Barðastrandarsýslu.

Austast af Skáleyjalöndum er Axarskjer, austantil við það er tekin lína í þvernorður, innan til við allar Skáleyjahleinar sem kallaðar eru, norðan til við Skarfaklett (hann er norðasta skér í Skáleyjalöndum) þaðan í vestur útnorður norðan til við Sölfaskjer og Miðleiðarskjer og vestur fyrir þau, þaðan í suður landsuður, vestan til við Þorkelsey, Búlkey og hennar skjer, vestan til við Skásey og hennar skjer, þaðan í suður í þrætuklakkssund, þaðan í austur, inn undir Fagurey, þá í útsuður með Fagurey og út fyrir kollskvíaskjer þaðan í landsuður innundir Fagureyjarskjer og vestur með þeim og suður fyrir þau og vestantil við alla Hróaldseyjarhólma, þaðan í suður vestan til við Hróaldsey og suður fyrir hana, þaðan í austnorður inn allt Sviðnasund, sunnan til við svokallaða Boða og sunnan til við Axarskjer og í línu þá sem fyrst var talin. Innan þessarar línu eiga Skáleyjar allar þær Eyjar flögur og skjer er hún umlykur, þar að auki netlög og Fiskhelgi eptir lögmáli rjettu.

Skáleyjar eiga engin ítök í öðrum jörðum og aðrar jarðir eigi heldur í Skáleyjum.

Skáleyjum 20 maí 1885

Vegna frú H. Benediktssen Reykjavík Eiganda O. Guðmundsson.

Guðmundur Johannesson ábúandi og eigandi.

Vegna frú Katrín Olafsdóttir á Bíldudal Eigandi G Jóhannesson.

Svb Magnússon Eigandi.

H Eyjólfsson (eigandi).

ofanrituðum landamerkjum erum við samþykkir sem eigendur og ábúendur að Látrum.

Þorarinn Þorláksson.

Gísli Einarsson.

Bergsveinn Jónsson.

S. Kristiansson.

Svb. Magnusson.

H. Eyjólfsson,

Fyrir hönd S. Jóhnsen eiganda á 2 ½ hndr. að f.m í Látrum Sigurður Jensson.

Lesið á manntspingi að Svefneyjum í Flateyjarhreppi 12 júní 1891 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 164 bls 91

vottar ALEFischer Sýslumaður

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
bókun                    –[kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna Fischer



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS



Trostansfjörður í Suðurfjarðarhreppi, bls. 91-92  
Nr 165 (sjá veðmálabók bls 64)

Landamerkjaskrá Jarðarinnar Trostansfjarðar liggandi í Suðurfjarðarhreppi í Barðastrandarsýslu sem er eign undirskrifaðra J Th Johnsen bónda á Suðureyri og Guðmundar Jónssonar bónda á Haukabergi. Jörðin er öll 30 hundruð að fm og lysum við undirskrifaðir eigendur landamerkjum sem fylgir: 1, að utanverðu milli Trostansfjarðar og Reykjarfjarðar á Trostansfjörður land til fjalls og fjöru í svonefndann brunnahrigg á Sunnhlíð og í gjötu þar upp af í fjallinu á brún. 2, Að innanverðu milli Trostansfjarðar og Sperðlahlíðar á Trostansfjörður land í svokallað Kýrgíl í ófærunesi alla leið á brún og allt sem vötnum hallar að Trostansfyrði. Jörðin á eingín itök í öðrum jörðum en Otradalskirkjá á skógarhögg í henni (samkv. kyrkjumáld.)

Haukabergi 5 maí 1891.

J Th Johnsen (eígandi)

Guðm. Jónsson (eigandi),

Sem umboðsmaður á hálfum Reykjarfyrði er samþykkur ofanritaðri landamerkjalyásing. Hlaðseyri 11 maí 1891 B Pétursson.

Fyrir hönd Kr. Oddsonar eiganda að hálfum Reykjarfirði samþykkir Jón Jsleifsson (ábúandi)

Fyrir hönd prestsínns að Rafnseyri samþykkir Þórður Þorsteinsson (ábúandi á Sperðlahlíð).

Lesið á manntalsþingi að Otrardal í Suðurfjarðahrepp 16 júní 1891 innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A Sub Nr 165 bls 91-92 vottar ALEFischer Sýslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
    bókun              – [kr] 25 [au]  
                            1kr „ au

ein króna borgað Fischer



Sperðlahlíð á land að Kýrgili sem greinir land hennar og Trostansfjarðar. á hinn veginn að Kollagötu sem greinir land hennar og Botns.

Rafnseyri 1 nóv. 1890.

Prestur að Rafnseyri Þorsteinn Benediktsson.

Guðm. Jónsson (Eigandi hálfis Trostansfj.)

J Th Johnsen. (Eiganandi ½ Trostansfj.)

Lesið á manntalspingi að Otrardal í Suðurfjarðahreppi 16 júní 1891 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 166 bls 92 vottar ALEFischer Syslumaður.

Borgun Þinglestr      – kr 75 au  
    bókun              – [kr] 25 [au]  
                            1 kr „ au

ein króna borgað Fischer



Nr 167 (síá veðmálabók bls 66).

Landamerki jarðarinnar Bakka í Tálknafirði eru þessi

1. Að utanverðu Sellátraá frá upptökum til sjóar

2, Innanverðu áin Stegla þartil Kambgil svokallað rennur í hana en úr því skiptir það gil löndum allt uppá fjallsbrún.

Ítök á jörð þessi engin í öðrum jörðum, enda eiga engar jarðir nein ítök í hennar landi. Þessu til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn.

Bakka í júní mán 1890.

Guðm. Gíslason eigandi að 12 hundr að f.M, í Innri Bakka.

Valgerður Þorleifsdóttir, sem ásamt börnum sínum er eigandi að Ytri Bakka og Hólum samtals 18 hdr að fm.

Árni Bjarnason.

Lesið á manntalsþingi að Kvígyndisfelli í Tálknafjarðarhreppi 20 júní 1891 og innfært í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr A sub Nr 167 bls 92 vottar ALEFischer Sýslumaður

Borgun: Þinglestr – kr 75 au  
bókun – [kr] 25 [au]  
1 kr „ au

ein króna borgað Fischer

Mjer sýnd 24./6. '94. Magnús Stephensen.



Eftir að við undirritaðir jeg Bjarni Þórðarson frá Reykhólum nú til heimilis í Reykjavík og jeg Snæbjörn Kristjánsson bóndi í Hergilsey innan Barðastrandarsýslu höfum nákvæmlega yfirvegað og skoðað gömul landamerkjaskjöl jarðanna Reykhóla og Hlíðar, báðar í Reykhólahreppi innan Barðastrandarsýslu í svokölluðum Heyárdalsbotni:

Görum við svofelldan samning að hjer eftir skuli landamerki tjeðra jarða vera úr sunnanverðu Rjúpnafelli í svokallaðan fremri Steinboga og þaðan eftir miðjum Mjófadall, svo hjer eftir skal vera óátalið Hlíðarland, allur hálfur Mjófidalur að norðan sem vötnum hallar, ásamt öllu því landi, sem er fyrir framan áminnstan Steinboga og áður var notað frá Hlíð í mörg ár til slægna og beitar, og eru því brjef þau, sem annað greina um landamerki tjeðra jarða, en hjer segir úr gildi feld með brjefi þessu.

Þessu til staðfests ritum við nöfn okkar í tilkvadds votts nærveru.

Reykjavík 21. júlí 1900

Snæbjörn Kristjánsson

Bjarni Þórðarson

Vitundarvottur

Kristinn Daníelsson



Skrá um landamerki jarðanna Sveinseyrar og Eyrarhúsa í Tálknafjarðarhreppi í  
Barðastrandarsýslu innbyrðis

1. Á túninu eru merkin svo að segja bein upp og ofan, túngarðanna á milli, eftir gömlu garðmóti, sem liggur upp og ofan fyrir neðan götuna, sem gengið er eftir á milli bæjanna, hjer um bil miðja vegu milli þeirra, eða heldur utar og í trjehæl, sem rekinn er niður nokkuð ofan við tjeða götu. Á Sveinseyri allt tún fyrir utan en Eyrarhús fyrir innan tjeða merkjalínu, samkvæmt því, sem túngarðurinn tilvísar á aðrar hliðar.

2. Engjaland á Sveinseyri frá Álftadalsá að utan, inn að beinni línu sem er framhald af túnmerkjunum, upp á brekkubrúnina, sem er fyrir ofan túnin, og út eftir brekkubrúninni, eftir gömlu garðmóti mjög óglöggu, sem þar er, út að svonefndum „Kaldalæk“, sem rennur ofan fyrir innan Sveinseyrar hesthúsin, sem standa upp á brekkunni fyrir ofan Sveinseyrabæjinn, og eftir þeim læk („Kaldalæk“) til fjalls. Á milli þessara fyrnefndu lína á Sveinseyri allt land niður að fjöru að utan og túninu að innan, og svo hátt upp sem slegið verður. En aftur á Eyrarhús allt land frá fyrgreindri innri merkja línu inn að merkjunum; sem eru á milli þessara jarða beggja annarsvegar og jarðarinnar Hóls hinsvegar, sem tilgreind eru á merkjaskrá, dagsettri 2. dag júnímánaðar 1886 og þinglesin á manntalsþingi að Kvígyndisfelli 7. s. m., og svo innfærð í landamerkjabók Barðastrandarsýslu Ltr. F sub N<sup>r</sup> 88 bls. 49, svo hátt sem slegið verður, og niður að túni að utanverðu og að beinni línu úr innra og neðra túngarðshorninu til fjöru, þar sem styst er til hennar að innan, og með henni (fjörinni) inn að merkjum. –

3. Oddann, beitarland allt: (á hliðinni, Álftadal og ofan í engjarnar) og fjöru alla (þar með talin „rifin“) eiga báðar jarðirnar Sveinseyri og Eyrarhús sameiginlega þannig: að Sveinseyri á  $\frac{3}{4}$  – þrjá fjórðu – hluta þess en Eyrarhús  $\frac{1}{4}$  – einn fjórða – hluta. –

Sveinseyri og Eyrarhúsum 1. okt. 1901

Jóhannes Þorgrímsson eigandi Sveinseyrar

Kr. Kristjánsson eigandi Eyrarhúsa

Vottar:

Þorsteinn Árnason

Gestur Jónsson





Landamerkjaskrá jarðarinnar Auðhrísdalur í Suðurfjarðahreppi innan Barðastrandarsýslu.

1. Að utanverðu eru landamerkin, á milli Auðahrísdals og Hvestu (Hestár) í svo kallaðan Gölt (Klett sem stendur ofan til í fjörunni nokkuð fyrir utan Auðahrísdal), og þaðan beina leið til fjallsbrúnar og svo eptir fjalli eptir vatnshalla.

2. Að innanverðu á milli Auðahrísdals og Bíldudals eru landamerki í svokallaðann Bana (Klett, sem stendur ofan til í fjörunni), og þaðan beina leið til fjallsbrúnar, og svo eptir fjalli eptir vatnshalla.

Aðrar jarðir eiga ekki ítök í landi þessarar jarðar og jörð þessi á heldur engin ítök annarsstaðar.

Bíldudal, 30. desember 1905.

Eigandi að Auðahrísdal Þorkell Magnússon

Ofanrituðum landamerkjum eru við samþykkir.

Fyrir hönd Bíldudalsverzlunarlóðar Hannes B. Stephensen & C<sup>o</sup> Hannes B. Stephensen.

Fyrir hönd eigenda að jörðinni Fremri-Hvestu Magnús Friðriksson

Þinglesið á manntalsþingi á Bíldudal 20/6 1906 cfr. J. 4. G. Björnsson



Landamerki fyrir jörðinni Ingunnarstöðum í Geiradalshr.

Frá sjó ræður Geiradalsá upp að ármótum, frá ármótum ræður Gautsdalsá upp að yfra (sic) Djúpugrófarhorni.

Að framanverðu milli Ingunnarstaða og Gautsdals eru landamerki úr Gautsdalsá upp í ytra Djúpugrófarhorn í vörðu þar, úr þeirri vörðu eftir beinni línu í tvær vörður hver fyrir ofan aðra á Rípunum í Øngulgil í brúninni. Á milli Ingunnarstaða og Tinda eru landamerki úr Øngulgili ofanvert í brúninni í vörðu á hálsbrúninni utanvert við gilið, úr þeirri vörðu eftir beinni línu í Nikurborg úr Nikurborg eftir beinni línu í Kerlingu, úr Kerlingu eftir beinni línu í Straksheiði á sjávarbökkunum. Merki til sjávar eru eins og lög ákveða.

Ingunnarstöðum 6. júní 1916

Samson Gunnlaugsson, eigandi jarðarinnar

Kristín Þórarinsdóttir, eigandi Tinda

Helgi Helgason, eigandi að 5/6 af Gautsdal

Guðjón Jónsson f. h. hreppsnefndarinnar / sveitrsj sem eiganda að 1/6 úr Gautsdal.

Þinglesið á manntalsþingi Geiradalshrepp 14. júlí 1916

G. Björnsson.



Nr. 172.

Litra P. nr. 324.

Kaupsamningur.

Jeg undirritaður sel hjermeð herra Sumarliða Guðmundssyni á Gróustöðum, part af jörðinni Gróustaðir í Geiradalshreppi, sem er eign mín að 3/8, Bjarneyjar systur minnar að 3/8 og Ólafssonar í Reykjavík – sonar Bjarneyjar – að 2/8.

1. Jarðarpartur þessi er seldur í því ástandi, sem hann er í, og með þeim húsum og mannvirkjum, sem á partinum eru og við höfum átt á honum, og með eftirgreindum landamerkjum:

2. Að innan ræður Gróustaðaá frá sjó til upptaka hennar fram í Árdalsbotni gengt Garpsdalsnjófallabungu, en að utan frá svo nefndum Jöklastöðum beina línu í sjó, eftir upphlöðnum merkjum, svo aftur frá Jöklastöðum upp Hryggi eftir upphlöðnum merkjum í svonefnda Skál í fjallsbrúninni vestanvert við Húsmænir, frá Húsmænir fram hraumbrúnina í Bakkasnjófallabungu og þaðan suður í Gróustaðaá. . . . .

Til staðfestu eru eiginhandarnöfn kaupanda og seljanda undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta

Króksfjarðarnesi 19./6. 1937.

Jón Ólafsson

Vitundarvottar:

Ragnh. Grímsd.

Arnór Einarsson



Ár 1937, föstudaginn 10. september Kl. 15 var landamerkja réttur Barðastrandarsýslu settur á Hvammeyri í Tálknafirði og haldinn af sýslumanni Jóhanni Skaptasyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að halda réttarhald út af ágreiningi um landamerki milli jarðanna Lambeyri og Hvammeyri í Tálknafjarðarhreppi.

Var þá gengið á þrætustaðinn og kom eigandi Lambeyrar þangað. Sættust báðir jarðeigendur á það, að landamerki milli Lambeyrar og Hvammeyrar í hvamminum innan við Hvanneyri, skyldu vera þar sem dómarinn og Árni Gunnar Þorsteinsson ákvæðu, eftir að þeir hefðu mælt 100 faðma frá Hrafnagili, inneftir hlíðinni. Var það síðan gert og var staðurinn ákveðinn inn á bakkanum við sjóinn ca. 105 föðmum innan við Hrafnagil. Var þar til bráðabrgðar settur steinn. Upp við hlíðina, við efstu slægju var ákveðinn stór steinn í svipaðri fjarlægð frá Hrafnagili og skyldi bein lína milli þessara tveggja staða vera landamerkjálína milli nefndra jarða í slægjuhvaminum innan við Hvammeyri. Steinninn í hlíðinni er stór og á hlið hans, er að sjó veit, eru höggvir stafirnir L. M. Landamerki nefndra jarða, ofann við slægjuhvamminn sem Lambeyri á, skal vera bein lína dregin frá áður nefndum merktum steini, ofan við slægjuna, inn á stein á barmi gils þess, sem liggur ca. 190 faðma innan við Hrafnagil og sem ræður <sup>landa</sup>merkjum, að innan milli nefndra jarða, til fjalls.

Það varð ennfremur að samkomulagi að Þorsteinn Þorsteinsson póstur, sem viðstaddur var, sem vitni, skyldi festa járnhæla í steininn á gilbarminum og steinninn sem merktur er með stöfunum L. M, en á bakkann við sjóinn skyldi hann steypa steinstólpa með járnbolta í og samþykkti hann það. Lofuðu aðiljar að greiða hvor helming kostnaðar við að setja merki þessi, eftir reikningi, sem dómarinn samþykkti.

Fleira ekki fyrir tekið. Rétti slitið.

Jóhann Skaptason

Á. G. Þorsteinsson

Jón B. Ólafsson

G. K. Bárðarson

Vottar

Þorsteinn Þorsteinsson

Ólafur K. Ólafsson



Með því að í landamerkjaskrá Barðastrandarsýslu er engin skrá um landamerki milli jarðanna Arnórsstaða og Brjánslækjar í Barðastrandarhreppi, og að undanfögnu hefir af þeim ástæðum ríkt nokkur óvissa um legu þeirra, þá höfum við undirritaðir, ég Guðmundur J. Einarsson, bóndi og umráðamaður Brjánslækjar og við Bjarni Gestsson og Karl Andersen eigendur og ábúendur Arnórsstaða, eftir að hafa kynnt okkur álit gamals fólks og gömul skjöl um þetta efni, gert með okkar sætt um það, að landamerkin milli téðra jarða skuli vera: „Um gil það á Arnórsstaðahlið, sem liggur niður með utanverðri svokallaðri Kerlingu, sem er klettadrangur í fjallinu, og neðst úr gilinu til sjávar niður um miðja skriðu þá, er úr gilinu hefir fallið.“

Teljum við, að landamerki þessi komi heim við merki þau milli téðra landa, sem tilgreind eru í afsalsbréfi fyrir Arnórsstöðum gerðu í Saurbæ árið 1547 og prentuð er: Íslensku fornbréfasafni, XI bindi bls. 594, þar sem fram er tekið, að landamerkin séu „Kerlingarskriða“.

Framanskráðu til staðfestu eru eiginhandarnöfn aðila rituð í votta viðurvist.

Gert að Brjánslæk, 11. september 1944.

Guðmundur J. Einarsson

Bjarni Gestsson

Karl Andersen

Vottar að rettri dagsetningu og undirskriftum:

Gísli A. Magnusson

Hákon J. Kristófersson

Snú við

Ráðuneytið samþykkir framangreind landamerki

Reykjavík, 13. okt. 1944.

Gústaf A. Jónasson. Dómsmálaráðuneytið.

Mótttekið 25/10. '44 kl. 13. Innfært í afsals- og veðmalaregistur Barðastrandarsýslu Litra S. nr. 256 til þinglýsingar á næsta manntalsþingi Barðastrandarhrepps.

Jóhann Skaptason Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu.

Gjöld:

Stimpilgj. kr. 1.40

þinglýs.gj. [kr.] 4.20

Samtals kr. 5.60

– Fimm krónur 60/100 – Greitt. J. S.



Við undirrituð eigendur jarðarinnar Hafrafells í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu Guðmundur Erlendsson, Hafrafelli I og Hulda Palsdóttir, Hafrafelli II, sem eigum sinn helming jarðarinnar hvort, höfum komið okkur saman um, að skipta jörðinni með svofelldum skiptagjörð:

I.

Tún jarðarinnar eru skipt með hinum sömu merkjum og gilt hafa, sem eru nú fremri (austar) hliðstaur ofan við bæinn og þaðan bein lína um símastaur og áfram í laust vestan við gráan jarðfastan stein neðan við túnbrekkuna.

Tilheyrir fremri (eystri) hluti túnsins jarðarhelmingi Guðmundar Hafrafelli I.

II.

Ræktunar landi jarðarinnar er skipt samkvæmt eftir farandi merkjalínu:

Áframhaldandi bein lína sem skiptir túninu, sem um getur í lið eitt í hrausavörðu á vestustu melholunni á Gildru holtsmel og þaðan bein lína í vörðu á syðri-háhnjúk Gildra holts og þaðan sjón hending í Geitararós.

Hið sama gildir um túnið, að jarðar helmingi Huldu Hafrafelli II, tilheyrir fremri (eystri) hlutinn, en Guðmundi Hafrafelli I. ytri (vestari) hlutinn.

Skal eiganda hvors ræktunar landsins um sig vera vera heimilt að girða af samfellt landsvæði til ræktunar og sérbeitar, allt að þrjátíu og fimm ha. hvorum, sín megin við merkjalínuna meðan beitalandi er enn óskipt.

III.

Hlunnindi jarðarinnar, hverju nafni sem nefnast skulu vera óskipt, en hver ábúandi kosti nytjun þeirra að sínum hluta.

IV.

Réttur ábúandi hvorrar jarðarinnar fyrir sig til beitar í landi jarðanna utan hinna afmörkuðu svæða, sem um ræður í I og II er óskiptur.

Skal svo vera meðan Guðmundar Erlendssonar nýtur við, og framvegis á meðan ábúendur beggja jarðanna óska að svo sé, enda hafa báðir þann rétt að jöfnu. Verði síðar af öðrum hvorum ábúanda jarðarinnar krafist skipta á beiti landi jarðarinnar skulu eftir farandi merki taka gild.

Merkjalínur þær, sem ákveðnar eru í lið II. og auk þeirra þessar:



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

Lína úr fremri hliðstaur upp fellshlíðina og í stærsta blettinn í fellsbrúninni ofan og innan við bæinn og þaðan bein lína í kotgil þar sem það sker vestur brún fellsins og þaðan eftir gilinu til sjávar.

Hafrafelli, 25 sept. 1960.

Guðm. Erlendsson (sign)

Hulda Pálsdóttir (sign)

Vottar:

Jens Guðmundsson (sign)

Jatvarður Jökull Júlíuss. (sign)

Móttakið 8/10 '60 kl. 10. Innfært í afsals- og veðmálaregistur Barðastrandarsýslu Litra Ö nr. 386 til þinglýsingar á næsta manntalsþingi Reykhólahrepps.

Ari Kristinsson sýslumaður Barðastr.sýslu

Gjöld:

Stmpilsgj. Kr.

Þinglgj. [kr.] 37.50.

Þrijátíu og sjö kr. 50/100- gr. A.K.